

# ALASKA.

---

## LÝSING

A LANDI OG LANDS-KOSTUM,

ÁSAMT SKÝRSLU INNAR ÍSLENZKU SENDINEFNDAR.

---

U M

## STOFNUN ÍSLENZKRAR NÝLENDU.

---

EFTIR

JÓN ÓLAFSSON,

FORMANN ALASKA-FARARINNAR 1874, M. M.

---



WASHINGTON, D. C.

1875.

*Govt. Printing Office.*

**ALASKA.**

**LÝSING**

**A LANDI OG LANDS-KOSTUM,**

**ÁSAMT SKÝRSLU INNAR ÍSLENZKU SENDINEFNDAR.**

**UM**

**STOFNUN ÍSLENZKRAR NÝLENDU.**

**EFTIR**

**JÓN ÓLAFSSON,**

**FORMANN ALASKA-FARARINNAR 1874, M.M.**

**WASHINGTON, D.C.**

**1875.**

## TIL LANDA MINNA.

Langan formála fyrir lítilli bók skal ég ekki rita.

Það, sem ég vildi sérlega taka fram hér, er það: að það er **ekki** tilgangr minn með riti þessu, að hvetja fólk til útflutninga af Íslandi alment, eins og hver og einn getr séð, er les síðari hlut kvers þessa; heldr **að eins**: að benda þeim, **er á annað borð ætla** að flytja vestr, á þann stað, er ég ætla **þeim sjálfum** og **þjóðerni** voru bezt hentan. Hins vegar hefi ég álitid það skylt að verja réttmæti útflutninga.—Það er, ef til vill, eins hentugt fyrir lesandann, að lesa **fyrst** síðari hlut kversins: "Um stofnun isl. nýlendu."

Höfuðrit það, er ég hefi við stuðzt, er: "**Alaska**, and its resources. By Wm. H. Dall, Director of the Scientific Corps of the late W.U. Telegraph Expedition. Boston. 1870." (xii + 628 bls. stórt 8<sup>o</sup> með myndum og korti.) Auk þessa hefi ég yfir farið og lesið í vetr yfir 100 bæklinga, rit og blöð um Alaska eða að því lútandi meira og minna.

Ég kann öllum þakkir, er hafa stutt mig í samningi bæklingsins, um fram alt mínum ógleymanlega vini Marston Niles, Esq., lögfæðingi í New York, fyrrum foringja í sjóhernum; þar næst inum ágæta vísinda-manni og fræga Alaska-fara W.H. Dall, og eins yfirstjóra strandmælinga-skrifstofunnar, og öllum öðrum, er mér hafa lið og aðstoð sýnt,—að ég ekki nefni hér sérstaklega, hve þakklátan ég finn mig við Forseta Banda-ríkjanna og sjóliðs-ráðherrann og ráðherra inna innlendu mála.

Ef nokkuð gott leiðir af bók þessari, þá er það mest öðrum að þakka, en mér, og hefi ég þó lagt í sölurnar fyrir mál þetta það lítið, er mér var unnt. En guð veit ég hefi gjört það í góðum tilgangi, og að ég tel mér þá fullu launað, ef árangrinn mætti svo blessast löndum mínum sem ég ann þeim bezt.

Ritað í febrúar-mán. 1875,

*Washington, D.C.*

JÓN ÓLAFSSON.

## TIL MINNIS.

1 fet enskt = 135.115 Parísarlínur.

1 fet danskt = 139.13 Parísarlínur.

1 míla ensk = 5280 ensk (= 5127 dönsk) fet.

1 míla dönsk =  $4 \cdot 1164 / 1709$  enskar mílur.

1 jarðmíla = 1 dönsk míla =  $1/15$  mælistigs (af miðbaugi).

1 "knútr" (*knot*) = 1 míla, 885 fet, 6 þuml. enskir. ["Knútr" = sjómíla ensk.]

30 knútar (hér um) = 34.75 mílur enskar.

1 samfella (*league*) = 3 knútar.

1 □ jarðmíla = 21.16 □ mílur enskar.

→ Lesarinn ætti jafnan að hafa í hug, að **hérumbil** er:

1 míla dönsk =  $4 \cdot 2/3$  enskar mílur.

6 knútar = 7 enskar mílur.

1 samfella = 3 knútar.

1 □ míla dönsk = 20 □ mílur enskar (liðugar).

1 dollar (\$1.00) er 100 cent. Þá er punktr sker tvo stafi aftan af tölunni, táknað það dollara fyrir framan, en cent fyrir aftan punktinn; t.d.: \$175.50 þýðir 175 doll. og 50 cent; \$10.00 þýðir tíu dollara og engin cent. \$1.00 í gulli gengr oftast um 3 krónur, 67 aura (þ.e.: 11 mörk); en pappírsdollar um 3 krón. 33 aura (þ.e.: 10 mörk) í dönskum peningum.

→ Grœnuvíkr-baugr liggr  $18^\circ 9' 23''$  austar, en Ferró-baugr. (Grœnavík = *Greenwich*.)

**EFNI.** (Blaðsíðunúmer eiga við bæklinginn).

ALASKA.	bls.
I. <b>Kaflí: Landlýsing</b> [1. Takmörk.—2. Höf.—3. Firðir og flóar.—4. Eyjar og eyja-klasar.—5. Strendr og hafnir.—6. Fljót og ár.—7. Hafstraumar.—8. Fjallgarðar.—9. Stærð Alaska.]	1.—8.
II. <b>Kaflí: Um sögu landsins</b>	8.—9.
III. <b>Kaflí: Innlendir þjóðir</b>	9.—10.
IV. <b>Kaflí: Loftslag og gróðr</b> [Inngangr.—1. Yukon-fylki.—2. Aleuta-fylki.—3. Sitka-fylki.—Ályktar orð.]	10.—21.
V. <b>Kaflí: Steina og málma tegundir</b> [Um jarðar-fræði.—Steinar og málmar o.s.frv.]	22.—24.
VI. <b>Kaflí: Fiskiveiðar</b>	25.—26.
VII. <b>Kaflí: Loðskinn, dýraveiðar o. fl.</b> [Inngangs-orð.—1. Sæ-otr og þelselr.—2. Land-dýr.—3. Fleira bjargræði.]	26.—27.
VIII. <b>Kaflí: Skýrsla innar íslenzku sendinefndar</b> [Cooks-flói.—Kadíak.—Niðrlag.]	28.—33.

UM STOFNUN ÍSLENZKRAR NÝLENDU.	
I. <b>Siðferðislegt réttmæti vestrifara</b> [Frá sérstaklegu (íslenzku) sjónarmiði.—Frá almennu sjónarmiði.]	37.—42.
II. <b>Nauðsyn íslenzkrar nýlendu</b> [Tvens konar vestrifarar.—Ytri og innri (andleg) nauðsyn nýlendu.—Þjóðernisást.]	42.—43.
III. <b>Landval</b> [Kröfur, er gjöra verðr til nýlendu-stæðis.—Heimfærsla þeirra.]	44.—46.
IV. <b>Niðrlag</b> [ <i>Praeteritum</i> : Hvað gjörzt hefir í máli þeu.— <i>Praesens</i> : Annmarkar á Alaska.— <i>Futurum</i> : Hvað verða má.]	46.—48.

# ALASKA.

## I. KAFLI.

### LANDLÝSING.

#### 1. Takmörk.

Alaska nefnist vestasti og nyrzti hluti meginlands Norðr-Ameríku; er það skagi allmikill og gengr til vestrs frá landareign Breta.—Banda-ríkin eiga nú landið.—Norðan að Alaska liggir Íshafið nyrðra, en að vestan liggur Bærings-sund (Bering Strait) og Bærings-haf (Bering Sea), en að sunnan Norðrhafið Kyrra (North Pacific Ocean); að austan er Alaska áfast við meginlandið og taka þar að eignir Breta. Landið er þannig girt sævi á þrjá vegu.

Þar sem mætist Alaska og eignir Breta, eru in nákvæmari takmörk þannig: Alaska nær svo langt suðr að austan, sem nemr til syðsta tanga eyjar þeirrar, er nefnist Vala-prinz-ey (Prince of Wales Island), en það er á  $54^{\circ} 40'$  norðrbreiddar og nær  $132^{\circ}$  vestrlengdar (frá Grœnuvík); felli svo beina línu til austrs í mynni fjarðar þess, er Portlands-fjörðr (Portland Channel) nefnist, en svo norðr á við þaðan inn eftir miðjum firði miðmunda milli beggja landa, á fram til  $56^{\circ}$  norðrbreiddar; en þaðan skal línu draga til norðrs og vestrs samfara ströndinni (*parallel* með ströndinni fram), svo að hvergi sé skemra né lengra en 10 samfellur (30 sjómíllur) til sjávar, og mælt frá fjarða-botnum; skal þessari línu þannig fram halda unz hún kemr á Elías-tind (Mount St. Elias); skér hún þar 141. mælistigslínu vestrlengdar (frá Gr.) og skal hún þaðan af falla saman við þessa mælistigslínu í hánorðr alt í Íshaf út—og er þetta takmarkalína Alaska-lands og Bretlands-eigna.

Takmörkin í hafi að vestanverðu milli Asíu og Alaska eru þannig: Stinga skal mælipunkt í Bærings-sundi á  $65^{\circ} 30'$  norðrbreiddar og  $169^{\circ}$  vestrlengdar (frá Gr.) og verðr það miðvega milli Ratmanoff-eyjar og Krúsenstern-eyjar, láti svo línu fylgja hádegisbaug til norðrs í Íshaf út; dragi svo beina línu í suðr og vestr frá þeim inum sama punkti, þá er falli miðvega milli Lafranz-eyjar (St. Lawrence Island) og suðr-höfða Chukotski-skaga í Síberíu, og sker hún þar  $172^{\circ}$  vestrlengdar (fr. Gr.); en frá þeim punkti, þar sem in síðast nefnda lína sker  $172^{\circ}$ , skal enn hefja nýja línu og stefna meira í vestr en suðr, svo að hún falli miðvega milli eyjanna Attou og Kopar-eyjar (Copper Island) unz hún sker  $193$ . mælistigalínu vestrlengdar (fr. Gr.), og mynda þá línur þær, er svo eru dregnar, sem nú hefir fyrir sagt verið, endimörk heimsálfanna á þessu svæði, svo að Asía á land alt fyrir vestan, en Alaska fyrir austan.

#### 2. Höf.

Af þeim höfum, er að Alaska liggja, er miklu stærst haf það, er kallað er Norðrhafið Kyrra (North Pacific Ocean), en það er norðrhlutr úthafs þess ins mikla, er liggur milli Austrálfu og Vestrheims, og nefnist það einu nafni Kyrra-Hafið (Pacific Ocean; The Pacific).

Sá hlutr hafs þessa, er liggr fyrir norðan 56° n. br. milli Kadiak-eyjanna að vestan og Alexanders-eyja að austan, nefnist Alaska-flói (Gulf of Alaska).—Fyrir vestan Kadiak-eyjar er talið að Norðrhafið Kyrra nái að Alíaska-skaga og að eyja-kraga þeim inum mikla, er gengr í boga frá suðrtá Alíaska-skaga alt vestr undir Asíu-strendr og nefnist einu nafni Aleuta-eyjar.

Bærings-haf (Bering Sea) liggr milli Alaska og Asíu fyrir norðan Aleuta-eyjar.

Þaðan má sigla gegn um Bærings-sund (Bering Strait) norðr í Íshafið nyrðra (Arctic Ocean).

### 3. *Firðir og flóar.*

Alaska er alt mjög vogskorið; segir nokkuð gjörr frá því hér á eftir, er lýst er ströndunum. Hér skal að eins nefna ina stærstu flóa.

Þar sem saman kemr landsuðrhorn Alaska og Bretlands-eignir gengr Portlands-fjörðr (Portland Channel) inn í landið til landnorðs; eiga Bretar land fyrir austan og sunnan, en Alaska fyrir vestan. Þessi fjörðr gengr inn úr Norðrhafinu Kyrra.

Norðr af Kadiak-eyjum gengr skagi mikill í sjó suðr og heitir Kenai-skagi. Fyrir austan hann er breiðr flói, og nefnist Chugāch-flói (Ch. Gulf)<sup>[1]</sup> en öðru nafni Vilhjálms-flói (Prince William Sound), og er það hentara nafn. Cooks-flói (Cooks Inlet) gengr í landnorðr fyrir vestan Kenai-skaga. Það er geysi-mikill flói: 180 knúta langr eða 200 knúta, ef með er talinn fjöðr sá, er gengr austr úr botni hans; mynnið er 50 knúta breitt; en breiðastr er hann þar, sem Chugāchik-fjörðr gengr austr úr honum, en Kamishak-vík vestr; það er skamt fyrir innan mynnið; þar verðr hann 150 knúta breiðr. Þessir flóar ganga inn úr Alaska-flóa.

Fyrir vestan Alíaska-skaga gengr inn úr Bærings-hafi mikill flói og stór, og heitir Bristol-flói (B. Bay). Þar fyrir norðan gengr Kouloulak-vík (K. Bay); þar fyrir norðan Kuskoquim-fjörðr (K. Bay); út í hann fellr Kuskoquim-fljót. Austr af Lafranz-ey gengr stórmikill flói inn í landið og kallast Nortons-grunn (Norton Sound); norðr og austr úr því gengr annar flói minni og heitir Nortons-flói (N. Bay). Þessir eru stærstir flóar, er skerast inn í landið úr Bærings-hafi.

Úr Íshafinu skerast inn í útnorðrhorn landsins flói sá, er Kotzebue-grunn (K. Sound) nefnist. Suðr úr því gengr Góðrarvonar-flói (Good Hope Bay) og nokkrir smærri firðir.

[Um firði og flóa sbr. "5. Strendr og hafnir" hér á eftir.]

### 4. *Eyjar og eyja-klasar.*

Út af Portlandsfirði liggr allstór eyja sunnan við fjarðar-mynnið; heitir sú Karlottu-ey og eiga hana Bretar; þá ey eiga þeir nyrzta við Kyrra-Hafs-strendr. Norðr af henni liggr Valaprinz-ey (Prince of Wales Island); milli þeirra er sund það, er Dixons-sund heitir. Þar norðr af liggr klasi mikill eyja, og heita Alexanders-eyjar einu nafni; til þeirra telst Valaprinz-ey. Auk hennar má af þeim nefna Baranoff-ey og Chichagoff-ey; fyrir norðan Chichagoff-ey, milli hennar og meginlands, gengr Cross-sund.

Austr af Alíaska-skaga milli 151° og 158° vestrlengdar (fr. Gr.) er eyja-klasi, og heita Kadiak-eyjar (Kadiak Archipelago) eftir stærstu eyjunni, Kadiak. Um þá ey mun síðar gjör talað í bæklingi þessum, því þessar eyjar verða að nokkru leyti höfuðinntakið í miklum hlut hans. Milli Kadiak og Alíaska-skaga gengr Shelikoff-sund. Norðr af Kadiak liggir Afognak; hún er nokkru minni.—Eyjaklasi nokkur minni liggir í suðr og vestr frá Kadiak-eyjum, en austr af suðrtá Alíaska-skaga, og heita Shumagin-eyjar. Þar er fiskafli beztr í heimi.

Fram af Alíaska-skaga liggir Unimak-ey, og Ófæru-sund (Fals Pass) milli hennar og meginlands, og eyja-klasi þar vestr og suðr af, suðr að Amukhta-sundi (172° vestrl. fr. Gr.), og eru kallaðar Fox-eyjar; eru meðal þeirra Unalaska og Umnak-ey. Eldfjöll eru á sumum af eyjum þessum. Gegn um sundið fyrir sunnan Unimak-ey er bezt leið fyrir skip að sigla inn í Bærings-haf.—Vestr frá Amukhta-sundi og vestr að 180° vestrlengdar eru eyjar þær, er nefnast Andreanoffskei-eyjar; þær eru um 30 talsins.—Frá 180° til 185° vestrl. er enn eyja-klasi, og heita þær eyjar Rottu-eyjar eðr Völsku-eyjar (Kreési); þeirra er stærst Rotta eðr Rottu-ey (Kreésa).—Fyrir vestan 185° og vestr fyrir 187° vestrl. liggja eyjar þær, er Blijnie-eða Blizhni-eyjar heita.

Þessir 4 eyja-flokkar: Fox-eyjar, Andreanoffskei-eyjar, Rottu-eyjar og Blizhni-eyjar, nefnast allar saman einu nafni Aleuta-eyjar.

Fyrir vestan Aleuta-eyjar, í norðr og vestr frá Blizhni-eyjum, eru Formanns-eyjar (Kommandórski Islands). Þær liggja nær 193° vestrl. og á 55° norðrbreiddar. Þeirra austust er Kopar-ey (Copper Island); en Attou er vestust af Blizhni-eyjum; falla takmörk Alaska og Asíu miðvega milli eyja þessara, svo að Kopar-ey og inar aðrar Formanns-eyjar teljast með Asíu.—Formanns-eyjar og Aleuta-eyjar og Shumagin-eyjar, það er: alt eyja-beltið frá 158° til 195° (vestrl. fr. Gr.) kallaði Forster ferðalangr (1786) einu nafni Katrínar-eyjar (Catherina Archipelago) eftir Katríni annari Rússa-drotning. eru þær stundum svo nefndar á eldri bókum.

Í Bærings-hafi verða fyrst fyrir Pribyloff-eyjar; þær eru fjórar; tvær inar stærri heita Páls-ey (St. Paul Island) og Girgis-ey (St. George Island). Þar er þelselr mikill<sup>[2]</sup>.—Norðr af Pribyloff-eyjum eru Mapeifs-eyjar, og eru þrjár, en Mapeifs-ey (St. Mathew's Island) stærst. Allar eru þær fjöllóttar og óbygðar hrjóstugar og óbjörgulegar. Nokkrir Rússar voru þar eftir skildir 1816, til að safna selskinnum um vetrinn; fórust þeir úr harðrétti. Hinsegin segja þó hvalveiða-menn, og leggja trúnað á, að Mapeifs-ey sé full af hvítabjörnum. Fyrir því kalla sjómenn hana Bjarney (Bear Island). Eigi rekr hafis að mörkum suðr fyrir Mapeifs-eyjar, og aldrei svo mikið, að nokkurn tálma gjöri siglingum, enda eigi um hávetr.—Væri lína dregin frá Thaddeus-höfða (á Kamchatka-ströndum) til Mapeifs-eyja, og þaðan austr og suðr í tangann norðan við Bristol-flóa, þá markar sú lína fyrir því sviði, er hafis rekr lengst í suðr.—Austr frá Mapeifs-eyjum er Núnivak-ey; gengr Etolin-sund milli hennar og megin lands. Núnivak er allstór eyja, en eigi er hún könnuð enn.—Í norðr frá henni er Lafranz-ey (St. Lawrence Island) og er vestr af Nortons-grunni.—Í Bærings-sund miðju liggja eyjar þær tvær, er Diomedes eru kallaðar. Takmarka-lína Asíu og Alaska liggir miðvega milli þeirra. Heitir sú eyjan, er Asíu heyrir og Rússar eiga, Ratmánoff eðr Imáklit, en hin, er Alaska heyrir, heitir Krúsenstern eðr Ingáliuk.



## 5. Strendr og hafnir.

Alaska er land mjög vogskorið og eyjum þakið hafið með ströndum fram umhverfis landið. Hér er ekki rúm til að rita neitt það, er lýsing megi heita, hve stutt sem vera skyldi, á ströndum landsins, höfnum og sundum; heldr verður hér að drepa að eins á fátt eina á svæðinu umhverfis Alaska-flóa, einkum á það, er þýðing getr haft að þekkja fyrir þá, er vilja gjöra sér hugmynd um Kadiak-eyjar sem nýlendu-stað; en allr Alaska-flói liggr bezt við siglingum og samgöngum frá Kadiak á sjó.

Það eru eitthvað 1100 eyjar í klasa þeim, er ber nafnið Alexanders-eyjar. Nokkrar hafnir eru á landinu upp af Alexanders-eyjum og eru þar Bandaríkja-vígi (Forts; United States military posts). Sund eru óteljandi milli eyjanna og flest skipgeng, svo að aðalsamgönguvegur af náttúrunnar hendi er þar sjórinn; kvað mega koma við hvar sem vill á ströndum eyjanna og landsins og fara frá einum stað til annars innan um þær allar án þess að stíga föti á land. Syðsta og austasta höfn í Alaska er á 54° 46' n. br. og 130° 35' v.l. fr. Gr.; heitir hún Tayakhönsiti Harbour; þar er þorp eitt og búa þar Tongas-Indiánar; þar er og Bandaríkja-vígi, er Tongas heitir (United States military post of Fort Tōngas); það var reist 1867.—Þá er skógr var höggvinn til að fá timbr til virkis-gjörðarinnar, voru þar feld gul Sedrus-viðar-tré (yellow cedar), átta feta að þvermáli. Eyjar þessar eru fjöllóttar og hálendar, og hlíðarnar þaktar inum ágætasta viði, þeim er beztan getr, frá sjávar-máli og upp eftir alt að 1500 fetum yfir sjávar-mál.—Á 55° 27' n. br. og 132° 01' er sögð höfn góð og innsigling auðveld. Þar eru gnægtir of inum bezta viði.—Norðan og vestan til á Wrangel-ey er höfn sú, er nefnist Etolin Harbour á 56° 31' 30"; þar er Banda-ríkja vígi og heitir Fort Wrangel; þar eru kola-námar og gnægd timbrs.—Á Baranoff-ey er þorp það, er Sitka heitir. Þar var landstjóri Rússa meðan þeir áttu landið. Þar eru hafnir góðar, önnur vestanvert, en hin austanvert á eyinni, báðar góðar, en in eystri þó betri. Sitka stendr undir fjalli því, er Vostövia heitir; það er 3216 feta hátt og er á 57° 03' 23" n.-br. og 135° 12' 57" v.-l. fr. Gr. 1867 voru þar 968 íbúar í bænum, og voru 349 þeirra Rússar, en hinir Indiánar og kynblendingar eðr Kreólar; svo nefnast afkvæmi þau, er Rússar gátu við innlendum konum í Alaska. Þar var þá stjörnu-hús, kyrkja og spítali. Hús eru flest öll bjálka-hús (log-houses) og steind daufgulum lit. Kyrkjuturninn er steindr grænum farfa og svo á lit sem steinn sá, er emeraldus heitir, (það er fémætr steinn). Svo segir Dall Alaska-fari, að þá er hlíðarnar þaktar myrkgrænum skógi og grösugar eru í framsýni, en bærinn í násýni, að sjá úr vestrhöfninni, þá sé þar fagrt yfir að líta og svo einkennilegt, að hvergi muni neitt sviplíkt geta annars staðar í Ameríku.—Sögunarmylla var í nánd við bæinn og gekk með eimkrafti. Baranoff-ey má heita ókönnuð enn að mestu; er jarðvegur svo mýrlendr og skógar svo þykkir, að torveldlegt þykir og eigi háskalaust að kanna eyna. 1867 var um 1000 manns á eyinni, þriðjungur Rússar, en hitt kreólar og Indiánar. Mjög er vætusamt á öllum eyjum þessum; en þá er sól sér og góðviðris-dagar eru, kvað land vera ið fegrsta á að líta og alþakið þéttum skógi milli fjalls og fjöru; er útsýni og landslag víða ið yndislegasta.<sup>[3]</sup>

Hafströndin vestr frá Cross-sundi og vestr að Vilhjálmss-grunni (eðr Chugāch-flóa) er sæbrött og öll viði vaxin, vogskorin mjög, smáfirðir og fjöllótt að, en samstaðar langir firðir, mjóir og þröngir. Eigi er þorskr í þeim öllum, en nóg heilagfiski (fliðrur 10 fjórðunga og yfir það) og als konar tegundir af laxi og silungi, svo öll vötn eru af þeim krök og kvik. Fjöllin eru 5 til 6 þúsund feta há og alþakin þéttum skógi; en skógarnir eru fullir af als konar berjum. Þar eru fjölmargir birnir, refir, íkorn, merðir og margt annara dýra.

Vilhjálmss-grunn er ádr nefnt; það skerst inn fyrir vestan 146° v.-l. fr. Gr. og nær botninn vestr að 149°. Milli þess að austan og Cooks-flóa að vestan liggja nes eitt breitt og mikið og fjöllótt, og heitir Kenai-skagi. Vilhjálms-grunn er þakið eyjum stórum og smám, en firðir skerast úr því í landið inn á alla vegu. Merkastar eyjanna eru: Montagu, Hinchinbrook, Knight og Hawkin. Eyjarnar í Vilhjálms-grunni og strendrarnar umhverfis það eru þaktar ágætum skógi. Rússar höfðu þar skipgjörðar-stæði, þá er þeir áttu landið, og gjörðu þar mikinn fjölda skipa. Veðráttan er þar óblíðari á vetrum og kaldari, en á ströndunum suður og austr af. Þó er ávalt allr snjór upp tekinn í júní. Fiskur kvað þar nægr og timbr ið ágætasta; ber vaxa þar margvísleg og korntegund þarlend, Elymus (melr?), og gnægð bauna vex þar af sjálfu sér vilt.—Innuít-ar eru þar víða; það fólk er sama ættarnis sem Grænendingar, og segir gjör frá því síðar.

Kenai-skagi er vogskorinn mjög á allar síður. Sumstaðar eru þar hafnir góðar. Fjöll eru há á skaganum og sumstaðar jökull efst; en þar fyrir neðan, niðr fjalshlíðarnar og undirlendið slétta fyrir neðan, er alt þakið þéttum skógum og stórum, og er víðr þar góðr. Eyjar eru nokkrar með ströndum fram. Syðsti höfði skagans og vestasti heitir Elizabetar-höfði; gagnvart honum að vestan er Douglas-höfði. Í mynni flóans milli höfðanna eru eyjar þær, er Bersvæðis-eyjar (Barren Islands) heita, klettóttar og gróðrlausar; má inn sigla beggja vegna eyjanna. Austanmegin skerst inn úr Cooks-flóa Port Chatham rétt fyrir norðan Elizabetar-höfða; þar upp af er byggð sú, er Alexándrowsk heitir; norðar skerst inn Grahams-fjörðr (Port Graham) eðr öðru nafni Engla-höfn (English Harbor); þar fyrir norðan er Chugāchik Bay; þar er höfn góð undir Kolhöfða (Coal Point). Þar er gnægð steinkola; þau eru með inum beztu að gæðum og lagið 7 feta þykkt. Kola-lag þetta hygg ég að liggja í jörðinni með allri austrströnd Cooks-flóa. Það kemr fram aftr við Akkerishöfða (Anchor Point), og enn aftr fyrir norðan hann. Ég sá hvervetna kol í jörð í bökkunum norðr af Nikulásar-vígi, er ég skoðaði og tók sýnishorn af. Lagið var þunt þar, en ég hefi ástæðu til að ætla að það verði þykkvara, er fjær dregr; en við höfðum engin fong né tíma til að kanna það. Undan Nikulásar-vígi er höfn og kölluð St. Chrysostom Harbour, en það þýðir Gullmunns-höfn; þar lág skip vort, er vér dvöldum að Nikulásar-vígi. Höfnin er rétt undan mynni Kaknu-fljóts, og er gullsandr í fljótinu; er því réttnefni þó höfnin sé kölluð Gullmynnishöfn. Þessa megin Cooks-flóa er graslendi mikið, einkum er upp undir fjöllin dregr, en skógar ágætir á undirlendinu. Víðast er útfiri mikið við strendr.—Að vestan er undirlendi minna, en land gott; þar eru færri hafnir.

Þá er Cooks-flóa sleppir, er suð-austr-ströndin á Alíaska-skaga hlykkjótt, óslétt, sumstaðar hálf-hrjóstrug, en víðast, einkum syðst, frjólend, vaxin grasi og viltum korntegundum, mestan part skóglaus, nema smákjarr, skorin óteljandi fjörðum, víkum, vogum og þrongum sundum, meiri og minni. Víða er hún klettótt, einkum nyrzt Helzti fjörðr, er ég hirði hér að greina frá, er Katmai-fjörðr í beint vestr að kalla frá norðrhöfða Kadíak-eyjar. Á vatni einu skamt þar frá finst steinólía, og flýtr hún sem þykk brá á vatninu. Sýnishorn af henni var færft efnafröðingunum við **Smithsonian Institution** og rannsökuðu þeir hana. Hafi sýnishornið verið trútt, þá er olía þessi betri en öll sú olía, er finst í austr-rikjunum, með því hún logar fult eins vel, er eins drjúg, en hefir þann eiginleik, að hún er eigi hraðkveyk (*explosiv*); en þann eiginleik fær in venjulega steinólía fyrst við hreinsun af mannavöldum.

Milli Kadíak-eyja og meginlands liggja Shélikoff-sund. Svo er að sjá, sem eyjar þessar sé að jarðmyndun til framhald fjall-beltis þess, er myndar Kenai-skaga, enda þótt breitt hafsund liggja þar á milli. Klettarnir eru líkir, og lögunin, jarðmyndunin og stefnan yfir höfuð sú sama.

Hvervetna þar, sem heldr er í skjóli fyrir veðrum, eru eyjarnar vaxnar miklum, fríðum og ágætum skógi. Og á þessum eyjum og ströndum Cooks-fjarðar er mikið af inu bezta yrkingarlandi; haglendi er ei unt betra að kjósa, en það er hér getr. Á dögum Rússa var byggð hér eigi all-lítill og var í rauninni á Kadíak-ey aðalaðsetr allrar Alaska-verzlunarinnar. Höfuð-þorp eyjarinnar er nefnt St. Paul eðr Páls-borg, en stundum *City of Kadíak* þ.e. Kadíaks-borg. Páls-borg er að flestöllu merkari miklu, en Sitka, eða var það að minsta kosti meðan Rússar áttu landið; enda liggir Kadíak betr en nokkur annar staðr við verzlun og hefir flesta hluti til þess að verða höfuðból als lífs í Alaska, er stundir líða, þótt nú sé þar fátt um að vera. Það voru eingöngu pólitiskar ástæður, er leiddu Rússa til að hafa höfuðbæinn sem syðst og einkum sem austast og setja hann því í Sitka. Viðey (Woody Island) liggir rétt við bæinn á Kadíak. Þar er isgeymslu-hús og sögunarmylla. Norðr af Kadíak liggir Afognak, stór eyja og að öllu lík Kadíak, nema að sínu leyti enn fjöllóttari, og skógr er þar stærri. Austr af Afognak er Marmot-ey. Milli Afognak og Kadíak er Skógey (Spruce Island); þar er viðr meiri og betri en á nokkurri annari af Kadíak-eyjum. Margar eyjar stórar og smár liggja kring um Kadíak á alla vega; nefni ég meðal annara Þrenningar-eyjar (Trinity Islands) fyrir sunnan suðrtána. Ukamok- eðr Chirikoff-ey telst og með Kadíak-eyjum; hún liggir til suðrs og lítið eitt til vestrs frá Þrenningar-eyjum. Á Ukamok hafði rússneska kompanið sölubúðir; þangað flutti það á eyjuna dýr það, er á ensku nefnist *marmot*, en á lærdra manna máli **Spermophilus Parryi** (Danir kalla það "murmeldyr"); það er eins og bjórinn [bifrin] af flokki þeim, er **Sciuridae** nefnast af kyni gnagdýra (**Rodentia**). Mætti kalla það bjórbróðr (eða fjallrottu). Skinn þess er ágætt og er fémætt. Þetta dýr fjölgaði svo ótt á eyjunni, að það varð atvinna fyrir fjölda fólks að verka skinn þeirra.

Sémidi-eyjar liggja í suðr og vestr frá Kadíak, en í norðr og vestr frá Ukamok.—Meðal Shumagin-eyja eru tvær eyjar byggðar, Pópoff og Únga. Á Unga eru tvær góðar hafnir; heitir in nyrðri Kola-höfn (Coal Harbour); þar er in mesta ofrgnægð af þorski. Þar er almennr samkomustað fiskimanna. Sunnan á eyjunni er Delaroff fjörðr; þar er byggð. Nálega vestr beint frá Únga er á landi í Alíaska byggð sú, er heitir Belkõfski eðr Íkornssveit (Squirrel Settlement). Það er enginn staðr hér til að lýsa þeim aragrúa eyja smárra og stórra, kletta og skerja, er þekr hafið við strendr Alíaska-skaga.—Vestr af syðsta odda skagans liggir Únimak-ey. Milli hennar og meginlands liggir Rif-sund (False Pass); frakkneskir siglingamenn höfðu lengi sagt það skipgengt, en það reyndist lygi, og eru tómir boðar og rif.

Það eru fyrr nefndir inir helztu flokkar af Aleuta-eyjum. Byggð er þar helzt á eyjunum Unalāshka, Akhūn, Tigālda, Úmnak, Amlia, Atka, Adākh og Attū.—Helztar hafnir eru á Unalashka: Iliuliuk eðr Formanns-höfn (Captain's Harbour), Bjórfjóðr (Beaver Bay) og Mākushin-fjörðr.

Í Formanns-höfn (á Unalashka) er þriðja byggð merkust í Alaska og stærst, næst Páls-borg (á Kadíak-ey) og Sitka. Síðan Banda-ríkin keyptu landið hefir kviknað þar verzlun töluverð; leggja skip þar tíðum að, til að skipta vöru, fá vatn, við og nýja ávexti og kálmeti.

Á Attū er höfn, er heitir Chichagoff Harbour. Sé sögum að trúa, þá er þar leyni-verzlun eigi all-lítill (*smuggling*). Safalaskinn frá Síberíu og ópíum frá Kína eru hátt tollaðar vörur, er þær eru fluttar inn í Banda-ríki frá útlöndum, en ótollaðar eftir að þær eru komnar inn í landar-eign Banda-ríkjá. Því eru safala-skin og ópíum flutt á laun til Chichagoff Harbour, en seldar þaðan aftr með stórum hagnaði til ýmsra staða í Banda-ríkjum.

Þess er áður getið, að þelselr veiðist í Bærings-hafi. En sakir rúmleysis hér og fyrir því, að það þykir minna um vert, að minsta kosti í bráð, verður hér að sleppa að lýsa nákvæmara vestrströndinni fyrir vestan Alíaska-skaga og eyjunum í Bærings-hafi. Það verður hægt að rita langa lýsing og nákvæma á þeim eins og hverjum öðrum parti af Alaska, er þörfin sýnist þess að krefja.

## 6. Fljót og ár.

Vötn þau, er falla út í Alaska-flóa, eru miklu minni, en hin, sem í Bærings-haf falla. Fjöllin taka víðast svo að segja fast að sjó fram að sunnan; en vatnsmegin það, er fær afrás í ánum, dregst saman langt uppi í meginlandinu og ryðr sér þaðan veg til sjávar gegn um fjöllin um þröng gljúfr og í fallháum fossum. Mikið af regnvatninu frýs á inum afarháum fjöllum og nær fyrst til sjávar sem jökulvatn þegar þýður eru.

Austast vil ég nefna Stikine-fljót. Það er af því kunnugt, að gull hefir grafið verið á bökkum þess; eigi eru þó gullnámar þessir allríkir og liggja þeir ofarla við fljótið í Bretlands-eignum, áður en það rennr inn í Alaska.—

Á 60° 17' n. br. og 145° 20' vestrlengdar frá Grœnuvík liggur mynni fljóts þess, er heitir Atna eður Koparfljót (Copper River); það fellr í tveim kvíslum í sjó út og verður eyri allmikil í milli kvíslanna þrjátíu mílur á lengd, en 4-5 mílur á breidd; eyri þessi er alþakin pílviðar-skógi (*willow*). Í norðvestr-kvíslinni er aðal-vatnsmeginið; þar nærri er Innuita-þorp, og heitir Alāganik. Fljótið fellr nokkurn veg um slétt undirlendi áður það fellr í sæ út; á því undirlendi er fjöldi stöðuvatna. Lítið er kunnugt um farveg fljóts þessa, það er víst sé; er sagt það falli um gljúfr og fjöll lengra uppi í landinu og sé stórir skógar beggja vegna. Eigi vita menn með fullri vissu, **hvar** það er, sem koparnámr sá er, sem fljótið tekr nafn af. Koparinn finst þar í ávöllum, vatnsleiktum klumpum, líkt og á sér stað við Lake Supirior; en það þykjast menn fara nærri un, að koparinn sé innan 100 mílna (enskra) frá sjó. Indíánar selja hann, en leyna náma-stöðvunum. 1741 fann Bæringr eður fylgdarmenn hans brýnistein, er koparknífar höfðu vorið á hvattir. Eigi þektu inir þarlandu menn járn fyrri, en erlendir menn tóku að verzla við þá; en leiknir voru þeir í að gjöra ónetta knífa úr kopar.

Í Vilhjálms-grunn falla engar ár að marki, en í Cooks-flóa innanverðan fellr mikil á, er heitir Knik eður Eldvatn (Fire River). Það fljót er skipgengt 12 mílur frá sæ upp; en úr því breikkar það og grynnist. Rússar kváðu hafa farið á skinnbátum upp eftir því, unz þeir komu að vatni því, er Plavējno heitir. Þaðan er vegr eigi langr til Kopar-fljóts. Tvær ár stórar falla að austanverðu í Cooks-flóa. Í annari þeirra er gull, og mun þess getið síðar í skýrslu vorri. Margar eru minni ár og lækir með Cooks-flóa; og er alt bókstaflega spriklandi og á iði af laxi og silungi.

Alíaska-skagí er fjöllótr, einkum nyrzt; þau fjöll eru þó eigi samföst og lækka eftir því sem suðr eftir dregr; þau eru framhald af Alaska-fjöllum. Frá norðvestr-hlut skagans renna nokkrar ár út í Bristol-flóa. Milli inna háu fjalla, er mynda framhald af Alaska-fjöllum, og eins þar sem þeim sleppir, er landið lágt og votlent. Víða eru þar stöðuvötn og mörg allstór. Liggja sum svo lágt yfir sjávarflöt, að vatn þeirra er salt. Úr þeim renna ár og lækir til beggja hliða í haf út. Aleutar ferðast svo á lækjum og ám, að þeir róa léttum skinnbát, það sem áin endist, taka svo bátinn, er vatn þrýtr, og bera hann með sér þar til, er önnur á tekr við; því bátarnir eru fisléttir. Þannig getr

maðr róið sumstaðar yfir þveran Alíaska-skaga, frá Kyrra Hafi yfir í Bærings-haf, nálega án þess að stíga fœti á land.—Eitt af inum stærstu stöðuvötnum er Iliamna. Það er enn ókannað að mestu; ætla menn það muni fremr grunt eftir stærð; en það vita menn, að það er yfir 80 mílur á lengd og um 24 mílur á breidd, og er það meira en hálf Ontario-vatn.

Ár þær, er falla í Bærings-haf, eru bæði meiri og fleiri, en þær, sem falla í Alaska-flóa. En sakir þess, að mér þykir hér mest undir komið, að lýsa þeim hlut landsins, er liggr að Alaska-flóa, en rúmið hinsvegar lítið, þá verðr hér að sinni að eins drepið á tvö in helztu af þessum vatnsföllum.

Fyrir norðan Bristol-flóa fellr í sjó fljótið Kuskoquim; það er annað mest fljót í Alaska, næst Yukon-fljóti, og stærst allra þeirra vatnsfalla, er upp spretta í Alaska; er það kallað að vera frá 500 til 600 mílur á lengd; það er straumhart. Uppi í landi langt, fyrir sunnan Kuskoquim, kvað geta Zeolít, brennistein og blátt kopar-*carbonate*,<sup>[4]</sup> hefir það verið keypt að þarlandum mönnum. Þar kvað og vera ofrgnægð af gáshauk (*goshawk*—fálka-tegund, er svo nefnist). Indíanar eru um þetta svæði, en aldrei hefir neinn hvítr maðr þangað fœti stigið enn. Þar kváðu vera eldfjöll og náttúra in hrikalegasta.

Yukon-fljótið fellr í tveim aðal-kvísium í sjó, og verðr stór eyri í milli; tekr sú eyri frá 62° 21' til 62° 50' n. br. og er 60 mílna á lengd að ensku máli. Aðal-áin fellr út í kvísl þeirri, er Kúsilvak heitir; sú er kvísl in dýpri; en Kwikhpak heitir nyrðri kvíslin, og er breiðari. Lengd als Yukon-fljóts, frá Kennicott-vatni (57° 45' n. br. og 130° 45' v. l.) og til þess er Kúsilvak-kvíslin fellr í sjó, er 1800 mílur; þó er þetta líkl. of lítið í lagt, og sé bugður fljótsins teknar með í reikninginn, sem eigi var hér gjört, þá er ekki ýkt að kalla það 2000 mílna langt, og er það skipgengt frá sjó þrjá fjórðunga af lengd þess upp eftir.—Sakir stærðar sinnar og þýðingar á Yukon-fljót skilið að nefnast eitt af inum stærstu og merkustu vatnsföllum í heiminum. Það er stærra en Ganges og Orinoco, og áþekt að stærð sem Danube eðr La Plata-fljótið. Það heyrir til innar sömu ættkvíslar af norðrheims-fljótum, sem in nafnkunnu fljót Obi, Lena, Saskatchewan og Mackenzie.

## 7. Hafstraumar.

Eigi hlýðir annað en að minnast stuttlega á ina miklu strauma í Kyrra Hafinu og Bærings-hafi; því að þeim er það að þakka, hve milt og blítt loftslagið er í suðrhlut Alaska og yfir höfuð á öllum norðvestr-ströndum Ameríku, í samanburði við norð-austr-strendnar.

Inn mikla hita-straum í Kyrra Hafinu, þennan annan Gulf-straum, kalla Japans-menn Kuro Siwo þ.e. dökkva straum; því í honum er vatn dekkra, en ella er í Kyrra Hafi. Nýrri landa-fræðingar og allir lagar-fræðingar nú á tímum nefna hann Japans-straum. Straumr þessi klofnar á vestrhorni Aleuta-eybeltisins; gengr þá annar straumrinn austr fyrir sunnan Aleuta-eyjar og beygist alt af með ströndinni unz er kemr austr fyrir Alíaska-skaga; þar klofnar straumrinn aftr; gengr þá aðalstraumrinn norðr og austr með ströndinni og fylgir henni, beygir suðr með henni austan við Alaska-flóa og gengr suðr með Alexanders-eyjum og svo suðr með ströndum Bretlands-eigna, Washington-fylkis, Oregon-ríkis og Kaliforníu-ríkis; hin kvíslin, er klofnar úr strauminum fyrir austan Alíaska-skaga, slær sér beint austr, og kemr saman við nyrðra strauminn við Alexanders-eyjar og sameinast honum þar aftr. Með þessum straumum streymir heitt og blítt loft frá suðri; dregst það saman og þykknar á fjallatindunum fyrir ofan stendrnar og veldr inu mikla regnfalli, sem einkennir alla ströndina suðr fyrir Oregon.—Inn nyrðri og minni aðal-armr straumsins, eftir



að hann klofnar fyrst, streymir norðr sundið milli Formanns-eyja og Aleuta-eyja og norðr alt Bærings-haf, norðr um Bærings-sund og út í Íshaf. Fyrir því kemst eigi hafis suðr um sundið. Aftir á móti segja hvalarar að oft sjáist stórir ísjakar hrönnum saman sigla norðr um sundið, geta þeir farið alt að hálfum öðrum knút á klukkustund móti allströngu norðanveðri. Það er ís, er leysir frá ströndunum við Bærings-haf. Á sumrin kemr lítill kaldr straumur að norðan og gengr suðr að austan fram með Kamchatka-ströndum í Asíu. Fyrir því er kaldara miklu að tiltölu á Asíu-ströndum, en jafn-norðarlega á Alaska- eðr Ameríku-ströndum.—Nálægt Shumagin-eyjum var í ágúst 1865 stríðr straumur til norðrs og austrs, og var hitinn í sjónum þar +56° Fahrenheit (þ.e. 10.7° Réaumur).—Í sundunum í Aleuta-eybeltinu eru ýmislegir straumar, og breytast með sjávar-föllum; þó eru ríkari straumar til norðrs en suðrs. Sakir breytileika straumanna er varasamt fyrir ókunnug skip að leggja í sund þessi nema með varúð.

### 8. Fjallgarðar.

Öll in hæstu fjöll í Alaska liggja fyrir sunnan 65° n. br.—Stranda-fjöll (Coast Range) eðr Elíasar-fjallgarðr (St. Elias Range) ganga með ströndinni fram; í þeim fjallgarði eru hæst fjöll og hnjúkar, og spúa sum eldi. Stefna þessa fjallgarðs er norð-vestr. Þá er kemr vestr fyrir 142° (v.-l. fr. Gr.) er það eigi lengr samhangandi fjallgarðr; klofnar þá á ýmsa vega eftir það, og ná sumar álmurnar saman við Alaska-fjöll; en Alaska-fjöll eru framhald af Steina-fjöllum (Rocky Mountains). Annars er lítt kunnugt um fjöllin uppi í meginlandi, og eru þau sett vitlaust út í bláinn á öllum kortum Evrópu-manna, nema inum síðustu þýzku kortum frá Gotha; þar eru þau löguð eftir kortum Dalls; en hans kort eru in fyrstu áreiðanlegu kort yfir Alaska.

Fjallgarðarnir hlífa við öllum norðanveðrum, og er það munr eða í Mississippí-dalnum, er blasir opin við öllum norðanveðrum og kulda úr þeirri átt. Eiga fjöllin í Alaska vafalaust næst eftir straumunum mestan þátt í því að gjöra vetrinn svo mildan og blíðan á suðrströndinni og eyjunum í Alaska-flóa.

Hæstu fjöll, er mæld hafa verið, eru 14000 feta há (Mount Fairweather—Góðviðris-fjall); en gizkað er á, að Elías-tindr muni vera 16000 feta. Iliamna, eldfjall á Alíaska-skaga, er 12066 feta, en Redoubt 11270 feta. Á Valaprinz-ey er Mount Calder 9000 feta hátt.

### 9. Stærð Alaska.

Eftir því, sem Fr. Hahnemann í Gotha hefir reiknað, skal hér skýrt frá stærð Alaska. Þess ber að gæta að inu þýzka ferhyrnings-mílna-tali er breytt í enskar ferhyrnings-jarðmílur eftir hlutfallinu 1 á móti 21.16.

Stærðin verðr þá þannig:

Eyjar í Bærings-hafi	3 963.0584
Aleuta-eyjar	6 391.5896
Kadíak-eyjar og Shumagin-eyjar	5 676.3816
Chúgach- og aðrar eyjar	1 031.7616
Alexanders-eyjar	14 142.9208
-----	
Flatarmál eyjanna samtals	31 205.7100
Meginlandið	548 901.6148
-----	
Als	580 107.3248 enskar jarðmílur.

## II. KAFLI.

### UM SÖGU LANDSINS.

Saga norðvestr-hluta Ameríku er því nær undantekningarlaust saga um verzlun og landa-könnun. Þrældómrinn af verzlunar-ánaud þeirri, er eitt einokunar-félag lagði á landið, stóð svo lengi yfir, að það er fyrst á síðustu árum, síðan frelsið létti okinu af, að pólitík á nokkurn þátt í sögu landsins. Jafnvel þótt sagan um slíkt sé að vísu eigi uppbyggileg að sumu leyti, tel ég þó mein, að rúmið leyfir eigi að skýra neitt frá sögu landsins að sinni, því hún er þó ekki að öllu ómerkileg í sjálfri sér.

Eignarréttur Rússa til Alaska var bygðr á því, að þeir höfðu fyrstir fundið landið. Pétr mikli Rússa-czar var sjálf skipasmiðr og kunnir til sjómensku; honum var forvitni á að vita, hvort Asía og Ameríka væri áfastar að norðan; því þá var ekki um það kunnugt, hvort svo væri eðr eigi. Einhvern dag ritaði karlinn með eigin hendi á blað þessi fyrirmæli:

"Að byggja einn eða tvo báta, með þiljum, á Kamchatka eðr öðrum hentugum stað; á þeim ætti að gjöra eftirleit um norðstrendrnar, til að sjá, hvort þær ná eigi saman við Ameríku, þar sem endimörk þeirra eru ókunn; því næst skyldu þeir að því huga, hvort þeir gætu ekki einhvers staðar fundið höfn, sem heyrði til Evrópu-mönnum eðr Evrópu-skip. Einnig ættu þeir að dreifa nokkrum mönnum um, sem skyldu spyrjast fyrir um nafn og legu þeirrar strandar, er þeir finna; halda skyldi nákvæma dagbók yfir alt þetta, og skyldu þeir koma með hana til Pétrsborgar." Þetta blað fékk Pétr í hendr æzta aðmíral sínum, og bauð honum að sjá svo um, að þessu yrði framgengt.<sup>[5]</sup> En Pétr czar inn mikli dó vetrinn 1725; en Katrín drotning lagði ástundun á, að framkvæma vilja haus. Maðr er nefndr Bæringr (Veit eðr Vítus Bering) og var danskr, fœddr á Hrossanesi í Jótlandi, enda virðist hafa verið í honum hvorki dáð né dugr. Hann var gjör formaðr (*Commander*) fararinnar og lagði upp frá Pétrsborg 5. febr. 1725 yfir Síberíu og Norðr-Asíu til Kamchatka; var hann yfir 3 ár á leiðinni. 20. júlí 1728 lagði hann í haf og sigldi norðr og austr; hann sigldi all-raglega og hélt sér undir ströndum Asíu; fann hann ey þá, er hann nefndi Lafranzey eftir heilögum Lafranzi; það var á Lafranz-messu. Eigi sá hann neitt af Ameríku, og eigi hætti hann sér lengra norðr en á 67° 30' n. br.—Þóttist hann þess nú fullvís orðinn, að Asía væri eigi áföst Ameríku; snéri síðan heim aftr. Minnir þetta ferðalag á það, er Sigurðr Pétrsson kvað um inar dönsku hetjur, er fóru að leita Grænlands:

"Þeirra' af ferðum rómur rís

fyrir rausnar-verkin stóru;

þeir sigldu burt og sáu ís,

og svo til baka fóru."

Bæringr kom til Pétrsborgar aftr í marz 1730 eftir 5 ára útivist, og þótti garpr mikill orðinn af ferðinni. Eftir Bæringi danska er nefnt Bærings-haf og Bærings-sund.<sup>[6]</sup> Gwosdew, rússneskr

maðr, fann vestr-strönd Alaska 1730.—1741 fór Bæringr enn að leita Ameríku, og komst hann nú í Alaska-flóa og sá Elías-tind. En hann dó úr vesöld á einni eyjunni í flóanum og hvíla þar bein hans. Eyja sú heitir Bærings-ey. Rússar eignuðu sér landið; en eigi var það mikið, er fyrst fanst. En smátt og smátt fanst meira og meira og jukust farir til Alaska til verzlunar. Þó var lítið um að Rússar hefði neina stjórn á verzluninni fyrri, en 1799. Var verzlunin alla tíð síðan seld í hendr einokunar-félagi með einka-leyfi, unz Rússar létu landið af hendi.

Árið 1867 seldu Rússar landið Banda-ríkjunum, en þau gáfu fyrir sjö miljónir og tvö hundruð þúsundir gullpenninga (\$7 200 000 í gulli), en það lætr nærri 28 miljónum danskra króna. Kaupsamningrinn er gjör í Washington, D.C., höfuðborg Bandaríkjanna, 30. dag marz-mánaðar 1867, en síðan staðfestur af Rússa-czar.



### III. KAFLI.

#### INNLENDAR ÞJÓÐIR.

Innlendum þjóðum í Norðr-Ameríka eðr frumbyggjum landsins (ef svo má kalla) er eðlilegast að skipta í tvær meginþjóðir. Önnur er sú þjóð, er kallast Indíanar eðr rauðir menn. Á hina hefir lengi vantað hæfilegt eitt nafn. Á fundi í inu ameríska vísinda-félagi (*American Association for Advancement of Science*) stakk Dall Alaska-fari upp á nafni, er félagið félst á, en það er, að kalla þá Óraráána (þ.e.: Stranda-menn), fyrir því að þeir búa hvervetna með sjó fram, en hvergi langt uppi í landi (að því frá skildu, að þeir byggja æði-langt upp með Yukon-fljóti, en þó að eins með bökkunum fram). Verðr það ljósast, hve vel heiti þetta er valið, ef lesarim vill líta á landkortíð, og mun hann þá skjótt gæta þess, að flokkar af þessari þjóð hafa svo bygð sína, að hún er sem belti umhverfis allar strendr Ameríku að norðan og vestan, og aðeins örsjaldan lítið eitt upp í land fram með stórfljótum, t.d. Yukon, en slitnar að eins á sárfáum stöðum, svo sem t.a.m. á norðrströnd Kenai-höfða, þar sem Indíanar hafa bygð á ströndinni; annars byggja Indíanar upplandið, en Óraráánar strendrnar milli Indíána og sjóarins.

Óraráánar deilast í þrjá kynflokka, sem allir eru nokkuð mismunandi.

Fyrst er flokkur sá er nefnist Innuít; af þeim flokki eru Grönlendingar og Eskimóar þeir, er byggja norðrströnd Ameríku og eyjarnar þar í kring, og sömuleiðis eyjarnar í Bærings-hafi og strendrnar á Alaska að vestan, alt suðr að Elías-fjalli.

Annar flokkurinn er Aleutar; þeir byggja Aleuta-eyjar og Alíaska-skaga austr að 160° v.-l. (fr. Gr.).

Þriðji flokkurinn eru þeir menn, er Túski eru kallaðir. Þeir byggja norðaustur-skagann á Síberíu og eyjar í Bærings-sundi; en annars koma þeir eigi við þetta mál.

Aleutar eru menn friðsamir, svo að undrum má sæta þykja, greindir og fremr námfúsir en latari eru þeir en frá megi segja. Þó mun mest á því bera, þar sem in svo kallaða menning (*civilization*) hefir spilt þeim. Góðmenni eru þeir in mestu, fámálugir og orðheldnir að náttúrufari, þar sem uppeldi hvítra manna á þeim er eigi orðið náttúrunni yfirsterkara. Flestir eru þeir kristnir að nafni (grísk-kaþólskir). Þeim er flest vel gefið af náttúrunnar hendi. Þeir eru veiðimen góðir og fiskimenn, en forsjálausir, lifa í sukki og als gnœgtum meðan nokkuð er til, en svelta svo þolinmóðir heilu hungrinu þegar harðnar í búi. Útlendir verzlunarmenn hafa náttúrlega spilt síðum þeirra sumra, og drykkjumenn eru þeir nálega allir, er þeir fá nokkurn dropa. Tóbak þykir þeim og sælgæti mikið og borga það dýrum dómum. Það er jafnan svo í heiminum, að spillingin verðr menningunni samfara; syndin grœr á skilnings-trénu.—Aleutar eru hvergi nærri ment þjóð, en þó geta þeir enn síðr heitið vilt þjóð; þeir hafa fasta bústaði og öll þeirra háttsemi er svo, að þeir mega vel kallast að hafa hálf-menningu eðr meira.

Innuít eru sams konar menn sem Grönlendingar. Standa þeir Aleutum nokkuð á baki bæði að líkamans og sálarinnar atgjörfi. En af því lesendr munn flestir hafa einhverja hugmynd um

Grænlandinga, þá þykir minni þörf á að lýsa þessum kynflokki hér, þó þeir byggi mest það pláss, er ég helst vil lýsa hér.

Indíánar eru hér líkir því, sem þeir víðast eru; en þeir koma eigi mjög til máls hér, með því þeir byggja lítið sem ekki stendrnar, og byggja als eigi það svæði, er ég einkum vil hér lýsa, en það eru Kadiak-eyjar. Indíánar þeir, sem eru á litlu svæði við Cooks-flóa, eru friðsamir, meinlausir og eigi ógreindir, sumir dáfríðir í sjón.

Aleutar eru ljósir á hörund og sumir dáfríðir menn. Eigi eru þeir skírlífir svo orð verði á gjört. Margir eru því kynblendingar komnir af Rússum í föðurætt; eru sumir kynblendingar fríðir sýnum, og margir þeirra hafa aftr gengið að eiga rússneskar persónur. Margir þeirra eru hagir menn til smíða.

## IV. KAFLI.

### LOFTSLAG OG GRÓÐR.

Alaska er feyki-stórt land svo sem þegar hefir sýnt verið. Það er því háskalegr, en, því miðr, almennr misskilningr að gjöra sér eina og sömn hugmynd um alt Alaska, gætandi eigi þess, að Alaska er eins stórt og hálf Norðrálfan. Menn verða að minnast þess, að nyrzti höfði í Alaska (Point Barrow) liggir á  $71^{\circ} 27' 0''$  n. br. og að syðsta eyjan í Alaska liggir á  $51^{\circ} 10' 0''$  (að því er Gibson segir; Salāmatoff segir  $51^{\circ} 12' 0''$ ). Frá nyrzta höfða í Alaska til ins syðsta er því eins langr vegr og frá Reykjavík á Íslandi til Florenz á Italíu. Nyrzti tangi í Alaska liggir álíka norðarlega og Norðr-höfði (Nord Cap) í Noregi; en syðsti tanginn á Aleuta-eyjum liggir sunnar en Leipzig á Þýzkalandi. Má vera þetta hjálpi upp á skilninginn hjá þeim, er ætla að Alaska sé öll einn sífrosinn Niflheimr eða jökulkaldir tröllheimar. Ég ætla að lesaranum mundi þykja það eigi all-vitrlega mælt, ef einhver færi að lýsa Evrópu, og lýsti henni svo, að þar væri ólifandi nokkurri mentaðri þjóð; hafnir allar væru þar íslagðar mikinn hlut árs, dögum saman á vetrum sæi enga sól, o.s.frv., o.s.frv.—og þó á þessi lýsing jafn-vel eða jafn-illa við Evrópu einsog við Alaska. Það á jafn-vel við norðstrendr Noregs, Finnlands og Rússlands eins og það á við norðstrendr Alaska. Það á jafnilla við suðstrendr Alaska eins og við Holland, Belgíu, England og Þýzkaland o.s. frv. Og þó hefi ég orðið að heyra, að Alaska væri "verra en Ísland," "skrælingja-land," o.s.fr. Já, "Alaska" og "Alaska" er ekki það sama! Alaska er verra en Ísland, en Alaska er líka betra en Skotland—alt kemr undir, hvaða héröð af Alaska um er talað. Já, Alaska er "skrælingja-land"—en öll Ameríka, þetta dýrðlega land, er líka skrælingja-land; það var alt byggt skrælingjum, og það verri skrælingjum, en nú eru í Alaska, áðr hvítir menn námu þar bólfestu; en nú er víst skrælingjaskaprinn meiri orðinn á inu mentaða Íslandi, en í skrælingja-landinu Ameríku. Ég skal svo ekki eyða fleirum orðum að þessu, en að eins láta í ljósi þá von, að skynsamr lesandi láti eigi blekkjast af því hrekkvíslegu orða-gjálfri, sem ætlar að slá sandi í augu manna með því að fela stórmikið höfuðland undir einu nafni, og lýsa því svo öllu með þeim eiginleikum, sem að eins eiga við lítinn hluta þess. Sé nokkur svo andlega starblindr að láta blekkjast af slíku, þá liggir mér við að segja sá inn sami sé eigi þess verðr að leggja hann á hné sér til að sýna honum sannleikann.

Alaska er svo stórt land, að eigi er unt að lýsa loftslagi og gróðri landsins als í einu; svo ólíkt er loftslagið og gróðrinn á ýmsum stöðum.

Náttúran sjálf bendir til að deila Alaska í þrjú aðalfylki eðr héröð, hvað maðr vill kalla það; hvert fyrir sig af fylkjum þessum er ólíkt hinum að loftslagi, gróðri og landsháttum.

Hér skal haldið þeim nöfnum á fylkjum Alaska-lands, er Dall Alaska-fari hefir gefið þeim í sinni bók.

Þessi fylki Alaska-lands eru:

1. *Yukon-fylki*,

2. *Aleuta-fylki*, og

3. *Sitka-fylki*.

*Yukon-fylki* er nyrzt; að austan nær það að takmarka-línu Bretlands-eigna, og að sunnan að Alaska-fjöllum, að vestan að Bærings-hafi og að norðan að Íshafinu.

*Aleuta-fylki* tekur yfir þann hlut Alíaska-skaga, er liggur fyrir vestan 155° vestrlengdar og eyjar þær, sem eru vestr af þeirri línu.

*Sitka-fylki* tekur yfir meginlandið og eyjarnar fyrir sunnan Yukon-fylki og austan Aleuta-fylki.

Nú skal lýst stuttlega hverju þessu fylki fyrir sig, en lesarinn verður að gæta þess, að Yukon-fylki varðar minstu fyrir tilgang þessa ritlings, og verður það að vera afsökun þess, að því er stuttlegar lýst, en hinn, er meira varðar.

1. *Yukon-fylki*.

Landslagið fram með Yukon-fljóti er svo lagað, að fyrst er landið lágt, öldumyndað og hólótt, sumstaðar grýtt, en víðast hvar greitt yfirferðar; þá er fjær dregr fljótinu, koma breiðar sléttur oftast meira eða minna mýrlendar, og taka yfir margar mílur á breidd, beggja vegna fljótsins; breiðastar eru þessar sléttur þó næst mynninu. Engir eru samgöngu-vegir í fylki þessu, nema gangstígir á stöku stað, óglöggvir sem fjárgötur á Íslandi, og verða varla aðrir þeirra varir, en Indíánar og þeir, sem vanir eru að lesa sig fram eftir Indíána-stigum í óbygðum. Yukon-fljótið og ár þær inar minni, er í það renna, eru þjóðvegir fylkisins.

Steinategundirnar eru ýmislegar; mestur partur er þó *conglomerate* (ávala-grjót) *syenite* (samsetningur af brunagrjóti og kvarz), *quartzite* (kvarz eður steypu-grjót) og *sandstone* (móberg?). Vikrkol, skúrsteinn og bruna-grjót ("lava," hraun) er gnægt á sumum stöðum. Yfirborðs-jarðvegrinn er og ýmislegr, sumstaðar sand-kendr, á öðrum stöðum aftur meir leir-kendr og mó-kendr. Þar sem jarðvegr er leir-kendr, er oft vætu-mosi vaxinn yfir yfirborðið og þekur það; spillir það mjög jarðveginum undir; kemur þetta af skurða-leysi, af því vatninu er eigi framrás veitt. Á mjög miklu svæði er jarðvegrinn frjósamur og *alluvial* (myndaður við vatna-gang), er það sandr ofr-smágjör, mold og fúid jurta-efni (*vegetable matter*); hefir fljótið borið þetta með sér og hefir það safnast í lög svo djúp, að eigi hefir mæld orðið dýpt þeirra. Nývetnis-frjóleir (*fresh-water marl*) er ofr-gnögr á slíkum stöðum víða hvar.

Víða helzt ís í jörð árið um í kring, þrem fetum undir yfirborði; er þetta einkum þar, sem yfirborðið er mosa þakið. Þar sem skurðir eru og vatninu er vel veitt afrás, liggur ísinn dýpra eður hverfr með öllu; er enginn efi á, að ísinn hverfr með tímanum þar sem jörðin er vel plægð og vatn-ræst.—Það er fróðlegt að bera hér saman við það, sem Aiton segir í sinni "Treatise on Peat moss," &c., í Edinb. Encyclop., Vol. XVI, p. 738, þar sem hann eignar að talsverðu leyti mosa-

vextinum ið kalda og vætusama loftslag Skotlands. Segir hann: "32½ únsa af þurrum mosa heldr í sér 18 únsum af vatni, án þess að láta það drjúpa; þar sem 39 únsur af inni frjóustu garðmold halda að eins 18½ únsu. Mosi heldr og meiri kulda í sér, en nokkur önnur jarðvegstegund. Þar sem mosi er þykkr (í Skotlandi) helzt oft frost í jörð fram yfir miðsumar. Af þessu verðr ljóst hver áhrif mosinn hefir á loftslagið til að kœla það." [1 únsa er nærfelt 2 lóð.]

Það er svo í Yukon-fylki sem hvervetna í Alaska, að loftslagið uppi í landinu er mjög frábrugðið því, sem það er á ströndunum, og það á stöðum, setti eigi eru fjarlægir hvor frá öðrum. Ið mikla megin af nálega volgu vatni, sem er í Bærings-hafi, og inir mörgu hita-straumar frá Kyrra Hafinu, gjöra loftslagið á ströndinni miklu mildara heldr en uppi í landinu; svo að munrinn er fjarska-mikill þegar 30 mílur (liðl. sex danskar mílur) frá ströndinni; því þó eigi að há fjöll á ströndinni, þá er þó hálendi nægt til þess að bægja heitum vindum frá að blása inn yfir meginlandið. En sakir regns og votviðra er sumarið miklu kaldara og óskemtilegra á ströndunum heldr en uppi í landinu. Þó eru mánuðirnir maí, júní og mikill partr af júlí yndislega veðrblíðir—sólríkir, heitir og heiðir. Svo segir Seemann í sinni bók.<sup>[71]</sup> "Allr gróðr er þar (þ.e.: á norðr-ströndinni) gífrlega bráðþroska; og naumast hefir snjóinn tekið upp fyrr en alt er þakið kafi af grösom og jurtum í fullum gróðri, og þar sem alt var fyrir fáam dögum undir fanna-blæju, grúir nú alt í gróðri, og blöð, blóm og ávextir springa út hvað á eftir öðru á örstuttum tíma."

Taflan, sem hér fylgir á eftir, sýnir meðalhita árstíðanna að St. Michael's (á austr-ströndinni við Nortons-grunn, 63° 28' n. br.) og að Fort Yukon (1200 mílur frá mynni fljótsins, á 66° 34' n. br.)

Meðalhiti.	St. Michael's.		Fort Yukon.	
	Fahrenheit.	Réaumur.	Fahrenheit.	Réaumur.
Vor	+29° 3	-1° 1	+14° 22	-7° 9
Sumar	+53° 0	+9° 3	+59° 67	+12° 3
Haust	+26° 3	-2° 2	+17° 37	-6° 5
Vetr	+ 8° 6	-10° 4	-23° 80	-24° 7
Alt árið	+29° 3	+1° 1	+16° 92	-6° 7

Meðalhiti ársins í Yukon-fylki öllu, sem heild skoðað, má ætla að fari nærri 0 +25° á Fahrenheit (= -3° 1 á Réaumur). Hér við má bera saman ýmsa staði, sem nefndir eru í Almanakinu íslenska (þó þar sé hvorki nákvæmt né alskostar áreiðanlega frá skýrt). Inn mesti kuldi, sem menn vita komið hafa í Yukon-héraði, er -70° á Fahrenheit (= -45° 3 Réaumur). Þó frjósa fljót og stórar eigi í inum mestu grimdum. En meðalhiti ársins er engan veginn mælikvarði fyrir því, hvað gróið og þroskatz getr í einu landi; heldr kemr það undir hita og lengd sumarsins; þannig er meðalhiti ársins sami í Þrándheimi (Niðar-ósi) og í Reykjavík; þó er kornyrkja og epla-rækt í Þrándheimi; en sumarhitinn í Fort Yukon er þó heldr meiri en í Þrándheimi. "Ég hefi í Fort Yukon séð hitamælinn sýna +112° Fahr. (+35° 5 Réaum.) um sumarhádegi, en þó í skugga, og foringinn í víginu skýrði mér frá, að það hefði oft til borið, að hitamælar, er fylltir voru vínanda og merktir +120° Fahr. (39° 1 Réaum.), hefðu brostið undir inum brennandi geislum heimskauts-sólarinnar; og fær sá einn þeim hita nærri getið, er hann hefir reynt" (Dall). "Gróðrinn fram með efra hlut Yukon-fljótsins verðr svo blómlegr, að maðr mætti ætla að maðr væri í hitabeltinu, er maðr sér það blómskrúð alt um sumartímann" (Sami).

Nálega alstaðar í Yukon-fylki er gnægð af timbri. Ið stærsta og mest um verða tré, er finst í þessu fylki, er hvíta skrúðfuran (*white spruce*; *Abies alba*). Þetta fagra tré finst hvervetna í fylki þessu, en stærst og þroska-mest í námunda við rennandi vatn. Vör þess er hvítr, þétr og beinn; auðunninn, létt og þó seigfastr í sér. Eigi getr betra sperruvið; en oftari hverju eru trén heldr grönn í siglur á stórskip, eins og þau (trén) eru í þessu fylki; sunnar eru þau enn stærri. Skrúðfuran verðr hér jafnaðarlega 50 til 100 feta há og 3 fet að þvermáli (*diameter*); en almennasta stærð má þó heita 30 til 40 feta hæð, og 12 til 18 þuml. þvermál.—Þar næst má telja birkið (*Betula glandulosa*). Eigi verðr það jafnaðarlega yfir 40 feta á hæð og 18 þuml. að þvermáli. Einnig vex víðast blakka-birki eða kræklu-birki, en það er til fárra hluta nýtt, þar eð það er svo smávaxið. Til allrar óhamingju fyrir ina upp vaxandi kynslóð eru engir skólameistarar í þessu fylki, til að neyta birkihríslnanna til þess, sem þær eru hæfastar til!

Ýmsar tegundir af poplar-viði (*Populus balsamifera* og *P. tremuloides*) vaxa hér kynstrum saman, og oftast vel vaxin. In fyrr nefnda tegund vex með vötnum fram, en in síðar nefnda á harðvelli. In fyrr nefnda tegund verðr 40 til 60 feta á hæð, og 2 til 3 fet að þvermáli. En mjög er viðr þessi mjúkr og linr.

Pílviðr (*Salix*) og öln (*Alnus*) eru þau trén, sem mest gnægð er af; vaxa hér ýmsar tegundir þeirra, svo sem *Salix speciosa*; *Sal. Richardsonii*, og *Sal. villosa*; *Alnus viridis*, *Aln. incana*, og *Aln. rubra*.

Margar aðrar trjá-tegundir vaxa hér þótt eigi sé nú rúm né ráð til að telja það alt hér.

Það yrði með öllu ofverk að fara að reyna að telja hér upp nokkuru fjölda af inum mörgu og margvíslegu grasa-tegundum, er vaxa í fylki þessu. Þess skal að eins geta, að gras-vöxtr er þar mikill og góðr hvervetna; má nefna meðal inna almennustu grasa alkunna blágresis-tegund, er Kentucky-blágresi kallast (*Poa pratensis*); enn fremr *Poa nemoralis*, *Calamagrostis Canadensis*, og ótal aðrar grasa-tegundir. Meðal-gras er eigi lægra en 3 feta, en oft 4 til 5 feta hátt.—Tvær tegundir af *Elymus* (mel, rúg-grasi) gróa svo ríkulega sumstaðar, að ferðamaðrinn freistast til að halda hann sjái sána kornakra, þar sem þær vaxa viltar; þær bera þroskað korn.

Kornyrkja má kalla sé óreynd í þessu fylki. Tvisvar hefir bygg-grjónum verið sáð í Fort Yukon og hefnaðist vel í hvortveggja skipti; grasið varð smávaxið, en kornið þroskaðist vel. En sakir þess að skinnaverzlunin krafði allan vinnukraft þeirra hvíttra manna, sem þar voru, hefir því eigi verið fram haldið. Næpur, rófur og redikur og salat og aðrir garðávextir þrífast vel; Dall segir, að næpur þær, er hann hafi smakkað að St. Michael's hafi verið þær beztu er hann hafi nokkru sinni séð á æfi sinni. Ávaxtatré eru engin í þessu fylki, en óteljandi fjöldi berja; Dall nefnir um 20 tegundir, sem hann segir sé "nokkrar af inum almennari tegundum, er þar vaxa."

Fyrir nauta-rækt og fjárrækt er víða ágætt land í fylki þessu. Enginn er skortr beutilands og slægna; en góða vetrar-hirðing þyrftu gripir að hafa. Hefir það verið reynt og hefnast í Fort Yukon, og er það þó fyrir norðan hvarfbaug (það er talið að liggja á 66° 34' n. br.).

Með því þetta fylki varðar oss litlu eftir tilgangi kvers þessa, þá þykir þetta nóg um það sagt að sinni.

## 2. Aleuta-fylki.

Þetta fylki tekur yfir Aleuta-eyjarnar og Alíaska-skaga austr að 155° v.-l. Sakir þess að Kadiak-eyjar eru skógi vaxnar þykja þær heldr heyra til Sitka-fylki. Flestar eru eyjar þessar fjöllóttar, og eru sum þeirra fjalla eldfjöll, og rjúka nokkur þeirra gufu eða eim; milli fjallanna og sjávar eru aflíðandi öldóttar hæðir og engi-vellir. Jarðvegrinn er feitr og frjór, er það mold jurtakends efnis og dökkleitr eða blakkr leir og hér og hvar kalkkendir frjóleir (*mergel*). Sumstaðar hefir mosi gróið yfir, vætukendr, og spillir jörðinni, "en það liggur hverjum í augum uppi, hversu auðvelt er að útrýma honum" segir Dall. Sumstaðar er jarðvegrinn myndaður af ösku og affalli frá eldfjöllunum og er mest af þeim jarðvegi mjög frjósamt. Loftslag er saggasamt, en milt. Chamisso segir að snjólínan liggir 3510 fetum yfir sjávar-flöt. Mesti kuldi, er menn þekkja til að komið hafi (á eyjunni Unalāshka) segir faðir Veniamínoff sé 0° á Fahrenheit (= -14° 2 Réaumur), en mestr hiti +77 Fahr. (= +20° Réaum.)—Taflan, sem hér kemr, sýnir hita á Unalāshka um 4 ár (1830, 31, 32, 33) og meðaltals-hita fimm ára (1834 talið með):

Ár:	Kl. 7 f.m.		Kl. 1 e.m.		Kl. 9 e.m.		Mestr hiti.		Mestr kuldi.	
	Fahr.	Réaum.	Fahr.	Réaum.	Fahr.	Réaum.	Fahr.	Réaum.	Fahr.	Réaum.
1830	+35	+1.3	+38	+2.7	+34	+0.9	+77	+20.0	0	-14.2
1831	+36	+1.8	+40	+3.5	+34	+0.9	+64	+14.2	+7	-11.1
1832	+39	+3.1	+42	+4.4	+38	+2.7	+77	+20.0	+7	-11.1
1833	+38	+2.7	+41	+4.0	+36	+1.8	+76	+19.5	+5	-12.0
Meðaltal um 5 ár	+37	+2.2	+40.5	+3.7	+36	+1.8	+77	+20.0	0	-14.2

Veðrlag, meðaltala um 7 ár:

Dagar	Jan.	Febr.	Marz.	Apr.	Maí.	Júní.	Júlí.	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Als.
Alheiðir, skýlausir	11	9	3	4	2	6	0	5	2	2	3	6	53
Hálf-heiðríkir	111	86	112	104	105	95	118	106	107	115	88	116	1263
Alskýja	95	103	102	102	104	109	99	106	101	100	119	95	1235

Þessar athuganir eru gjörðar að Iliúluk, Unalāshka, af inum velæruverða föðr Innocentius Veniamínoff. Frá Október til Apríl segir hann vindar blási mest frá norðri og vestri. Hitamælir stendr lægst í janúar og marz, en hæst í júlí og ágúst. Loftþunga-mælir fellr og stígr milli 27.415 og 29.437 þumlunga, stígr með norðanátt, en fellr með sunnan-átt, stendr jafn-hæst í desember og jafn-lægst í júlí.

Það er eigi ófróðlegt að bera hér saman þetta fylki af Alaska og annað land, sem er því í öllu mjög líkt, en hefir nú verið undir rækt um margar aldir. Það sýnir, hvað mannleg elja með tilstyrk þeirrar mentunar, er reynsla og þekking veitir, getr framkvæmt og til leiðar komið í landi, sem er nálega jafn-kalt, fult svo rigningasamt og miklu gróðrlausara og ófrjórra en Aleuta-fylkið í Alaska. Ég á við Hálöndin í Skotlandi og eyjarnar í kring um Skotland, sem er svo þokusamt, að "skozk þoka" er að orðtaki höfð um heim allan.

Dr. Graham af Aberfoyle segir (í Edinb. Encyclop., art. "Scotland," Vol. XVI, p. 733 & seqq.) um vestrhlut Skotlands, að í Ayreshire sé mjög vætusamt og saggasamt loftslag, en milt og temprað. Í Renfrewshire eru stór-rigningar tíðar; svo er og í Dumbartonshire. Argyllshire er rigningasamasta pláss í Skotlandi.

"Fjalla-tindarnir háu," segir Dr. Graham, "draga eðlilega að sér gufuna, sem stígr upp frá sjónum, og skýin þykna þangað til þau falla í straumum niðr yfir dalina. Vetrnir eru mildir að mestu og



tempraðir, en sumrin einatt vætusöm og köld. Loftslag á Hjaltlandseyjum er líkt og á Orkneyjum. Þó loftið sé hráslagalegt og saggasamt, fer þó mjög fjarri að það sé óheilnæmt. Það rignir þar ekki stundum saman, heldr dögum og vikum saman, þá er vindr blæs frá vestri," &c.

Þessi lýsing passar einmitt nákvæmlega uppá rigningasamasta plássið í Aleuta-fylki.

Meðalhiti ársins í Norðr-Skotlandi er frá 42° til 48° á Fahrenheit (+ 4° 4 til 7° 1 á Réaumur). Í Aleuta-fylkinu í Alaska er meðalhiti ársins frá 36° til 40° Fahr. (+ 1° 8 til + 3° 5 Réaum.). Á Hjaltlands-eyjum og Orkneyjum er loftslag óblíðara talsvert og vætusamara.

Regnfall í Orkneyjum er 36.66 þuml; í Glasgow á Skotlandi er regnfallið 40 þuml.; í Ayreshire 42 þuml.; í Hvíthöfn 48 þuml.; í Restwick 67 þuml.; og í Eastwaite 86 þuml. (*Encyclopædia Britannica*.) Ef mig minnir rétt, er regnfallið í Reykjavík 34 þuml. Í Drymen í Sterlingshire á vestrströnd Skotlands hafa dagar þeir, er regn fellr, verið taldir um 14 ár, og verðr meðaltalan 205 regndagar á ári. Í Unalashka hefir þetta verið talið um 7 ár, og meðaltala regndaga þar er 150 dagar á ári (hver sá dagr, þá er regn fellr, þótt lítið sé, er talinn regndagr). Séra Veniamínoff segir regnfallið sé þar 27 þuml. Þetta ætlar Dall sé ef lítið, og gizkar á 40 þuml. í bók sinni; en síðar hefir hann sagt mér munnlega, að hann álíti nú, að séra Veniamínoff muni hafa rétt að mæla.

Vér skulum nú stuttlega líta yfir afrakstr þessa lands, sem hefir loftslag og regnfall svo líkt Aleuta-fylkinu; það getr bent á, hvers vænta megi með tímanum af Aleuta-fylki, er það byggist, og það því fremr, sem jarðvegr er þar frjórri en á Skotlandi.

Á næstu síðu er tafla sem sýnir afrakstr Hálanda á Skotlandi og eyjanna í kring; er hún gjörð eftir opinberum skýrslum í "*Transactions of the Highland and Agricultural Society of Scotland*," Vol. XV, 1856.—Það er óþarfi að fara um töfluna mörgum orðum; tölur mæla oftast sjálfar máli sínu furðu-vel.

Tafla yfir afrakstr og búnað á Hálöndum í Skotlandi og eyjunum í nánd.

	Fólkstál		Hveiti, bushel		Bygg		Hafrar	
	1855	1854	1855	1854	1855	1854	1855	
Argyll	1620	7315	13394	56795	46819	806395	705375	
Arran	152	4373	4688	1974	619	49139	42154	
Caithness	504	4644	5607	9549	7609	748215	613799	
Inverness	749	47573	37814	93100	54957	437584	363176	
Orkneyjar og Zetland	262	180	393	5727	2746	238728	258789	
Ross og Cromatry	873	220179	233018	264112	204417	620035	493042	
Sutherland	141	10183	8885	51936	35759	93637	80136	
Alsendis	4340	294447	303799	483193	362726	2993733	2557871	
	Rúgr		Baunir og ertur		Næpur			
	1854	1855	1854	1855	1854	1855		
Argyll	65144	59093	15147	21641	84907	103444		
Arran	7086	4655	4403	3523	6497	4344		
Caithness	98924	56292	.....	.....	143416	120787		
Inverness	23068	22206	2572	5227	84984	73948		
Orkneyjar og Zetland	108168	105525	342	.....	39230	42536		
Ross og Cromatry	4104	6167	8273	21834	160145	163834		
Sutherland	1065	2693	.....	114	32052	29707		



Alsendis	308059   256631   30737   52339   551231   528600					
	Sönskar næp., ekr. 1854   1855	Kartöflur 1854   1855	Gulrófur, ekrur 1854   1855	Hvítkál, ekr. 1854   1855		
Argyll	28   33	10504   26412	24   17	23   28		
Arran	22   10	671   1493	4½   4	7   5		
Caithness	28   .....	8310   5931	0%   ....	10   9		
Inverness	10   17	6519   12176	4   2	35   26		
Orkneyjar og Zetland	.....   2	6532   6261	4   4	30   35		
Ross og Cromatry	23   15	17281   20876	4   1	9   5		
Sutherland	.....   .....	1540   1633	2   4	3   2		
Alsendis	111   77	51357   74782	43%   33	123   117		
	Hör, ekrur 1854   1855	Gras, ekrur 1854   1855	Hross 1855	Nautfé 1855	Sauðfé 1855	Svín 1855
Argyll	26   15	36151   40303	8512   60378	814029   3458		
Arran	12½   ....	3002   2588	2367   3010	25630   360		
Caithness	7   15	19043   18076	801   14659	60447   1149		
Inverness	2   3	15313   14226	3485   24061	567694   1667		
Orkneyjar og Zetland	1   1	4954   8297	2437   8128	10815   1337		
Ross og Cromatry	.....   .....	232   535	1250   5845	50		
Sutherland	3   1	19641   20491	4414   16190	288015   4557		
Alsendis	.....   ...1	3936   4446	914   3642	200553   550		
Alsendis	49%   36	102272   108962	22930   131318	1973028   13128		
			Gripir als.....	2 140 404		

Loftslagið á Skotlandi er svo líkt því, sem það er í Aleuta-fylkinu í Alaska, að tvö lönd svo fjarlæg á hnettinum geta trauðlega líkari verið. Austrströnd Skotlands er í skjóli fyrir vindunum og hafgufunni frá Atlantshafi, þar eð fjöllin skýla fyrir að vestan; því er þar eigi svo vætusamt sem á vestrströndinni, og meiri munr hita og kulda; að þessu leyti svarar austrströndin á Cooks-flóa til austrstrandar Skotlands.

Íbúar þessa fylkis eru Aleutar, tryggir og námfúsir, en latir og fyrirhyggjulausir. Þeir eru sjómenn góðir, en búslóðar; enda hafa Rússar verið einu lærifeðr þeirra í búskap, og þá er nú ekki á verra von!

Eigi er timbr í fylki þessu annað en kjarr eitt; en allir ljúka upp um það einum munn, að eigi sé annað að sjá, en að skógr hljóti að geta vaxið þar, ef hann er gróðrsettr og hirtr. En í sumum inna beztu ríkja í álfu þessari vex lítill sem engi skógr nema gróðrsettr sé. Mikill hluti Nebraska-ríkis er skóglaus af náttúrunnar hendi; en mönnum verðr hér eigi svo mikið fyrir að græða skóga, og það enda svo, að muni til bóta á loftslagi í heilum landsplássum.—Með því loftslag í þessu fylki er miklu mildara en í Yukon-fylkinu, og þurrara en í mestum hlut Sitka-fylkis, þá blómgast grös hér svo, að grasvöxtr verðr nærri meiri, en maðr óskar eftir, ef svo mætti segja, þar sem maðr sumstaðar veðr alt að hæð sinni í grasi.

Svo er t.a.m. sagt um Unalashka, að í nánd við Formanns-höfn (Captain's Harbour) sé in mesta ofrgnægð af grasi, en loftslag miklu betr fallið til heyskapar en, á ströndum Oregon-ríkis. Naut á útigangi verða spikfeit, og kjötið svo mjúkt og bragðgott, að fágæti er ef aligripir annarstaðar taka því fram. Jörðin liggir af náttúrunnar hendi albuin undir plóginn. Þar sem melr (*elymus*) grœr og þroskast, sem þar, af sjálfu sér þar er bágð að sjá hví aðrar korntegundir skyldu eigi geta gróið

og þroskatz, ef þær væru yrktar umhyggjusamlega og haustsánar. Þess ber að gæta, að engin korntegund ber nema hálfan ávöxt, og hann rýran, nokkurstaðar á ströndum Kyrra-Hafsins, hvorki norðarlega né sunnarlega; nema sáð sé að haustinu til.<sup>[8]</sup>

Ertur vaxa viltar nálægt Unalāshka-firði, segir Davidson; er þar mesta gnægð af þeim. Það er sú tegund, er grasafrœðingar kalla *Lathyrus maritimus*. Hún grœr hvervetna á syðri hlut austrstrandanna á Alíaska-skaga, að því er Dall hefir munnlega sagt mér. Þess er í ritum getið að talsvert grói af þessari tegund á einum stað á Kenai-skaga. Það liggur í augum uppi að sú tegund sem grœr þannig vilt og umhirðingarlaus mundi gróa eigi síðr í vel yrktri jörð með góðri þössun. Hún kvað gróa í Alaska víða norðr að 64° n. br.

Það, sem sagt er um Unalāshka, gildir í engu síðr, nema fremr sé, um eyjarnar fyrir vestan. Ymsar rófu-tegundir vaxa viltar á öllum þessum eyjum; er gnægð af þeim, og þær eru góðar átu. Svín, geitr og enda naut og sauðir geta gengið sjálfala árið um í kring.

Það virðist óþarfi að fara orðum um, hvort kvikfjarrækt muni hepnast í þessu fylki, eða að bera það saman við Ísland; það getr hver gjört sjálf eftir að hann hefir þetta lesið.

### 3. Sitka-fylki.

Þetta fylki nær frá takmarka-línu Alaska að sunnan, og nær yfir meginlandið og eyjarnar norðr að Yukon-fylki og vestr að Aleuta-fylki; inni lykr það því í sér Kadiak-eyjarnar og landið umhverfis Cooks-flóa.

Yfirborð landsins í þessu fylki er svo óslétt og fjöllótt sem framast má verða. Að eins norðvestr-hluti þess inni lykr yrkjandi land að nokkrum mun. Það eru reyndar blettir og blettir hér og hvar um syðra hlut þess, er vel eru lagaðir til yrkingar. En mestmegnis er þó sá hluti fjöllóttur, og fjöllin sæbrött mjög og undirlendislaus, en þakin skógum svo þykkum, að varla er fært í gegn um þá, og ná þeir skógar frá ströndunum og upp eftir fjöllunum 1500 fet yfir sjávarmál.

Sundin og djúpin milli Alexanders-eyjanna mynda þjóðvegi fylkisins, enda eru það beztu þjóðvegirnir, sem orðið geta í fjöllóttu landi. Ekki þarf að ryðja blessaðan sjóinn, ekki þarf að kosta stórfé í járnbrautir á hann, og ekkert kostar að halda honum við. Alstaðar í þessu fylki er timbr svo gnógt, sem nokkurstaðar ella á hnetti þessum, svo eldiviðrinn er eigi kostbær fyrir gufubáta; enda eru kol næg í fylkinu og kosta ekki annað en að taka þau upp; ekki þarf að flytja þau né timbrið langt til skips; alt er í flœðarmálinu.

Jarðvegrinn er mestmegnis frjómol af jurta-efni með undirlagi af sandleir eða dökkleitam deigulmó. Jarðvegrinn umhverfis Cooks-flóa og á Kadiak-eyjum er þessa eðlis; en þar er þó jarðvegrinn blandinn ösku-brunnum sandi, er sjórinn hefir borið upp, og þykk sandleirs-lög undir, svo jarðvegrinn verðr þar léttari, þurrari og enn frjóvari, og þannig betr lagaðr til yrkingar en ella. Loftslagið í suðrhlut fylkisins er mjög milt, en ótæklega vætusamt. Regnfallið í Sitka er frá 60 til 95 þuml. árlega; og tala regndaga er frá 190 til 235. Á Kadiak og við Cooks-flóa mun regnfallið vera litið yfir 30 þuml. að meðallagi, ef það er svo hátt.

Veðráttá í Sitka frá 31. okt. 1867 til 31. okt. 1868:

	Meðal-hiti.		Heiðríkir Þyktloft,					
	Fahr.	Réaum.	Regnfall.	dagar.	dagar.	Regndagar.	Snjódagar.	
Vor	+42.6°	+ 4.7°	14.64	þuml	22	70	33	15
Samar	+55.7°	+10.6°	10.14	"	21	71	36	0
Haust	+45.9°	+ 6.2°	28.70	"	19	72	44	5
Vetr	+31.9°	- 0.1°	14.59	"	44	47	21	6
Alt árið	+44.07°	+ 5.4°	68.07	"	106	260	134	26

Mestr kuldi, sem kom það ár, var +11° Fahr. (-9° 3 Réaum.) Margra ára rannsókn sýnir, að meðalhiti á vetrum er um +33° Fahr. (+0.4 Réaum.); er það álíka og í Mannheimum við Rín, en heitara en í München, Vínar-borg eða Berlinni. Það er sem næst áþekt sem í Washington, höfuðborg Banda-ríkjanna (sem þó liggur 1095 mílum sunnar) og heitara en í New York, Philadelphia eður Baltimore.<sup>[9]</sup> En sagga-loftið og rigningarnar valda því að sumarið er miklu kaldara í Sitka en á inum áðr nefndu stöðum.

Indíánar byggja á Alexanders-eyjum og ströndinni nálega norðr undir Vilhjálms-grunn (Prince William Sound.) Þaðan af byggja Innuitar ströndina, og Indíánar að eins upplandið. Við Cooks-flóa, á Kadíak og á suðrströnd Alíaska-skaga hafa Innuitar dálitla viðburði til jarðræktar.

Á Kadíak-ey og austanmegin við Cooks-flóa eru vetrar kaldari og sumur þurrari og heitari en á Sitka. Þó eru mildari miklu vetrar á Kadíak, en við Cooks-flóa. Sumartíðin er in bezta fyrir heyskap og gras gnægða-gott og mikið. Hafrar og bygg hefir yrkt verið við Cooks-flóa meðan Rússar áttu landið. Skógar eru góðir og nægir. Í skýrslu nýlendu-nefndarinnar til Rússa-keisara (Pétursborg, 1863) er talið meðal afrakstrs við Cooks-flóa 180 000 pund af saltkjöti, 180 mæliker af berjum o.s.fr.; nú er lítið um yrkju eður afrakstr, með því fáir hvítir menn búa hér, síðan Rússar seldu landið og drógu burt setulið sitt.—Dr. Kellogg segir um Kadíak: "Grös og grænar jurtir þekja fjöllin upp át hátinda. Sumarveðrið er hér ólíkt því, sem það er í Sitka, og er vel fallið fyrir heyskap." Á vetrna er kuldinn eigi svo hár á Kadíak, en jafn. Eftir að fer að frjósa helzt kuldinn jafnt og þétt án snöggra veðrbreytinga. Ísinn á stöðuvatninu á Viðey (á höfninni í St. Paul á Kadíak) er orðinn tólf þumlunga þykk, þegar vel er, í lok desember eður byrjun janúar, þykkar svo í janúar og febrúar, og hefir, þegar bezt lætr, náð 18 þuml. þykt í lok febrúarmánaðar. Mesti kuldi, sem menn vita komið hafa á Kadíak, er -18° Fahr. (-22° Réaum.); og hefir það borið við einu sinni, svo menn hafi sögur af: þá þyknaði ísinn um 1½ þumlung á sólarhring, og er það inn hraðasti vöxtr, sem hann hefir haft svo menn viti.

Lisiansky<sup>[10]</sup> getr þess, að byggi hafi sáð verið á Kadíak 1804, og hafði það þroskzt víðast hvar. En "ið vætusama og heiðríkju-litla veðr, sem eigi er holt akryrkju, veldr því að korntegundir þurfa hér pössunarsemi og hirðu—en það eru kostir, sem innlendir menn hér hafa eigi til að bera."

"Hvort veðrið er bjart eður þykt, kemr alsendis undir veðrstöðunni. Veðr er fagrt er vindar blása frá suðri, suðvestri, vestri, norðvestri eða norðri; en alt hvað vindar eru austanstöðari en hánorðr eður hásuðr, veldr það þokum og rigningum. Í desember-mánuði var veðrið fremr milt, þó vindr væri á norðan. Hitamælir vísaði aldrei lægra en +38° Fahr. (+2° 7 Réaum.) þar til 24. desbr.; þá féll hann til +26° Fahr. (-2° 7 Réaum.). Þá féll snjór á jörð, og hélzt hann um nokkra mánuði.

Eigi er þó talið að vetr byrji reglulega fyrri en með janúar. Meðan vetr stóð yfir var loft alt af þurt og hreint (að frá teknum fám dögum í febrúar) og vindar léku milli suðvestrs og vestr. Mestr kuldi var 22. janúar, þá féll hitamælir niður á 0° Fahr. (-14° 2 Réaum.) Síðustu dagar í febrúar og fyrstu dagar í marz voru og svo kaldir, að hitamælir féll niður á milli 13° og 14° Fahr. (-8° til 8° 4 R.)—Um þessa daga mældi ég þykt íssins á vatninu í Viðey, og var hún 18 þumt.— 9. marz byrjaði vorið." [Lisiansky, 171. bls.] "Vetrinn, sem ég dvaldi hér, var þurrari en í meðallagi." (Sami, 190. bls.) "Dagana, sem vér dvöldum á Kadiak, frá 26. til 31. ágúst (1867), var meðalhiti loftsins 49° 5 F. (+7° 8 R.), og sjóarins 45° 8 F. (+6° R.)" (Davidson: "Coast Pilot of Alaska," Washington, D.C., 1869, 27. bls.)

Veðr-tafla, dregin saman úr dagbók, haldinni á Kadiak-ey 1/10 1872 til 30/9 1873.

Mánuðir 1872-73	Meðalhiti Klukkan				Mestr hiti. Klukkan		
	8.f.m	12.m.	6.e.m	Medaltal	8.f.m	12.m.	6.e.m
Október	R + 2.7	+ 5.3	+ 4.4	+ 4.1	+ 6.2	+ 8.0	+ 7.1
	F 38.1	43.9	42.0	41.3	46.	50.	48.
Nóvember	R + 1.6	+ 4.4	+ 2.3	+ 2.7	+ 5.3	+ 6.2	+ 6.2
	F 35.7	42.1	37.2	38.3	44.	46.	46.
Desember	R + 0.3	+ 1.0	+ 0.8	+ 0.7	+ 4.4	+ 5.3	+ 4.9
	F 32.7	34.3	33.7	33.6	42.	44.	43.
Janúar	R - 4.1	- 3.3	- 3.2	- 3.5	+ 2.7	+ 4.4	+ 6.2
	F 22.8	24.5	24.7	24.0	38.	42.	46.
Febrúar	R - 2.1	- 0.1	- 1.0	- 1.1	+ 2.7	+ 3.5	+ 5.3
	F 27.2	31.8	29.8	29.6	38.	40.	44.
Marz	R - 4.8	- 1.8	- 1.8	- 2.8	0.0	+ 1.8	+ 1.8
	F 21.2	28.0	27.9	25.7	32.	36.	36.
Apríl	R + 0.7	+ 3.5	+ 2.8	+ 2.3	+ 3.5	+ 8.0	+ 8.9
	F 33.5	40.0	38.5	37.3	40.	50.	52.
Maí	R + 3.4	+ 5.5	+ 4.9	+ 4.6	+ 4.4	+ 9.8	+11.5
	F 39.7	44.5	43.0	42.4	42.	54.	58.
Júní	R + 6.6	+10.4	+10.2	+ 9.1	+10.7	+16.9	+16.9
	F 46.9	55.3	55.1	52.4	56.	70.	70.
Júlí	R + 9.8	+13.0	+13.2	+12.0	+10.7	+16.9	+17.8
	F 54.0	61.2	61.8	59.0	56.	70.	72.
Ágúst	R + 9.3	+13.5	+13.9	+12.2	+11.5	+16.0	+16.9
	F 53.0	62.4	63.2	59.5	58.	68.	70.
September	R + 7.1	+ 9.8	+ 9.0	+ 8.6	+ 8.0	+11.5	+10.7
	F 47.9	54.1	52.2	51.4	50.	58.	56.
Alt árið	R + 2.5	+ 5.1	+ 4.6	+ 4.1	+11.5	+16.9	+17.8
	F 37.7	43.5	42.4	41.2	58.	70.	72.

Mánuðir 1872-73	Minstr hiti Klukkan				Heidríkir dagar
	8.f.m	12.m.	6.e.m		
Október	R - 2.7	0.0	0.0	\	13½
	F 26.	32.	32.	/	
Nóvember	R - 1.8	0.0	0.0	\	13
	F 28.	32.	32.	/	
Desember	R -10.7	- 8.0	- 8.9	\	8½
	F 8.	14.	12.	/	
Janúar	R -10.7	- 9.8	- 9.8	\	11½
	F 8.	10.	10.	/	
Febrúar	R -10.7	-10.7	-11.5	\	11
	F 8.	8.	6.	/	
Marz	R - 9.8	- 8.0	- 7.1	\	16½
	F 10.	14.	16.	/	
Apríl	R - 3.5	- 1.8	- 2.2	\	11½
	F 24.	28.	27.	/	

Maí	R	+ 0.9	+ 2.7	+ 1.8	\	8	
	F	34.	38.	36.	/		
Júní	R	+ 3.5	+ 7.1	+ 6.2	\	16	
	F	40.	48.	46.	/		
Júlí	R	+ 8.0	+ 9.8	+ 8.9	\	15	
	F	50.	54.	52.	/		
Ágúst	R	+ 7.1	+ 9.8	+ 9.8	\	21	
	F	48.	54.	54.	/		
September	R	+ 4.4	+ 8.0	+ 7.1	\	5	
	F	42.	50.	48.	/		
Alt árið	R	-10.7	-10.7	-11.5	\	150%	
	F	8.	8.	6.	/		

1872-73	Skýjað loft			Dagar als.	Meðalhiti árstiða.		
	Úrkoma Snjór	Regn.	Úrkomu- laust				
Október	R	2	8	7½	31	\	Haust: 37.7 (= +2.5)
	F					/	
Nóvember	R	2	8	7	30	\	
	F					/	
Desember	R	4	11	7½	31	/	
	F					/	
Janúar	R	8	1	10½	31	\	Vetr: 26.4 (= -2.5)
	F					/	
Febrúar	R	8½	3½	5	28	\	
	F					/	
Marz	R	7	0	7½	31	/	
	F					/	
Apríl	R	2	6	10½	30	\	Vor: 44.0 (= +5.3)
	F					/	
Maí	R	1	16	6	31	\	
	F					/	
Júní	R	0	3	11	30	/	
	F					/	
Júlí	R	0	5	11	31	\	Sumar: 56.6 (= +11.0)
	F					/	
Ágúst	R	0	3	7	31	\	
	F					/	
September	R	0	8	17	30	/	
	F					/	
Alt árið	R	34½	72½	107½	365	\	+4.1
	F					/	41.2

Vér sjáum af þessari töflu enn fremr, að af öllum dögum ársins eru 150½ heiðríkir, en 214½ dagar hafa skýjað eðr þykt loft (þ.e.: meira en hálfan himin skýjaðan); af þessum 214½ skýjuðu dögum eru 107 úrkomu-dagar (regn eða snjór), en 107½ úrkomu-lausir. Þannig verða als á árinu 107 úrkomu-dagar, en 258 úrkomu-lausir (heiðríkir og skýjaðir). Þetta ár (1. okt. 1872 til 30. sept. 1873.) sýnir einmitt meðal-ár á Kadiak. Veðrtafla, sem þeir Ólafr og Páll hafa sent yfir nóvember og hálfan desember 1874, sýnir mjög áþekt veðrlag um þann tíma sem um tilsvarendi tíma hér í töflunni.

Mesta auðlegð suðrhauta þessa fylkis er falin í timbrinu. Hér skal nefna nokkrar inar helztu trjátegundir, og eru þær taldar í þeirri röð, sem þær hafa eftir verði sínu, inar dýrmætustu fyrst o.s.frv.

**Gulr sedrus-viðr** (*Chamaecyparis nutkatensis*).—Þetta er inn dýrmætasti viðr, sem vex nokkurstaðar á ströndum Kyrra Hafsins; hann er smágjör í sér og þéttr, allharðr og frábærlega

endingargóðrog hefir sætan ylm. "Enginn viðr jafnast við hann til skipsmíða; hann er svo létt, þétt, auðunninn og dæmalaust endingagóðr." (Kellogg.) Hann vex hvergi nema í Alaska, og er in eina viðartegund á ströndum Kyrra Hafsins, sem er góðr efniviðr í skip. Ef menn gæta þess, að öll skip, sem nú eru bygð á Kyrra Hafs ströndum (mestmegnis úr Oregon-greni) verða að svara talsvert hærra ábyrgðar-gjaldi en vanalegt er, og fá að-eins ábyrgð um stuttan tíma, þá bendir það ljóslegar, en nokkur löng rakaleiðsla, til þess, hverja þýðing þessi viðr hlýtr að fá fyrir sjóverzlunina á öllum Kyrra Hafs ströndum, þá er menn fara að byggja Alaska og nota viðinn. Efniviðr í skip er og verðr ávalt mjög útgengileg og arðsöm vara til að selja í öllum ríkjum við Kyrra Hafið. Þvermál sedrustrjáanna hér er venjulega frá 3 til 5 feta, en nær þó stundum alt að 8 fetum.

**Skrúðfura** eða **hvítgreni** (*Spruce, Abies Sitkensis*).—Þessi viðr er vel kunnr í timbrverzluninni á Kyrra Hafs ströndunum nú; hann er hár og bolrinn þráðbeinn. Það er góðr viðr, þó eigi jafnist hann við sedrusviðinn.

**Fura** (*Hemlock, Abies mertensiana*).—Þessum viði er oft blandað saman við inn síðast nefnda. Sumir grasafreðingar álíta það sé aðeins afbrigði af sömu tegund. Timbrkaupmenn blanda þeim oft saman; og er þó skrúðfuran endingar-betri.

**Balsam-fura** (*Abies Canadensis*).—Viðrinn sjálf er lélegur, en börkrinn af honum og inum síðast nefnda við er hafðr til að barka (garfa) leðr með. Balsamið hafa lækna til meðala, og listamenn nota það einnig.

**Skrubb-greni** (*Scrub Pine, Pinus contorta*).—Þessi viðr verðr sjaldan hærri en 40 fet af heilvöxnum bol, og 18 fet að gagnmáli.

Júniper og ýms önnur tré, er minna þykir um vert, vaxa og í þessu fylki.

(Um Kadiak er meira sagt í skýrslu sendi-nefndarinnar.)

Flestallar þær berja-tegundir, sem vaxa í Yukon-fylkinu, eru og algengar í Aleuta-fylkinu og norðvestr-hlut Sitka-fylkis.

Um syðri hlut Sitka-fylkis segir Dall: "Það er eigi unt að hugsa sér betra skógland; alstaðar eru samgöngur og flutningsvegir auðveldir á sjónum, og fjöllinn svo brött, að eigi þarf annað, en að slá bjálkum úr lélegasta timbrinu undir viðar-flekana og setja þá á stað (um vetrartímann), og renna þeir þá sjálfkrafa niðr fannirnar til sjóar."

"Margt hefir verið ritað um Alaska af mönnum, sem ekkert þektu til, og eru því rit þeirra þar eftir—hégóminn einber."

"Þar sem ríkið Massachusetts<sup>[11]</sup> hefir frá upphafi sínu til þessa dags **aldrei flutt út** til annara ríkja **annan afrakstr af landi sínu, en ís og grjót**,<sup>[12]</sup> þá getum vér væntzt með tímanum að fá inn flutt frá Alaska skipavið, smjör, ost, ull og alskonar kjötmeti; og þar sem ýmsar berja-tegundir eru nú fluttar þaðan til San Francisco, þá má ætla að fleiri ávextir bætist þar við." [Dall.]

## V. KAFLI.

### STEINA OG MÁLMA TEGUNDIR.

Því er miðr, að hvorki er hér rúm til að skýra frá jarðarfræði Alaska, enda mun mentun flestallra lesenda þessa kvers vera á því stigi, að þeir hefðu þess lítil not; ég verð líka að játa vankunnáttu mína í þessu efni svo mikla, að þó ég hafi rit annara til að fara eftir í þessu efni, þá er svo margt, sem mönnum ber eigi saman um í inni vísindalegu kennig um uppruna jarðlaganna, myndun þeirra og aldr, að eigi verðr skynsamlega dregið saman úr því neitt ágrip, nema maðr hafi nægilega þekking á jarðarfræði (*geology*), til þess að meta sjálf rökkin og gjöra sér glöggva hugmynd um efnið sjálf; en kunnátta mín í þessu efni er sára-mögr; og mér er ekki um gefið að hætta mér staflaust á hálan ís, og reyna að kenna öðrum það, er ég hefí eigi glögt skyn á sjálf; hafði ég og það ætlað, að ég skyldi ekkert það fullyrða í þessu kveri, er ég væri eigi sannfærðr um sjálf.

Svo mikið er víst, að endr í árdaga hefir verið miklu heitara á jörð vorri en nú er; þá hafa grös og tré gróið í heimskauta-löndunum og dýr lifað þar, sem nú lifa og þróast að eins í tempraða beltinu og hita-beltinu. Finnast leifar þeirra nú steingjörðar. Þetta var áðr eignað því, að jarðhitinn hefði þá verið meiri; en nú þykjast menn vita að sú tilgáta sé hégómi. Sumir hafa sagt, að t.d. filar þeir, er leifar hafa af fundizt í Síberíu, gæti hafa borizt norðr þangað í sjóflóði, en hefðu aldrei lifað þar. En í Alaska finst slíkr urmull af leifum fila og annara slíkra dýra innan um leifar af gróðri (*vegetation*) sem samsvarar eðlisháttum þeirra og að öðru leyti á þeim stöðvum og í því ástandi, er fullkomlega sýnir, að slík dýr hafa lifað þar, og gróðr jarðar og loftslag voríð þar eftir. Síðan hefir komið tímabil, þá er kuldi var miklu meiri á jörðinni, en nú er; þá hefir allr norðrhloti Ameríku verið þakinn einlægum jökli, svo sem Grænland er nú; síðan hefir aftr orðið mildara, og er svo nú á jörð vorri.—Vísindin hafa enga skýlausa fullnægjandi úrlausn enn á því, hvað valdið hafi þessum breytingum á loftslagi. Ein in nýjasta og, að mér virðist, sennilegasta getgáta þessu viðvíkjandi er sú, er Dr. Oswald Heer hefir fram sett. Dr. Heer kvað hafa ransakað steingjörvinga ins heita tímabils gaumgæfilegar en nokkur annar jarðarfræðingur fyrr eða síðar. Hans kenning er þessi:

Það er stjörnufræðingum kunnugt, að sólkerfi vort gengr í afarstórum hring um einhvern fjarlægán miðpunkt, og að það kemr þannig ávalt inn í nýtt og nýtt rúm; oss ber frá ókunnu rúmi, og oss kastar inn í ókunnugt rúm; en það vitum vér með óyggjandi vissu, að sólkerfi vort er sem stendr í rúmi í himingeiminum, sem er strjál-bygt af stjörnum. Það er engin ástæða til að efast um, að sólkerfi vort hafi einhvern tíma gengið í gegn um eitthvert af þeim héröðum himingeimsins (ef svo mætti að orði komast), sem vér sjáum í sjónglerum að eru miklu þéttskipaðri af stjörnum, en það rúm, sem sólkerfi vort er í nú sem stendr. En allar þessar stjörnur eru skínandi sólir, og inn meiri eða minni fjöldi þeirra hlýtr því að hafa nokkur samsvarandi áhrif á hita loftisins í rúminu umhverfis þær í himingeiminum. Vér getum þannig ætlað, að á heita (*miocene*) tímabilinu hafi sólkerfi vort verið í rúmi í himingeiminum, sem var þéttskipað stjörnum, og hafi þannig jörð vor orðið aðnjótandi heitara loftslags, er þar af leiddi, svo að jafnvel löndin við heimskaut hennar fengu gróðr þann, sem nú finst að eins um miðbik hennar. En sól vor hélt á fram sinni óstöðvandi rás og fylgdi henni allr hennar herskari af plánetum, og



svo sem aldir liðu fram, bar sólkerfi vort inn í ný héruð í himingeiminum, er voru þunnskipuð mjög af stjörnum og því köld; það olli því, að eftir **miocene**-tímabilið kom ísöldin eða ið kalda tímabil; en sólkerfi vort hélt á fram, og loks kom það í rúm í himingeiminum, er var þéttskipaðra stjörnum en ið síðasta, en þó þunnskipaðra en það, er það hafði fyrst í verið, og þar sem hitinn því var í meðallagi milli þess, er verið hafði á inum fyrri tveim tímabilum, og á þessum stað er það nú sem stendr, og af því leiðir loftslag það, er nú er á jörðinni.<sup>[13]</sup>

En hversu sem er nú um þetta alt, þá er það víst og vafalaust, að jöklarnir í Alaska eru alt af að minka og loftslagið að verða þurrara og heitara. Hver sem orsök er, þá er þetta svo ljóslega reynt og auðsætt, að það er hafið yfir allan efa; svo þó menn gefi lítið út á allar getgátur vísindanna, þá verða menn þó að játa, að reynslan er ólygin.

Það þykir nú engum efa bundið, að alt Alaska (og eyjarnar) fyrir vestan 150° v.-l. fr. Gr. sé að hefjast og hækka smátt og smátt; sama er að segja um austrstrendr Síberíu; og ið sama virðist eiga sér stað að minsta kosti í öllum austrhlut Bærings-hafs og Bærings-sunds og enda norðr í Íshaf, að sjóinn er að smágrynnna. Er það þannig eigi ósennileg spá, að sá tími geti komið, þó fjarri sé, ef til vill, enn, að Ameríka og Asía vaxi saman að norðan, og yrði þar þá efni í allra-fallegasta landa-þrætumál handa einhverjum ókomnum þrándi vefara til að skera úr, því eigi mundi af veita "tólf-kóngaviti" til þess!

Eldfjöll eru mörg í Alaska, en mörg eru nú útbrunnin, og sýnist þeim altaf vera að fækka. Um 50 eldfjöll hafa gosið þar síðan Rússar námu landið; en nú eru að eins 11 þeirra, er eigi eru álitin útbrunnin.

Jarðskjálftar eru tíðir, en engar sögur eru af, að þeir hafi nokkru sinni verið svo miklir að neitt hafi kveðið að þeim; þeir eru rétt svo, að þeir merkjast. Þeir eru ávalt að verða fágætari og fágætari ár frá ári. Helzt verða menn þeirra varir í október. Það varð vart við einn ómerkilegan í Viðey (við Kadiak) meðan við dvöldum þar (í lok október-mánaðar 1874).

Hverar eru ótalmargir í Alaska; er hiti þeirra ýmislegr; sumir eru að eins 94° Fahr. (+27° 5 Réaum.); aðrir eru 167° F. (+60° R.) og ef til vill þar yfir. Sumir þeirra eru sagðir "nálega jafnir inum stærstu og merkustu hverum annarstaðar í heiminum."

-



Kol finnast mjög víða í Alaska, en beztir eru þó námarnir við Cooks-flóa. Kolin eru hér frá *miocene*-jarðmyndun (*tertiary*) eins og flest kol í vestrhlut Ameríku. Flest kol af þeirri myndun eru rýrari, en þau kol, er kölluð eru "*carboniferous*." Taflan hér á eftir sýnir gæði þeirra í samanburði við önnur kol í Vestr-Ameríku og við beztu "*carboniferous*" kol í Pennsylvania og á Englandi:

Stöðvar.	Vatn- sefni.	Fast kolefni, (carbon.)	Skjót- brenn. andi efni.	Aska.	Brenni- steinn.	Einkunn.
CARBONIFEROUS. Pittsburgh, Pennsylvania	2.34	55.82	34.31	7.16	?	Bituminous.
Ormsby, Pennsylvania	4.00	66.56	26.93	2.50	?	Bituminous.
Kentucky	2.00	56.01	37.89	4.10	----	Cannel.
Lehigh, Pennsylvania	2.34	88.05	2.94	6.66	----	Anthracite.
Newcastle, England	0.99	61.70	33.55	3.75	0.23	Bituminous.
CRETACEOUS Nanaimo, Vancouver Island.	2.98	46.31	32.16	18.55	?	Lignitic.
Bellingham Bay	8.39	45.69	33.26	12.66	?	Lignitic.
Mount Diabolo, California, beztu svört demants-kol	14.69	46.84	33.89	4.58	?	Lignitic.
MIOCENE TERTIARY Goose Bay, Oregon	20.09	41.98	32.59	5.34	?	Lignitic.
Carbon Station } (Pacific-járnbr)}	11.60	51.67	27.68	6.17	2.90	Lignitic.
Weber River }	9.45	26.21	58.32	3.64	2.40	Lignitic.
Cook's Inlet, Alaska	1.25	49.89	39.87	7.82	1.20	Lignitic.

Þessi tafla sýnir betr, en nokkur lýsing, að kolin við Cooks-flóa eru betri en öll "*miocene*" eða "*cretaceous*" kolin í Vestr-Ameríku; hún sýnir og að kolin við Cooks-flóa innihalda að eins 0.37 hundruðustu pörtum minna af brennanlegu efni og að eins 0.66 hundruðustu pörtum meiri ösku, en góð, "*bituminous*" Pittsborgar-kol, og er það meira en unnið upp aftr við það, að Pittsborgar-kol innihalda 1.09 hundruðustu pörtum meira af vatni. Í kolunum við Cooks-flóa er og minna af brennisteini en í beztu kolum við Kyrra-Hafs-brautina, og vatnsefni þeirra er minna, er nokkurra annara kola í Ameríku, sem töflur taka yfir.

En þess ber að minnast, að verð kola liggir eigi eingöngu í gæðum þeirra. Sé kolalagið minna, en 3 feta þykt (af hreinum kolum), þá eru þau einskis virði til verzlunar, og svarar þá að eins kostnaði að hafa þau til heima-brúkunar. (Kolalögin við Cooks-flóa kváðu vera 3 til 7 feta þykk); fjarlægð frá markaði, ástand og lengd flutnings-vegarins, ýptin ofan á þeim, og margt fleira hefir áhrif á verð þeirra og verðr að taka þetta alt til greina.

Eigi er annað auðið að sjá, en að kola-námarnir við Cooks-flóa muni vel borga fyrirhöfnina við að vinna þá; en að hve miklu leyti, verður reynslan að sýna. Þeir hafa eigi verið svo kannaðir til hlítar enn, að um það verði sagt með vissu; en vel er af þeim látið.

Rafr finst víða í kola-lögunum, saman með surtarbrandi. Það er algengt á Alíaska-skaga, finst og á Kadíak og víða í Alaska; sumstaðar mikið af því.

Steinolía (*petroleum*) hefir fundizt í Alaska. Finst hún fljótandi í þykkri brá ofan á vatni einu nálægt Katmai-vík á Alíaska-skaga, gagnvart Kadíak-ey. In "specífiska" vigt hennar er 25° (Beaume); hún er alveg lyktarlaus og ágætr áburðr á verkvéla-málm óhreinsuð, eins og hún finst. Það er enda sagt það megi brenna henni óhreinsaðri.

Hvítur marmari finst við Sitka, góð tegund og dýrmæt.

Gull og silfr finst í Alaska, en smátt er um það, að því er menn enn þekkja til. Silfrið er oft blandað saman við kopar. Gull hefir fundizt víða, meðal annars í Kaknú-fljóti við Cooks-flóa og á Kadíak; en eigi hefir það þótt vera svo mikið, að borgaði að verka það. En athugandi er að enginn praktískur gullnemi hefir enn reynt það né ransakað; svo lítið er um það kunnugt.— Töflugrjót, sumt með æðum af kvarz, finst á Kadíak.

Kopar finst á ýmsum stöðum; en ugglaustr er mest af honum við Attu- eða Kopar-fljót, sem fyrr er um getið í kveri þessu. Þar hlýtr að vera fjarska-mikið af honum.

Bly hefir fundizt nálægt Sitka, og líka skamt frá St. Paul á Kadíak; en að eins er það lítið eitt.

Járn finst víða, en hvergi svo, að menn ætli það borgi sig að vinna það.

Graphit hefir fundizt á Kadíak, á Alíaska-skaga og víðar.

Brennisteinn finst víða gnægða-gnógur; meðal annars kvað hann hafa fundizt á Kadíak (?). Fyrir brennistein mundi góðr markaðr í California og víðar á Kyrra-Hafs-ströndum.—"Nitrum" finst og í Alaska.

Ýmsir aðrir málmar finnast í Alaska, þótt hér sé eigi nefndir.

Landið má enn heita alveg ókannað að kalla, og enginn kann að segja, hver óþrjótandi uppspretta af málmum þar kann að felast. Jarðlögin og myndunin benda til, að Alaska muni auðugt land af málmum.

Ýmsir gimsteinar finnast og þar í landi; má þar til nefna amethyst, zeolit, tourmalin, spinel, kristall o.m. fl. Sagt hefir verið að demant hafi fundizt á Únga; en það kvað eigi satt vera. Ýmsar marmara-tegundir finnast allvíða.

Ís hefir lengi verið verzlunarvara þaðan. Á vatni einu í Viðey (Woody Island) við Kadíak er ís skorinn; þó er það stundum í góðum vetrum, að ís-uppskeran bregzt. Ís hefir og tekinn verið úr jöklunum á suðr-ströndinni. Árið 1868 var fluttur til San Francisco ís fyrir \$28 000. Eigi hefir

eftirsókn eftir ís vaxið að mun síðustu árin. En enginn efi er á, að selja má mikið af ís í Mexico og Suðr-Ameríku og eins í Asíu, ef hann væri þangað fluttr. Eins og nú stendr er ís fluttr frá austustu ríkjunum í Ameríku til Indlands og Sínlunds í Asíu; er það vegr miklu lengri, og lengri ferð gegn um heit lönd, og hlýtr því flutningr að verða dýrari og meira að spillast á leiðinni, en ef flutt væri frá Alaska. Er því efalaust, að ísverzlun getr orðið mikil auðsuppspretta fyrir landið, ef einhverjir koma til að nota sér það.

## VI. KAFLI.

### FISKIVEIÐAR.

Meðal allra þjóða eru miklar fiskiveiðar álitnar einhver in ríkulegasta auðs-uppspretta og velmegunar.

Fiskiveiðar Breta er mælt að séu virði 25 miljóna dollara árlega. Fiskiveiðar Frakka eru virði \$3 000 000 árlega, og fiskiveiðar Ameríku-manna við austr-strendrnar á álfunni virði \$2 000 000 árlega.

In ýkja-mikla gnægð fiskjar við strendr Alaska vakti þegar forundran inna fyrztu ferðamanna, er þar komu, og allra síðan til þessa dags. Billing, Cook, La Perouse, Lütke, Lisiansky, Belcher, Sir George Simpson, Davidson og Dall hafa allir borið vitni um inn ótrúlega aragrúa af þorski, laxi, heilagfiski og síld, er fylli höfin umbergis Alaska. Fiskr hefir jafnan verið aðalfæða innlendra manna. Veiðiskapr, eða tilburðir til að hagnýta sér þessa óþrjótandi auðsuppsprettu, er þó enn í fyrstu bernsku.

Sjófiska-tegundir eru helztar: þorskr, heilagfiski, síld, "tom"-þorskr, "úlikon" og "mullet."

Af þorski er mest, og hann er sá sjófiskr, sem mest er verðr. Hann veiðist á 25 til 50 faðma dýpi því nær alstaðar, og víða má veiða hann af klöppum við fjöruborðið. Beztu veiðistöðvar eru kring um Kadíak-eyjar, Shumagin-eyjar og Aleuta-eyjar. Grunnin, þar sem fiskr veiðist hér, eru miklu stærri en við Nýfundna-land (New Foundland) og Ísland til samans; og veiðistöðvarnar við Alaska eru svo langstærstar og beztar af öllum veiðistöðvum á hnettinum, að eigi kemr til samanburðar við neitt annað. Beztar veiðistöðvar eru við Shumagin-eyjar.

Fram til síðustu tíma var fluttr fiskr frá veiðistöðvum í Atlantshafi til San Francisco. Árin 1863 og 1864 var flutt um 500 "tons" hvort ár til California frá Atlantshafi.

Fiskimenn frá California hafa veitt:

1 skip 1864, 120 "tons" eða .....	40 000 fiska.
(6)? skip 1865, 523 "tons" eða .....	249 000 fiska.
18 skip 1866, 1614 "tons" eða .....	706 200 fiska.
23 skip 1867, 2164 "tons" eða .....	947 264 fiska.

Meira en helmingr þessa fiskjar veiddist við Shumagin-eyjar. 1869 veiddust 1 082 000 fiskar, og sé lítið í lagt hafa þeir vegið að minsta kosti 3½ pund (enskt) hver að meðaltali; og kalli maðr pundið eigi meira vert en 5 cent, þá gjörir þetta þó \$189 350 í gulli. Nú er fiskrinn að skifta um veg og fer nú aðra leið, er hann ferðast á þurru landi, en áðr; því nú er farið að flytja hann frá San Francisco og til Atlants-hafs. Í apríl, maí og júní 1868 voru flutt 47 000 pund af fiski og 17 tunnur af tunnu-fiski frá San Francisco til New York. Á sömu mánuðum var fluttr frá útlöndum inn til Ameríku fiskr fyrir \$119 127, og sýnir það að nokkur markaðr er enn í Ameríku fyrir fisk.

Auk þess selst fiskr í Japan og Sílandi og víðar í Asíu, og firni gætu selzt í Mexico og Suðr-Ameríku, þar sem svo mikið er af kaþólsku fólki. Engin skortir er á beitu í Alaska. Hingað til hefir verðið á góðum fiski í California verið frá 13 til 7½ cent í gulli fyrir pundið; en líklegt er að verðið lækki nokkúð, er aflinn vex. Þó ber þess að gæta, að Íslendingar gætu ugglaust selt fisk þar betr en aðrir, því enginn kann í Ameríku að verka salt-fisk hálf svo vel sem þeir. Fiskimenn frá California eru þollausir og heimtufrekir við gjafarann allra góðra hluta; þeir vilja grípa upp miljónir á svipstundu<sup>[14]</sup>; ef það tekst eigi, eru þeir hlægilega vanþakklátir. Það er einkennilegt að sjá aðra eins þráðfrétt og þessa í San Francisco-blaði: "San Francisco. Skip komandi: Skonnortan N.N. með 35 000 þorska; lætr dauflaga af aflanum!" Þorskrinn veiðist **alt árið um í kring**.

Heilagfiski er smávarnara vestr í eyjum, heldr en við Sitka og strendrnar þar eystra; þar vega meðal-lúður 300 til 500 pund.

Síldin er sams konar og in norska síld; kemr hún á vísun tíma ár hvert, en stendr skamma stund við. 1. júní koma hafþök af henni, og má ausa henni á land eins og maðr vill í hálfan mánuð. Það er kýmín aðferð, sem innlendir menn hafa til að veiða hana, og bendir það á hver ógrynni af henni eru. Þeir hafa aflangt skaft úr tré og reka í gegn um það þrjá nagla oddhvassa; slá þeir skaftinu niðr í sjóinn, og er fágætt ef eigi stendr síld á hverjum nagla. Einn maðr fyllir hæglega bát sinn á minna en klukkustund með þessum útbúnaði!

"Mullet" er laxtegun, er í sjó lifir og að eins í norðrhöfunum.

"Tom"-þorskr heldr og til í norðrhöfum; hann er góðr til beitu.

"Úlikon" er merkilegr fiskr, lítill, silfrgljár á lit, venjulega um 14 þumlunga að meðallagi á lengd. Hann er við strendr Bretlands-eigna og syðsta part af Alaska-ströndum. Vertíðin fyrir þennan fisk byrjar 20. til 25. marz og stendr yfir um 3 vikur. Lýsi hans er mjög ágætt. Hann er svo feitr, að hann verðr eigi geymdr í vínanda til vísindalegrar skoðunar. Þá er hann er þurkaðr, má hafa hann fyrir kerti; þarf ekki annað en kveykja á sporðinum, og brennr hann þá eins og kerti. Engin lýsing getr gefið hugmynd um þann ógrynnis-fjölda sem af honum er, þá er hann gengr upp í lækina og árnar; vatnið sýnist bókstaflega lifandi eins og velli í potti. Villidýr taka nægju sína til átu af honum þannig, að þau slæma hramminum í vatnið og ausa honum upp á jörðina.

Af vatna-fiski í Alaska eru laxinn og hvítfiskrinn merkastir; auk þeirra er "losh" eðr "burbot," "pike" (langa?) og "sucker."

Af laxi og silungi er ótal tegunda. Af handa-hófi má nefna *Salmo orientalis*, *Salmo proteus*, *Salmo alpinus* og rauðfiskinn (*Salmo sanguineus*). Það þykir lágt í lagt, að telja að innbornir menn í Alaska veiði tólf miljónir laxa á ári. Að eins á Kadiak og við Cooks-flóa er veidd hálf miljón árlega. "Öll mannleg mælska þrýtr og málin vantar orð" til að lýsa fjölda laxins í Alaska. Ógrynni laxins eru þar svo, að ég get ekki gefið lesandanum betri hugmynd um það með öðru, en því, að segja að það sé meira en nokkur getr gjört sér hugmynd um, nema hann sjái það. Ég verð að játa, að ég gat ekki ímyndað mér annað, en að sögurnar um þetta væru ýkjur, þangað til ég sá það með eigin augum. Við Cooks-flóa er **meðalvigt** laxins 50 til 60 pund; það eru reglulegar stórskepnur!

Hvítfiskur er, einkanlega norðan til, nærri eins gnógr og laxinn.

Ég sleppi hér að minnast inna annara tegunda af fiski, þar ég ætla nóg sagt til að gefa lesandanum hugmynd um auðlegð Alaska í þessu tilliti.

Skelfisks-tegundir als konar (nema ostrur), krabba og múslinga er nálega alstaðar að finna.

Eigi skal heldr meira en að eins geta inna miklu hvala, rostunga og sela veiða, er nemr miljónum dala árlega.

-

## VII. KAFLI.

### LOÐSKINN, DÝRAVEIÐAR OG FLEIRA.

Loðskinn frá Alaska hafa verið fræg um allan heim í meira en öld. Saga loðskinna-veiðanna er saga landsins. Þau voru nálega eina orsök til þess, að landið hefir verið að nokkru kannað; þau hafa verið ið eina, er hingað til dróg hvíta menn þangað, þótt fáir hafi verið. Þetta er inn eini bjargræðisvegr, er kalla má að verið hafi að nokkru hagnýtt; og inn feyki-mikli ágóði af loðskinnunum hefir dregið svo gjörsamlega alla eftirtekt og ástundun til sín, að engu öðru hefir verið skeytt að neinu. Þau hafa verið gullnámr Alaska. Skinna-takan hefir verið drifin af þeirri áfergju og fyrirhyggjuleysi, að hún hefir stórum rýrnað, en er þó enn gullnámmum dýrmætari; en auðgefið er að vernda hana með skynsamlegri lagasetning, og er nú verið að reyna það.

Til auðveldara yfirlits skal hér fyrst nefna þau loðskinna-dýr, er í sjó lifa; en það er þelselrinn (*Callorhinus ursinus*) og sæ-ottrinn (*Enhydra marina*).

#### 1. Sæ-otr og þelselr.

Rússar nefna sæ-ottrinn sæ-bjór. Sæ-ottrinn er stór skepna; skinnið er mjúkt og dökkt, en löngum hárum hvítum í broddinn skýtr út í milli og eykr það fegrð skinnsins. Feldr af vöxnum sæ-otri er um 6 feta langr og 4 feta breiðr.—Sæ-ottrinn er rotaðr, en eigi má skjóta hann, því það fœlir hann. Áðr var gnægð af sæ-otrum alt frá Kamchatka og hringinn í kring með ströndunum alt suðr að syðri hlut California. Nú veiðast fáeinir við Kamchatka, um 5 eða 6 þúsund við Katrínar- og Alexanders-eyjar og þar á milli, en varla neitt að ráði sunnar.

Sæ-otrskinnskinn kostaði fyrrum \$200.00 til 500.00, en þau hafa nú fallið í verði, og kosta nú um \$100.00. Aleutum eru borgaðir \$20.00 í gulli eða vörum fyrir gott skinn. Ég sá þó skinn á Kadiak, er eigandinn vildi ekki selja fyrir \$400.00 til 500.00; hann hafði gefið \$20.00 fyrir það.

Þelsela-veiðin var fyrr meir minna um verð, en sæ-otra-veiðin; en nú er hún í raunini miklu meira verð. Nú er það á Pribyloff-eyjum (Girgis-ey og Páls-ey) að mestallr þelselr er veiddr. Þelselrinn er náskildr sæljóninu; mynda þau til samans ættflokk þann, er *Otariidæ* nefnist á lærðu máli, en það þýðir eyrnaselir; þau hafa útvaxin eyru og þríklóa hreifa, og eru þannig auðgreind frá hárselnum (*Phocida*). Aleutar veiða þelseli svo, að þeir reka þá á land upp, og geta tveir menn rekið 4 eða 5 hundruð eins og sauða-hjörð; jafnótt og hver þeirra þreytist, er hann rotaðr. 1868 voru þel-skinnskinn verð \$7.00 í gulli óverkuð í Lundúnum. Meðalverðið mun vera frá \$7.00 til \$5.00. Aleutar fá \$0.35 fyrir hvert skinn!

Þó það sé fróðlegt í sjálfu sér, að lýsa þessum dýrum smásmuglega, þá er hér eigi rúm til þess, enda varða þau oss hér eigi svo miklu.

## 2. Land-dýr.

In helztu land-dýr, er dýrmætir feldir fást af, eru þessi: refir, merðir, "mink," bjórar, otrar (land-otrar), "lynx," svartabirnir og "wolverine." Þessi dýr veiða innlendir menn í tréboga (slagboga, fellu). Auk þessa eru: "whistler," bjórbróðir, hreindýr, villi-sauðfé, geitr, úlfar (í norðr-Alaska), moskus-rottur og hermélín; eru skinn þeirra nokkurs virði, þó eigi sé það að telja í samanburði við hin.

Flest af þessum dýrum finnast á Kadiak og við Cooks-flóa. Fleiri orðum skal eigi um þau eyða.

## 3. Fleira bjargræði.

Sæljónið (*Eumetopias Stelleri*) og rostungurinn eru og mikilsverð dýr. Af þeim getr húðir, lýsi og tennr. Árlega vinnast um 100000 pund rostungs-tanna. Bustirnar og gallið af sæljóninu er og fémætt. Sinverjar kaupa það og gefa vel fyrir; hafa þeir bustirnar fyrir tannstöngla, en gallið er haft til silki-tilbúnings.

Fugl og eggtekja er óþrjótandi nálega hvervetna í Alaska, sér í lagi á öllum eyjum. Æðarvarp er víða í norðrhlut landsins; svanir, gásir og als konar fuglar, sem nöfnum kann að nefna; eru yfir 200 ýmislegar fuglategundir í landinu.—Hver vara æðar-dún, svana-dún, fiðr, vængir, fuglshamir, egg, fugla-kjöt o.s.frv. sé, þarf eigi að segja. Íslendingum.

Enn mætti margt og margt til týna, og sumt merkilegt og mikilsvarðandi, er telja mætti til bjargræðis í Alaska, t.a.m. þangtegundir, sem eru svo miklar og góðar þar, að það er sumra manna mál, að hvergi í heimi muni þangbrensla svo arðsöm, sem þar. En einhvern enda verður hér á að gjöra; og vona ég að ég hafi líklega ritað nóg til að gefa dálitla, en þótt ófullkomna hugmynd um landið og kosti þess. Ég hefi lýst því þannig, að ég skal ábyrgjast að ekkert verulegt sé mishermt; ég hefi lýst því svo, að þeir gallar, sem á því kunna að vera, sjást eins ljóst og kostirnir. En ég vona lýsingin beri með sér, hvort sé meira vert, kostir eðr ókostir.



## VIII. KAFLI.

### SKÝRSLA INNAR ÍSLENZKU SENDINEFNDAR UM FERD HENNAR TIL ALASKA.

Landar góðir!

Vér<sup>[15]</sup> undirskrifaðir, er kjörnir vorum á fundi Íslendinga í Wisconsin til að ferðast til Alaska, eðr sér í lagi Kadíak-eyja, til að skoða landið þar og skýra frá, hvort það mundi eigi vel fallið til nýlendustaðar fyrir Íslendinga, og hvort lýsing sú, er W.H. Dall hefir gefið á landinu, sé sönn og rétt, fullnægjum hér með loforði voru um, að skýra yðr frá árangri ferðar vorrar, með því að gefa yðr fylgjandi skýrslu, er vér höfum í skyndi samið í dag og sem við Ólafr og Páll felum Jóni að flytja ykkur og birta.

Eftir 24 daga ferð með stöðugu andviðri sáum vér land 9. október. Það var Kadíak; og vorum við um hádegis-bil austr af St. Paul. Þá er við komum á þiljur upp á laugardags-morguninn, inn 10. okt., vorum við komnir í mynnið á Cooks-flóa og höfðum Barren-eyjar skáhalt að baki, en Elizabetar-höfða á hægri hönd. Fjöllin að austan voru þakin snjó á tindum, og var það gamall snjór; sýndust oss þau mjög lík fjöllunum á Íslandi einkum á norðrlandi og austrlandi. Vindr var á móti og urðum við að beita og gekk seigt. Merki sáum vér til bygðar á austrströndinni, 3 timbrhús; þar voru skógar miklir á land að sjá. Þó sýndust oss stærri skógarnir á vestrströndinni; þar mœndi við himin ið mikla eldfjall Iliamna 12 066 feta hátt, og var skýkápa á tindinum hæsta, líkt sem einatt er á Heklu. Miklu minni snjór var í fjöllum þessa megin flóans; þeim megin er og undirlendi miklu minna, en austanmegin, og sumstaðar varla neitt.

Sunnudag, 11. okt., vorum við um 40 mílur suðr af Nikulásar-vígi; var fagrt land á hægri hönd að sjá (sunnan og austan megin). Við urðum enn að beita og miðaði lítið þann dag; við gátum séð yfir landið til beggja handa; var það alt skógi þakið og meira undirlendi austan megin. Við lögðumst um kvöldið undan bygð þeirri, er Munina heitir; þar eru nokkur býli.

Mánudag, 12. okt., var þoka og dimt uppi yfir; vér gátum því lítið á fram haldið og lítið af landi séð. Regn um kvöldið.

Þriðjud., 13. okt. Vér höfðum austrströndina á hægri hönd, en Kalgin-ey á vinstri. Vér gátum lítið siglt áðr vér urðum að leggjast sakir rigningar, myrks og andstreymis. Straumur er gríðarharðr hér. Kalgin-ey er öll þakin stórviðar-skógi.

Miðvikud., 14. okt., hélzt sama veðr. Náðum að leggjast undan Nikulásar-vígi.

Fimmtudag, 15. okt., var kalt, 32-33° Fahr. (um 0° á Réaumur) á þiljum uppi um morguninn. Snjór féll um nóttina, en þó festi eigi á þiljum né á jörðinni á landi. Þennan morgun var hreinviðri og fagrt haustveðr. Kl. 12, 15' e.m. fórum við frá skipi í inum litla gufubát, er við höfðum, og

komum á land í Nikulásar-vígi kl. 2. Komu skrælingjar á mót oss í skinnbátum; en sumir biðu vor í fjörunni. Þar mœtti oss Wilson, amerískr maðr, er hefir verzlun þar og umsjón yfir húsum þeim, er stjórnin á. Hann fylgdi oss ½ mílu austr til bygða skrælingja og útvegaði oss skrælingja einn fyrir fylgdarmann. Buðum við honum að vera til taks næsta morgun er sól roðaði.

Wilson sagði oss að yfir undirlendið upp til fjalla væru 40 mílur, og mundi það taka langan tíma, ef til vill hálfan mánuð, að fara þangað fram og aftr, sakir þess að vegr væri illr og ógreiðfær; en háskaför væri nú að fara upp eftir Kaknu-á á skinnbát, þaræð vatn væri svo lítið í ánni. Vér höfðum tekið með oss vistir af skipinu, og fengum eitt af húsum stjórnarinnar til íbúðar; hvorki var eldstó, ofn né stólar í húsinu; en vér höfðum ullar-ábreiður og bjarnarfeldi nokkra, er Wilson léði oss.—Vér hittum að máli Rússa einn; mælti hann tiltakanlega vel á enska tungu; hann hefir verið í Alaska um nærfelt 20 ár; mest í Sitka og á Kadiak. Á yngri árum hafði hann farið víðast um Ameríku; hann var gullnemi, og mátti það á honum sjá. Hann sagði lítið um dýr og fugla í nágrenninu, fyrr en 10 mílur frá; fœlast dýrin skot Vígis-manna. Þó var gneðgð þar af villigásam. Hann sagði oss, að enginn sjófiskr gengi í Cooks-flóa; kemr það líklega til af því, að svo mikið jökulvatn fellr í hann; svo er og botn leirugr og sjór oftast gruggaðr af straumum eða vindi, er rótar upp sandi og gruggi frá botninum. Lax fyllir öll vötn, ár og læki á sumrin, og vegr frá 60 til 50 pund að meðallagi. Maðr getr staðið á bökkunum og stungið þá, og fengið svo marga, sem maðr vill. Fyrsti lax kemr í byrjun apríl-mánaðar; er laxinn beztr og feitastr ina fyrstu mánuði. Eigi fer hann burtu fyrri en í lok ágúst-mánaðar. Vetr sagði hann oss væri talinn að byrja í miðjum nóvember, eða enda 1. nóv., og endaði í miðjum marz eða í marz-mánaðar lok. Eigi kvað hann nú annað ræktað við Nikulásar-vígi, en kartöflur, kálhöfuð og aðra garðávexti; væri engin tilraun gjörð með annað. Naut voru þar og voru vel útlítandi. 40 mílum sunnar sagði hann væri bygð sú, er hann nefndi Noodshick; mun það vera Munina öðru nafni; þar kvað hann rúg yrktan.—Rússi þessi var í húsi hjá sænskum Finna og konu hans. Þeir eru gullnemar báðir og eru komnir til að ransaka gullnámana í Kaknu-fljóti, er rennr rétt hjá Nikulásar-vígi, og einkum, hvort eigi muni meira gull í legi árinna uppi í fjöllum. Finni þess hafði komið í haust eðr sumar, er leið. Hann hafði farið upp um fjöll á Kenai-skaga; hann sagði, að þá er hann fór ofan eftir ánni á skinnbát, hefði verið svo fult af laxi í henni, að bátrinn hefði sumstaðar mist skrið í torfunum. Áin kemr úr inu mikla stöðuvatni, er kallað er Skillokh. Wilson, sem þó gerði sér far um, að draga úr öllum kostum landsins, sagði oss, að hann hefði eittsinn á minna en klukkustund stungið 63 laxa í ánni; og inn stærsti 95 pund, en meðalvigtin upp til hópa varð 51¼ pund. Rússinn (Tom Jones) sagði land-gæði miklu betri í Noodshik. Finninn (Fred. Holm) sagði að uppi í fjallinu hefði gras verið víða á brjóst upp og í öxl, og sumstaðar meira en hæð hans.—Við áttum kalda nótt í einhýsinu. Næsta morgun kl. 6½,

föstud., 16. okt., var 26° á Fahr. (-2.7 R.) inni þar sem við sváfum, en 18° Fahr. (-6.2 R.) úti. Við fórum og hittum leiðsögumann vorn, og lögðum á stað austr með ánni, en þó nokkuð frá henni. Var land fyrst stórhæðótt og óslétt og þakið þykkum skógi; jarðvegr var mosakendr og graslítill, en talsvert af lyngi og buska. Trén eru allhá, sum um 80 fet og yfir það og 2 fet og meira að þvermáli. Þá er við höfðum gengið 4 eða 5 mílur komum við að mýrar-flóum skóglausum. Eigi var þar grasmikið, en þó var vatnið eigi djúpt; jarðvegr var 8 til 12 þuml. djúpr, ef til vill sumstaðar dýpri. Auðsætt er af landslaginu að þessar mýrar má vel skera fram allar, og mundi þar þá grasvöxtr góðr. Við gengum nokkrar mílur út í mýrarnar og snérum þá við; var vatn tekið að dýpka og færð að verða ill.—Á heimleiðinni fórum við norðar og því um lengra veg gegn um skóginn; gjörðum við bál í skóginum og tókum miðdegisverð. Mestr viðrinn í skóginum var

skrúðfura; þó var nokkur pílviðr og baðmr. Meiri var undirskógr þar, en verið hafði þar er við fórum um morguninn; mosi var og minni; en þó var lítið um gras, og gróðr allr mjög fábreyttr. Nóttin var mjög köld.

Laugardaginn, 17. okt, kl. 6½ um morguninn, var 16° Fahr. (-7.1 Réaumur) úti. Þennan dag gengum við norðr á við, og gengum enn í gegn um skóg; hér voru tré stærri, undirskógr jafnmeiri, jarðvegr þurrari, mosaminni og grasgefnari, en í austr frá víginu. Vér beygðum út úr skóginum niðr til strandar; þar var rjóðr og gras hátt. Vér gengum niðr í fjöruna og svo inn fjörur unz vér komum að læk þeim eðr á, er Salamākha heitir. Eftir eitthvað 7 mílna gang gjörðum vér bál og tókum snæðing og hvíld. Þá snérum við aftr, en eigi sama veg; gengum við upp úr fjörunni sunnan við lækinn; var þar stórt rjóðr og mikið gras; enda þótt grasið væri þá sölnað tók það oss í brjóst og sumstaðar vel það. Gengum við nú gegn um skóginn nokkrar mílur, áðr við snérum út úr til sjávar og niðr í fjörur. Bakkarnir eru hér fjarska-háir. Skoðuðum við jarðlögin í bakkanum og var efst fúid jurta-efni um fet eða 1½ fet á dýpt; þar undir kom svört mold og blandin ofr smágjörðum sandi; það lag var 6 þuml. til 1 fet á dýpt; þar undir er lag af rauðbrúnum límkendum leir, ljósari en kaffibrúnum; þar undir kemr sandr sams konar og er í fjörunni; þar undir er oftast sandberg eða móhella, og þar undir deigulmór; deigulmór er mjög blandaðr innan um öll lögin meira og minna og milli þeirra. Víða fundust merki til kola og surtarbrands, en hvervetna í mjög þunnum lögum. Bakkinn var hér margar mannhæðir. Síðan gengum við heim yfir fjörunar.

Sunnudag, 18 okt., var veðr kalt og ilt og snjófall talsvert; kom enginn bátur í land. Vér héldumst eigi við í húsi voru, en gengum í ina fornu virkisbygging. Þar var gamall ofn brotinn; og gjörðum við eld í honum, matreiddum rjúpur handa oss, sem bezt við kunnum, og hituðum te-vatn.

Á mánudag fórum við á skip út; var þá snjóbleyta, dimt og ilt veðr. Á sunnudags-nóttina höfðum vér mist eimbát vorn; hafði hann sokkið í sjógangi; en eimvélín var laus í honum, og hvolfði hann henni úr sér, svo við héldum bátinum, en mistum vélína.

Bezta landið við Cooks-flóa virðist vera með ströndunum fram, og aftr fyrir ofan mýrlendið, næst fjöllunum og uppi í þeim. Mýrarnar má þurka með því að skera þær fram. Minna undirlendi er vestanmegin flóans, og er það sameiginleg ætlun vor allra, að þar muni heldr betra land. En eigi var oss kostr yfir um að fara eftir að vér mistum eimbátinn. Als konar dýr eru í fjöllunum: björn, refr, land-otr, hermelín, mörðr og safali, o.s.fr.

Alit vort á landinu við Cooks-flóa er, að það mundi víðast vel fallið til bygðar fyrir Íslendinga; en að það sé þó eigi hentugr staðr til að **byrja** nýlendustofnun á. Byrjunin yrði þar erviðari fyrir frumbýlinginn, en á Kadiak. Laxveiðin yrði að vera aðalbjargræði nýlendumansins, áðr hann fengi ágróða af jörðinni; en til að hafa þeirrar veiðar full not ætti nýlendumaðr að koma þangað í apríl eða maí. Í öðru lagi, þó að eigi sé efi á að kvikfjarrækt og akryrkja hljóti vel að gefast með tímanum þar, þá þarf þó jörðin undirbúning af manna höndum áðr en mikils árangrs verðr vænt. Sumur verða hér afar-heit, þó stutt sé; mælt er að Fahrenheit hafi komizt yfir 100 mælistig (yfir 30° á Réaumur); en á vetrum koma grimdir miklar (alt að -40° Fahr., þ.e. -32° Réaum.). 6 feta snjór kvað falla á láglandinu, en 12 til 14 feta á fjöllum.

Kenai-skagi og öll löndin kring um Cooks-flóa eru líka svo lítt kunn enn, og þarf að kanna þau gaumgæfilega, til að kynnst öllum kostum og ókostum þeirra. En þetta mundi skjótt verða, er bygð mentaðra manna kemr á Kadiak.

Suðr- og austr-strönd Kenai-skaga er metamorfisk; ströndin austanmegin flóans fram með Chugachik-firði og norðr að Kaknu-fljóti er *tertiary*, og eru þar kola-námar. Fyrir norðan Kaknu-fljót finst deigulmókent töflugrjót með æðum af gullblöndnum diorit.

Eftir 3 daga ferð komum vér inn 24. október til

*Kadiak.*

Eftir miðdegisverð fórum við í land og hittum tollheimtumann stjórnarinnar-Sendi yfirforingi skipsins einn af undirforingjum í land með oss ásamt bréfi til tollheimtumans, til að tjá honum vort erindi og biðja hann að vera oss innan handar.

Tollheimtumaðr skýrði oss frá, að eigi væri tiltök að fara nú yfir þvera eyna, eins og vér höfðum ætlað oss; væri hættu að ganga langt á land upp, helzt fylgdarlaust, sakir veiði-véla inna innlendu manna. Eru það bogar þeirra, er svo eru kænlega faldir, að stundum falla þeir sjálfir í þá, er lagt hafa. Bjarnar-bogar meiða menn stundum til dauðs.—Hann sýndi oss garð sinn, og hafði hann ræktað þar hvítkál, næpur og rófur af ýmsum tegundum, grænkál, salat, redikur, kartöflur og margt fleira. Kartöflurnar voru stórar og góðar. Hvítkálið var fullþroskað og væn kálhöfuðin, og hafði þó eigi sáð verið til þeirra fyrri en í ágúst, svo líklegt er að tvær uppskerur mætti af þeim fá á sumri.—Stjórnin á mörg hús á Kadiak; eru það forn herforðabúr Rússa, og ýmis hús, er höfð voru til bústaðar fyrir foringja þeirra, embættismenn og hermenn; stendr það nú autt alt. Við fengum að velja úr þeim hvert, er við vildum, til bústaðar fyrir þá af oss, er eftir kynnu að verða. Rússneskir hituofnar eru í flestum þeirra, en eigi eldstó nein,—Mikið lét tollari yfir ómensku og leti innlendra manna; kvað þá betligesti tíða, en þó versna hvívetna, er þeim væri nokkru vikið. Eigi lofaði hann kaupmenn mikið; enda ljúka flestir upp um þá einum munn. Þó hefir verzlunarstjóri Commercial-kompanísins reynzt oss í öllu vel. Hann heitir Smith og er rússneskr gyðingr.<sup>[16]</sup> Þetta var á laugardag að við komum, og fórum við til skips aftur um kvöldið.

Sunnudag, 25. okt., vorum við á skipi til kl. 3. e.m. að við fórum í land og höfðum vistir með oss. Gengum við austr í holtin um kvöldið með axir vorar og hjuggum við til eldsneytis. Við bjuggumst svo um í húsi voru.

Mánudag, 26., var rigning og ófært út að fara. Héldum vér kyrru fyrir, nema hvað einn af oss (P.B.) gekk niðr á bryggju-sporða og dróg þorska úr sjó til matar.—Eigi þarf annað, ef mann langar hér í fisk, en að skreppa ofan á bryggju-sporð og sækja hann með færi sínu; má beita hverju því, sem rautt er, reyktum laxi eða rauðri klæðispjötlu.

Þriðjudaginn, 27. okt., var þoka um morguninn og ýrði úr lofti með köflum fyrra hlut dags. Við Ólafr og Páll fórum upp eftir fjallinu fyrir ofan bæinn, en eigi þó upp á háfjallið, og inn eftir því til vestrs og suðrs uns vér komum í dal einn, er gengr til vestrs (og norðrs). Dalrinn er eigi allvíðr, hæðótttr og tjarnir á milli í lautum, og lækir margir smáir. Á rann eftir dalnum (*English River*). Birkirunnar voru hér og hvar í dalnum, en eigi annar skógr; en grösugr er hann, og hæðir

allar þaktar grasi og lyngi og ýmsar tegundir berja á því; sunnan til í honum er vatn eigi all-lítið. Við tókum dagverð á hól einum og nefndum Dögurðar-hól, en dalinn Dögurðar-dal. Eigi gengum við inn í botn hans. Við gengum síðan út fjörur og komum heim kl. 4. e.m.

Ég, Jón Ólafsson, gekk beint upp á fjallið að krossmarki því, er reist er á hæð einni, og svo vestr eftir háfjallinu og upp á hæsta hnjúkinn, síðan vestr og nokkuð norðr á við yfir fjallið; þar er það flatt fyrst, en svo ýmist hæðir eða djúpar lautir; gekk ég svo unz vötn féllu til vestrs; þá var niðarþoka; en ég hafði með mér áttavita, er Páll átti. Ég fylgdi lækjargili niðr af fjallinu og niðr að sjó; þá er ég gekk niðr hlíðarnar rofaði upp í svip, og sá ég í fjörðinn og sýndist hann ganga frá norðri (og austri) til suðrs (meira en vestrs). Þess ber að gæta við áttavita hér, að *declination* nálarinnar er í St. Paul á Kadiak vel 26°; er norðr þeim mun austar, en nálin vísar til. Ég gekk lítið eitt með sjó fram til suðrs, og kom ég því innar á fjallið er ég kom til baka aftr, en ég hafði áðr verið. Síðan kom ég niðr af fjallinu og kom niðr í fjörur, skamt fyrir innan St. Paul. Fjörðr þessi hefir verið Marmot-fjörðr. Þá var af nóni, er ég kom aftr. Gekk ég því aftr upp á fjall til norðrs, og kom þar til, er ég sá yfir fjörð og gekk þar niðr að sjó; mun það verið hafa botninn á Devils Bay, er vér síðar nefndum Króksfjörð; síðan gekk ég sama veg til baka. Hæst á fjallinu, er upp á það er komið, er sumstaðar bert, melar eða klappir,<sup>[17]</sup> en þó víðast lyng, en gras, þegar er niðr dregr beggja vegna. Skógr er minni norðanmegin á fjallinn, en birkirunnar víðast í lautum og með giljum fram. Bláber voru svo mikil uppi á fjalls-brúnum, að eigi varð um gengið nema troða á berja-torfum í hverju spori; einnig voru þar ýmsar aðrar berja-tegundir. Gras var kafgnœgt hvervetna, er niðr af blá-brúnum dróg. Þá er upp rofaði sá ég af háfjallinu austr á Skógey (*Spruce Island*) og suðr á Viðey (*Woody Island*) og eyjarnar í kring. Það hygg ég, að þá er veðr er hjart og gott, sé þaðan af fjallinu svo fögr útsjón, sem mannlegt auga má líta. Ég kom niðr að St. Paul laust fyrir miðaftan.

Miðvikudag, 28. okt., gengum við norðr og austr á tanga þann, er gengr út frá bænum. Þar er alt þakið skógi stórum og víða jarðvegr grasi vaxinn milli trjána; gnœgð er þar og tjarna og stöðuvatna. Vér gengum út á odda til sjóvar og snérum þá inn í skóginn aftr, en snérum til norðvestrs. Skógrinn er hér geysi-þykkur og stórvaxinn og víða fögr rjóðr og grösug, en hvervetna tjarnir og lækir með köldu, svalandi, góðu vatni. Við gengum þar til, er við komum til *Devils Bay* (Djöfuls-fjarðar); skýrðum við hann um og kölluðum Króks-fjörð. Vér gengum inn með firði; þar er grösugt mjög milli skógar og sjávar, og land ið frjósamasta og fegrsta að sjá. Er það ið björgulegasta land, er við höfum enn séð í landi hér. Vér sáum norðr yfir Skógey. Hinu megin fjarðarins og inn með honum var lítill skógr að sjá, en alt grösugt, fjöllin há og grasi þakin upp úr gegn; fjörðrinn er tiltakanlega víkóttur og krókóttur.—Vér snérum svo heim yfir hálsana, og komum heim í myrkrí að St. Paul, kl. 7½ e.m.

Fimmtudag, 29. okt., var rigning mest af; en er upp rofaði um hádegisbil, fórum við á bát út með landi svo sem mílu og höfðum eitt færi með oss. Drógum við á skammri stund 19 þorska, 1 grjótþorsk (*rock-cod*) og 1 smálúðu.

Föstudag, 30. okt., fórum við Jón og Páll á báti út um eyjarnar inar smærri, er liggja fyrir utan St. Paul; eru þær sumar þaktar smáum skógi, en sumpart grösugar með tjörnum og lækjum; allar eru þær byggilegar og björgulegar. Síðast fórum við yfir á Viðey, hittum formann ísfélagsins og höfðum tal af honum. Hann hefir 5 hesta og tvo múla; sáir hann höfrum og þroskast þeir því sem næst; en eigi er mikil rækt við þá lögð; eru þeir eigi þresktir, heldr skornir sem hey handa



hestunum, svo sem siðr er til að gjöra í California. Við gengum suðr eftir eyju og þar inn í skóginn og lengi gegn um hann, unz hann varð svo þykkur, að okkr þótti torføert lengra. Undirskógr er þar meiri, en nokkurstaðar annarstaðar er vér höfum hér komið, og skógrinn sjálfur geysi-stór. Mældum við digrð á mörgum trjám, er voru tvo feðminga ummáls og talsvert þar yfir; hæðin gízkum við á að verið hafi að minsta kosti 100 fet. Þetta, voru skruðfuru-tré. Þá er við komum aftr, skoðuðum við ísvatnið og sögunar-mylluna, er þar er; komum síðan við í leiðinni á skipinu, og fengum vistir í viðbót við það, er vér höfðum áður fengið og þá var mjög upp gengið.

Ég, Ólafur Ólafsson, fór þennan dag upp á fjall og inn eftir háfjallinu til suðvestrs. Þá var veður bjart og útsýni ið fegrsta yfir firði, dali og eyjar. Ég sá suðr yfir flóann, og sá, að inn úr honum ganga þrír firðir og dalir af fram til fjalla, eigi langir, að því er ég fékk séð. Fjöll voru há til lands að sjá og luktu fyrir dalina; voru sum þeirra með snjósköflum í; heldr virtust þau ógreið til yfirgöngu. Gróðr á fjöllum þeim, er ég fór yfir, var líkr því, er áður er lýst.

Laugardaginn, 31. októbr., fengum við bát frá skipinu með sex hásetum og einum undirforingja. Fórum við á bátum þvert yfir allan flóann (*Chiniak Bay*), og lentum norðan megin á nesi því eður skaga, er gengr út fyrir sunnan flóann (*Cape Greville*). Við komum á land kl. 10. f.m. og gengum á land upp vestr með vatni eður tjörn, sem þar er fyrir ofan, er vér lentum; vorum við varaðir við, að þar væri bogar lagðir víða um nesið og urðum því að fara varlega og þreifa fyrir oss með löngu priki. Einn af oss (P.B.) varð viðskila við hina og gekk vestr með strönd og til híbýla innlendra manna, er þar höfðu stöðvar skamt frá við bogveiðar. Skoðaði hann þar um kring, og var grösug mjög ströndin; gekk hann síðan til báts aftr og beið hinna.

Við Jón og Ólafur beygðum suðr með vestrenda vatnsins og suðr yfir fjallhálsinn, sumpart yfir mýrar-blár alþaktar hán grasi og sumpart yfir lyngmóa og gegnum skóga. Gengum við yfir skagann til sjávar að sunnan. Skógr var þéttur, en eigi stórvaxinn. Við fundum þar "cranberries" auk annara berja-tegunda. Jarðvegr var frá 1½ til 2½ fet á dýpt, feitr og frjór. Við gengum í kring austr fyrir háls, yfir skagann nálægt ströndinni, og komum fyrir austrenda vatnsins austan fjörur til báts. Þá var af nóni. Héldum svo heim aftr til St. Paul, og komum þar í svarta myrkri. Hvervetna á skaganum voru lækir og gnægð ins bezta vatns.

Sunnudaginn og mánudaginn, 1. og 2. nóvember, bárum við saman dagbækr vorar og sömdum í hasti eftir þeim skýrslu-ágríp þetta og bjuggumst á annan hátt til skilnaðar, er það var af ráðið að við, Ólafur og Páll, yrðum eftir á Kadíak vetrarlangt fyrir það fyrsta, en að ég, Jón Ólafsson, færi til baka aftr, til að skýra frá árangri ferðarinnar og reyna að vinna hvað ég gæti í hag þeim, er fýstust að fara vestr hingað.

Laxveiði er viðlíka góð og mikil á Kadíak eins og við Cooks-flóa, nema hvað laxinn er hér smærri. Hásetar af skipinu veiddu um 60 laxa á svipstundu með höndunum, því þeir höfðu engin veiðarfæri, rotuðu þeir laxinn með spítum og skutu hann með skammbyssum, er hann óð uppi í læknum. Gnægð er af þorski og heilagfiski **alt árið um í kring**.—Veiðiskapr er talsverðr á Kadíak, fuglar og dýr. Þelselr og sæ-otr kvað fást eigi langt frá eyjunni. Að dæma eftir loftslagi og jarðvegi verðr engin ástæða séð til, að eigi geti hér þrífizt alt, sem þrífst og grær í Skotlandi og á Hjaltlands-eyjum og Orkneyjum.

Beitiland og heyskaparland er hér svo gnógt og gott, að enginn efi er á, að Íslendingar, sem fara miklu betr með skepnur, en hér er títt, mundu verða hér inir öflugustu fjárbændr.

Þá er vér berum saman það, er vér höfum lesið í ritum manna, sér í lagi í bók Dalls, um Alaska, við það, er vér höfum nú sjálfir séð og á annan hátt kynt oss og komizt að raun um, þá verðum vér að segja, að bók Dalls er í einu og öllu verulegu sönn og rétt lýsing landsins og auðsjáanlega ritin af inni mestu samvizekusemi. Kadiak hefir í nálega öllu **stóra yfirburði yfir Ísland; sér í lagi er loftslag mildara á vetrum, en þó eigi heitara að neinum mun á sumrum; sumarið er hér lengra talsvert og vetr ólíku styttri.**

Vér hikum því eigi við, að ráða þeim löndum vorum, er þegar eru í Ameríku, og eins þeim, er á annað borð eru einráðnir í að flytja af Íslandi, til að koma hingað og kljúfa til þess tvítugan hamarinn; því hér er léttara að byrja búskap með litlum eða engum efnum, en nokkurstaðar ella, er vér þekkjum til. Og vér gefum þetta ráð eftir ná-kvæma og samvizekusamlega íhugun á öllum málavöxtum, í þeirri fastri sannfæring, að það verði þeim til góðs, er því fylgja. Landið sýnist beinlínis skapað handa Íslendingum og svarar í því efni fyllilega til allra vona vorra.

Það er sannfæring vor, að Kadiak sé betr lágað land fyrir Íslendinga, enn nokkurt annað land, er vér þekkjum, á jörðunni.

Vér svikjum þá, er oss sendu, vér svikjum sjálfa oss og vér svikjum sannleikann, ef vér segðum annað en vér höfum sagt.

Ritað í *Saint Paul, Kadiak Island, Alaska,*

2. dag nóvember-mánaðar 1874.

JÓN ÓLAFSSON.

ÓLAFR ÓLAFSSON.

PÁLL BJÖRNSSON.

# UM STOFNUN ÍSLENZKRAR NÝLENDU.

## I.

### SIÐFERÐISLEGT RÉTTMÆTI VESTRFARA.

Það eru eigi svo fáir enn, sem hafa á móti útflutningi fólks af Íslandi af þeirri ástæðu, að það sé til eyðileggingar Íslandi að fólk flytjist þaðan, og að þeir, sem fara af landi burt, drýgi því siðferðislegt afbrot gegn fósturjörð sinni og þjóðerni; gengr þessi skoðun svo ríkt hjá sumum, að einn alkunnr pólitískr klerkr fyrir austan, sem víst þykist mikill föðrlandsvinr, kvað hafa látið það í ljósi, að réttast væri að hýða á þingi alla vestrifara áður en þeim væri slept út fyrir landsteinana, og láta þá svo fara. Því er miðr, að það eru ugglaut nokkrir á Íslandi, sem eru svo fáfróðir og andlega blindir, að þeir kunna að álíta slík heimskuleg og illmannleg, ókristileg fjarmæli vott frelsisanda og föðrlandsástar. Þessi heilögu orð: "frelsi" og "föðrlandsást" eru svo herfilega misbrúkuð oft af hálfmentuðum fáfræðlingum og ímynduðum frelsisvinum, sem ekki hafa hugmynd um, hvað frelsi er. En svo er guði fyrir þakkandi, að hann skóp þó ekki tóm fól og afglapa, heldr einnig skynsamur verur; og þeir, sem hafa stundað politisk vísindi og **hugsað** slík málefni í þeim tilgangi einum, að leita sannleikans, en eigi látið sér nægja, að læra utan að orðagjálfr, sem þeir skildu eigi sjálfir til hálf, þeir inir sömu munu sjá, að slíkar skoðanir, sem prests þessa, eru eigi sprotnar af sannri og réttskildri frelsisást, heldr af inu skaðvænlegasta mentunarleysi og af inum rammasta ófrelsisanda; þeir munu skilja, að þeir sem mest fyrirvíta þjóðerni vort, rétt og frelsi, eru eigi hálf svo skaðvænir þjóð vorri og frelsi hennar eins og slíkir prestar, sem þessi. Vér sjánm við þeim, er ganga skýlaust í berhögg við oss; en síðr við þeim, er þykjast fylgja vorum merkjum, en vinna í rauninni alt oss til meins. Þeir, sem trufla og rugla hugmyndir alþýðu um sannleik og lygi, rétt og rangt, þeir eru vorir verstu óvinir; því þeir eyðileggja það, sem er grundvöllr, og einasti fastr grundvöllr **als** frelsis, nl. mentun og réttlætis eða siðferðis-tilfinningu þjóðarinnar.

En það eru líka aðrir og heiðarlegri menn, sem eru móthverfir útflutningi fólks. Ástæður þeirra eru að mestu inar sömu; en þeir skoða þó eigi vestrifara sem afbrota-menn, heldr að eins sem "týnda sauði." Þeir eru of skynsamir og réttsýnir menn, til að vilja berjast móti vestriförum með öðrum vopnum, en þeim, er ein hæfa mentuðum og ráðvöndum mönnum, nl. andans vopnum. Þeir sjá, að laga-bann og hegningar mundu eigi stöðva útflutning, heldr gjöra ilt verra, og að eina ráðið til að stöðva hann, er að bæta hag fósturjarðarinnar. En þeir álíta það þó illa gjört af mönnum, að fara úr landi burt. Hér til liggja nú mörg andsvör. Sum þeirra hæfa bezt inum fyrr nefndu mönnum, sum inum síðar nefndu, og sum báðum. Vona ég, að hvorir um sig taki sitt til sín; en sér í lagi bið ég ina síðar nefndu, ina einlægu og heiðarlegu mótstöðumenn útflutninga



fólks, að taka sér eigi til af því, er ég kann hér að segja það sem þeir finna þeir eiga ekki, og sem því eigi er til þeirra miðað.

Það á að sýna skort á þjóðernisrækt, að flytja af landi, að sumir segja. En það kemr nú undir því, hvort þeir, sem af landi flytja, leggja niðr þjóðerni sitt, eðr þeir halda því og hasla því nýjan völl í heiminum. Það mætti svara því, að frelsið væri meira vert, en þjóðernið. En ég vil svara því, að ættjarðarást og þjóðernisást geta stundum komið í bága hvor við aðra. Ef forfeðr vorir hefðu elskað ættjörð sína (Noreg) meira, en frelsi og þjóðerni, þá væri þeirra þjóðerni dautt og dottið úr sögunni fyrir löngu; þá væri tunga þeirra og þjóðerni, sem nú lifir hvergi nema á Íslandi (því Norðmenn týndu því fyrir konungsvaldinu og útlendri kúgun), afmáð úr sögu heimsins.

Því spyr ég: hvort munu feðr vorir hafa elskað meir, jörðina, er þeir fæddust á, ættjörðina, eðr þjóðerni sitt og frelsi, er þeir flýðu eignir og ódul, til að firrast yfir-gang konungsvalds og harð stjórnar, en endrreisa eitt fagrt musteri frelsisins í fjalldölum Íslands? Eigi var Ísland þá fóstrjörð þeirra, heldr var það Noregr. En fóstrjörðina flýðu þeir, til að sjá því borgið, er meiru varðaði og þeir unnu öllu öðru fremr, en það var frelsið og þjóðernið. En eigi hefi ég enn vitað neinn slá þann pústr á nasir sjálfum sér, að leggja landnámsmönnum ámælisorð á bak fyrir þetta, að þeir fluttu þjóðerni sitt og frelsi í þann reit, þar er það mátti bezt blómgvast og sem því varð þeim sann-nefndr "sælunnar reitr."

Eigi þótti það heldr í þá tíð "þjóðlegt" né óalitlegt fyrir einstaka menn að fara utan. Í þann tíð voru það inir göfugustu menn af inu bezta kyni, menn með lifandi tilfinning fyrir frelsi og óhá, með fjörugri lífsterkri löngun á að kynnast háttum og hugum heimsins þjóða, og með brennandi áhuga, þori og þreki til frægðar og frama, er leituðu ungir úr foreldra-húsum til að freista hamingju sinnar og afla sér frama víða um lönd; þóttu þeir af því ágætir drengir, en sá "heimskr,"<sup>[18]</sup> er heima ólst. En nú virðist svo, sem sumum af prestunum í inu pólitiska kreddumusteri Íslands þyki það órækastr vottr um föðrlands-ást og ágætast einkenni ungra efnismanna heima, að leggjast í öskustó og draga annað auga í pung, svo ekkert megi þeir sjá né vita af heiminum í kring um sig, en einblína hinu auganu á golþorskinn, er oss Íslendingum var einhverju sinni settr til virðingar í danska ríkismerkinu, og kyrja svo í sælli sjálfs-aðdáun: "Ísland er það bezta land, sem sólin skín upp á!" með eins dogmatískri trú, eins og uglan hefir á því, að tunglið sé bjartara en sólin. Og eigi er þetta undarlegt, því svo mun láta nærri, sem nokkrir Íslendingar muni síðan 2. ágúst í fyrra verða allnæmir á að falla fram og tilbiðja inn pólitiska, hvíta, danska kross á rauða grunninum; og skyldi mig eigi undra þótt slíkir klerkar, sem sá, er áðr var getið, hefði þá það prédikað, að eigi mundi hann síðr ljúfr og léttbær, en krossinn Kristí, eigi sízt þeim, er þá auðnaðist, að hljóta annan á brjóst til að halda jafnvæginu.—Nú þykir mér það þó einsætt, að eigi verði með rökum móti því borið, að í því sé fróðleikr nokkur og lífsreynsla, að fara víða með þjóðum, sjá margt og reyna lífið í sem flestum myndum, nema rit og mál merkismanna, dauðra og lifendra, kynnast því, er merkt er og mikils vert á ýmsum stöðum heimsins, og, ef svo mætti segja, "mæla við Míms höfuð." Þykir enn mega sannast ið fornkveðna, að "sá einn veit, er víða ratar og hefir fjöld um farið," hafi hann greind og gáfu til slíkt að nýta. Er og eigi því að leyna, að Íslandi má sómi verða og gagn í góðum sonum erlendis, er flytja hróðr þess til fjarra landa. Þetta sýna bezt in útendu blöð, og sá sómi, er ýmsar erlendar þjóðir sýndu landi voru á þúsund-ára-hátíð þess.—Eftirtektavert er það og, að þessir miklu "föðrlandsvinir" heima ámæla aldrei þeim löndum vorum, er flytja til Danmerkr og lifa þar alla æfi, svo sem vorum merka og fræga þjóðhöfðingja Jóni Sigurðssyni! En ef hann og aðrir

ágætismenn breyta eigi "óþjóðlega" í því, að flýja fóstrjörð sína, hví skal þá leggja vestrforum ámæli á bak? Eða munu þeir, þessir heima-öldu föðrlandsvinir, ætla Danmörku fóstrjörð Íslendinga eins vel og Ísland? Eðr mun göfugra að ala aldr sinn hjá kotþjóð einni lítilli og vesallegri og ómerkri, sem Danir eru, en að dvelja með inum göfugustu og merkilegustu höfuðþjóðum? Sumir munu nú svara, að þeir hafi eigi á móti því, að einstakir fáir menn flytji úr landi; en það sé útflutningr **fjölda** manna, er þeir hafa á móti; það sé slíkir útflutningar, er Íslandi verði mein að. En ég sé eigi það bæti málstað þeirra. Ef þeir viðrænna siðferðislegan rétt einstaklingsins, til að flytja af landi, þá hafa þeir engan rétt til að ámæla fjöldanum. Ef **einn** einstaklingr hefir þennan rétt, þá hefir **hver einn** einstaklingur, þ.e. **allir** einstaklingar þann sama rétt; hér er um **prinsíp** að tala! Það er ranglátt að gjöra einum hærra undir höfði en öðrum.—En um það, hvort Íslandi verði skaði að útflutningi, er annað mál. Ég ætla það liggi í augum uppi að svo geti eigi verið. Enginn sá, sem getr jafnauðveldlega unnið sér brauð heima, eins og erlendis, mun þaðan fara, ef hana á undir frelsi og réttlæti að búa. En geti Ísland eigi veitt öllum börnum sínum það (—og það gjörir það eigi!—), þá er það eigi skaði þess, að þau börn, er útundan verða, létti á því ómegðinni; þá rýmkar um hina, sem eftir eru. Meðan Íslendingar hafa ráð á að myrða mikinn fjölda ungbarna sinna árlega, eins og þeir vitanlega gjöra með vanhvirðu og óþrifum, þá hafa þeir hvorki ástæðu né rétt til, að hafa á móti, þó nokkrir fari burt úr landinu á annan hátt, þ.e. ómyrtir.—Norðrlánda-þjóðir eru annars svo frjósamar, sér í lagi Íslendingar, að þjóðin getr tvöfaldazt á hálfri öld, þrátt fyrir það þó mörg hundruð flytti úr landi árlega, **ef bjargræðisvegir landsins eflast svo**, að þeir **hvetji til** slíkrar fjölgunar og **leyfi** hana. Það sýnir Noregr, sem sendir um 13 000 manna árlega til Ameríku, og þó hefir fólkið meira en tvöfaldazt heima í Noregi á 50 árum. 1814 voru Norðmenn 800 000 að tölu; nú eru þeir 1 800 000, og þó um 500 000 að auki í Ameríku.—En svo er um suma þessa stokkhörðu föðrlandsvini, að vísi maðr þeim til dæma annara þjóða, t.d. Noregs, þá leggja þeir augun aftr og vilja eigi sjáandi sjá né heyrandi heyra, hversu útflutningar hafa einmitt eflt og styrkt framfarir og frelsi þess lands, í stað þess að veikja það. Að vísa slíkum mönnum til rita inna merkustu nútíðar-vitringa og þjóðmegunarfræðinga, er til einskis, því svo er várið pólitískri mentun þeirra, að þeir hafa numið þá fræði, er í gildum stóð 1836 til 1848, en hafa aldrei lengra komizt, þótt hafa gleppt allan heimsins vísdom, og dagað svo uppi sein steingjörvingar eða nátt-tröll, er blinduðust af uppruna þeirrar saltvíkrýru, er brá döpru skini yfir danskar sálir 1848. Þeir þekkja eigi og vilja eigi um vita neitt það, er síðan hefir gjörzt í stjórnvísindum, þjóðmegunarfræði eðr öðrum heimspekilegum fræðum.

Ég vil enn framar spyrja: Ef Íslendingar geta flutt til þess lands, þar sem þeir og niðjar þeirra um ókomnar aldir geta haldið tungu og þjóðerni, og orðið einir íbúar landsins, sett sjálfir rétt með sér og ráðið lögum og lofum, þ.e. myndað frjálst íslenzkt þjóðveldi, frjálst og fullmyndugt og engum háð, að eins frjálst sambandsríki í völdugu og merku ríkja-sambandi, eins og þeir geta, ef þeir vilja, í Alaska, svo að þeir missi einskis annars í, við að fyrirláta fóstrjörð sína, en að leggja þar af sér hlekki fornrar ánauðar,—ef þeir gera þetta, segi ég, ef út fluttir Íslendingar geta endrreist þjóðveldi Íslands í nýrri og betri mynd í framandi og nýju landi, er með tímanum gæti, ef til vill, orðið sakir landrýmis og landgæða aðalaðsetr íslenzks þjóðernis í heiminum—eins og óneitanlega má verða í Alaska—hvaða ástæðu munduð þér þá færa móti útflutningi fólks frá Íslandi til slíks lands, þér miklu þjóðernis og frelssis-vinir?—Hvers er þá í mist við útflutninginn, ef vér höldum öllu því, er oss er kært og dýrmætt og mikilsvert í andlegu tilliti, og flytjum það með oss þangað, er það má betr þroskast, dafna og blómgast? Hvers er þá í mist, segi ég?—Jú, nokkurs er í mist, segið þér; það er eitthvað óljóst, einhver töfrandi draummynd, eitthvert lokkandi yndi og andans unaðr, er heillar vorar gagn-íslenzku sálir, og sem þær mega hvergi

finna nema á Íslandi—og í Kaupmannahöfn! Jú, þar kom það! Þér sjáið ekki gegn um glámskygnis-gleraugu yðar ímynduðu föðrlands-ástar, hvað það er? Ég skal segja ykkur það, dúfurnar mínar! Það er: ekki flatti golþorskrinn; því hann getið þér flutt með yðr, ef yðr er all-annt!—en það er ... danski krossin á rauða grunninum! Það er **danskan** og **konungs-valdið**! Það eru hlekkirnir, sem rakkinn er orðinn svo vanr að bera, að hann kann eigi við sig án þeirra. Þessi eru þau súrdeig, sem hafa gagnsýrt yðar íslenzku sálir og gjört þær að illa dönskum súrmjólkr-sálum, svo að alt, sem þér vitið og skynjið, er danskt. Þér kunnið ekki annað en dönsku, og hana lélega. Þér kunnið ekki einu sinni að elska fóstrjörð yðar nema upp á dönsku! Föðrlandsást yðar og frelsis-ást er ekki annað, en pólitísk kredda, er þér lærðuð utan að af Dönnum 1848; af frelsi þekkið þér ekki annað, en danskt frelsi. Stjórnarskrá Dana er yðar æzta hugsjón, já afgoð yðar, það vesala pappírslað! Og þá má nærri geta, hvílikir garpar frelsisins þér séuð, þar sem þér hafið lært að elska frelsið af þeirri þjóð, er aldrei þekti frelsi og aldrei vissi hvað það var, því Danir hafa ávalt verið þrælur í anda. Það játa inir vitrustu og beztu menn sjálfrá þeirra.<sup>[19]</sup> En óþarfi er um það að þreyta! Þeir, sem heima verða eftir, og það yrði þó ávalt mestr hlutinn, að líkindum, þeir halda flagginu danska! Það eru að eins þeir, er út flytja, sem segja við það skilið; en hinum, er eigi fá slitið það frá hjartarótum sínum, er vænst að fara hvergi; enginn óskar eftir þeim!

En það er eigi nóg með þetta. Það má sýna það frá víðsýnna sjónarmiði, en frá sjónarmiði Íslands eins, nefnilega frásjónarmiði mannkynssögannar og mannfæðinnar (anþropologia), að útflutningar fólks sé í sjálfu sér réttmætir og sé als herjar heimsnauðsyn. Verður það þá ljóst, að ef þeir eru það (eins og þegar skal sýnt), þá **verður** eigi við þeim spornað. Er því bæði illmannlegt, ókristilegt og heimskulegt, að leggja ámæli á vestrifara. Það er illmannlegt og ókristilegt af því að þeir hafa, eins og vér höfum sagt, siðferðislegan rétt á, að flytja út; og enginn meiri réttur er til að hamla þeim frá því, heldr en til þess að innleiða ættstétta-skipun ("kasta"-skipun) eðr áthaga-band ("*stavnbsbaand*"); en það er ókristilegt að ámæla meðbræðrum sínum að sakleysi. Það er heimskulegt, að ætla að stöðva þá rás, sem er bundin lögmáli mannlegs eðlis, eins og það opinberast í sögunni; það er eins heimskulegt, eins og að ætla að stöðva flóð og fjöru:

*"Rusticus exspectat dum defluat amnis; at ille labitur, et labetur in omne volubilis aevum!"*

Þar að auki er það óhyggilegt; ást vestrifara til ættjarðar sinnar er ugglaustr svo sterk, að slík ámæli geta eigi komið inn hjá þeim kala til hennar; en það er ugglaustr, að hver sá pólitískur flokkur heima, sem gjörir sig sekan í þeirri heimsku og því ranglæti, að leggja ámæli á vestrifara, hann ætti eigi að búast við samhuga eðr styrk frá þeim, hvorki siðferðislegum né öðruvísi; og er það óhyggilega gjört að hrinda þannig frá sér með ranglæti og hranaskap miklum flokki landa sinna, er í mörgu tilliti geta verið til beinlínis og óbeinlínis styrktar og aðstoðar. Þetta vildi ég óska að allir hefðu í huga heima; það er ómögulegt að neitt gott geti leitt af því, að leggja ámæli á bak vestriförum; það sjá allir. En margt getr ilt af því leitt, og ætti það að vera næg ástæða til, að unna þeim réttlætis og sannmælis. Vér erum svo fámennir, Íslendingar, að inn sterkasti flokkur má eigi við því, að hrinda neinum frá sér, er ætti og vildi flokkinn fylla og styðja. Þetta hefir höfðingi ins frjálslynda flokks vors séð, og þó hann hafi eigi mikinn gáning á útflutningi fólks, þá hefir hann varazt í ritum sínum að leggja ið minsta áfellis eða rýrðar-orð á vestrifara; væri vel, að allir þeir, sem þykjast frelsismenn heima, vildu vera eins samvizkusamir og réttsýnir í þessu efni; þeir hafa, því miðr, eigi allir verið það hingað til.

Veraldarsagan og mannfæðin sýna oss, að inar norrœnu þjóðir eru inir eiginlegu **erfingjar jarðríkisins**, ef svo mætti segja.

Þetta er eigi nein tilviljun; það má meðal annars telja sér í lagi þrjár aðal-ástæður til þess:

I.—Maðrinn þarf að eiga í stöðugri baráttu við náttúruna, ef hann á að halda þrótti sínum og manndómi óskerðum; alveg á sama hátt, eins og heljarmennið þarf aflraunir af og til, ef hann á að halda fimleika og hraustleika sínum óskerðum. Hjá meira eða minna mentuðum þjóðum eða hjá þjóðum, er meðtækilegar eru fyrir mentun, er atorku-semi og dugnaðr fólksins oftast í öfugri tiltölu við frjósemi jarðarinnar í þeim löndum er þær byggja. Því betra sem landið er, því daufari, latari og ónýtari er þjóðin; því hrjóstrugra sem það er, því atorkusamari og harðsnúnari er þjóðin. Berum saman Holland og Ítalíu, Ísland og Spán. Í norðlægu löndunum er loftslag óblíðara og harðara, jarðvegurinn er ófrjórrí, en í heitu löndunum. Þessi óblíða náttúrunnar **rekr** manninn til að vinna meira og hafa forsjá á eignum sínum. Þetta styrkir þrótt hans og íhugunar-semi.<sup>[20]</sup> Í hitabeltis-löndunum og öðrum heitum löndum, þar á móti, leggur náttúran nærri því alla hluti upp í hendrnar á manninum; hann vinnur lítið erviði þar, af því að þörfin rekr hann eigi til þess og því úrættist hann og veiklast. Þess vegna er öll veraldarsagan saga um innhlaup frá norðri.

II.—Óblíða náttúrunnar í norðrlöndum heimsins neyðir manninn til að sjá fyrir vetrar-híbylum; menn verða að lifa meira innan-húss og saman; samlífið innanhúss vekr og elr tilfinningar hjartans; það tengir heimilisfólkið nánari böndum og eykr ást hjóna og ættfólks og allra skyldmenna. Þetta ásamt góðri heilsu og þrótti, sem norðrbúinn nýtr sem afleiðingar af einfaldri, nærandi fœðu og svölu, hreinu og hollu loftslagi, veldr því, að þessar þjóðir eru frjósamari, en suðrlanda-búar; börnin verða fleiri að tölu að jafnaði. Því vex íbúa-talan skjótlegar þar, en meðal annara þjóða, er sunnar byggja.

III.—Samfara þessu rekr löngunin eftir léttu lífi og hægu stöðuglega fólk að norðan suðr eftir; og þannig er stöðugr straumur í mannkyninu frá norði til suðrs. Þetta hefir ávalt svo verið; þannig óð inn ariski kynflokkur inn á Indland í myrkri fornöld, áðr en sögur hófust og lagði undir sig ina innlendu þjóð.—Þannig átti ið sama sér stað í Norðrálfunni, áðr sögur hófust; og frá því innhlaupi er að rekja orsakirnar til ins tevtónska eðlis, sem er svo ríkt í grísku og latnesku.—Þannig lögðu hjarðkonungar frá norðri Egiptaland undir sig.—Þannig lögðu Makedónar undir sig Grikki, er sunnar þjuggu.—Þannig kollvörpuðu inar norrœnu tevtónsku þjóðir inum rómversku ríkjum.—Þannig steypu fylgismenn Genghis Khans sér yfir þjóðir, er suðlægari vóru.—Þannig lögðu Tartarar undir sig Sínland.—Þannig leggja Englar undir sig Indland.—Þannig í Ameríku leggja norðr-ríkin suðr-ríkin undir sig.—Og þannig mætti telja upp alla veraldarsöguna.

Það sýnist að vera ráðstöfun og regla guðlegrar forsjónar, að jafnskjótt sem þjóðflokkur fer að úrættast og veslast upp sakir langvarandi aðsetrs í suðrœnu loftslagi, skuli inn streyma nýtt fjör, táp og manndáð frá norðri. Hingað til hefir þetta oftast orðið fyrir blóðugar styrjaldir og ófrið. En hvað er eðlilegra, en að hugsa sér, að það megi eftirleiðis verða á friðsamlegan hátt fyrir

innflutning fólks? En að það verði á **einhvern** hátt, virðist óumflýjanlega nauðsynlegt fyrir velferð inna suðrœnu þjóða.

Í inum siðferðislega heimi eða andans ríki svarar þetta til innhlaups **skilningsins** eða skynseminnar í **viljans** ríki. Skilningrinn eða skynsemin kemr og leggur viljann undir sig; þar við sefast og kælast ástríðurnar, og maðrinn verður settari og íhugunarsamari í eftirsókn sinni að uppfylla óskir sínar. Því inar norðlægu þjóðir hafa meira af **skynsemi** eðr íhugun í eðlisfari sínu; og inar suðrœnu þjóðir hafa meira af **vilja** eðr girnd í sínu eðli.

Sæl er því sú þjóð, er á að minsta kosti **rætr** sínar í inu fjarlæga norðri; því þá getr in nauðsynlega endrfæðing eða uppbygging þess hluta, er sunnar er, átt sér stað smátt og smátt á friðsamlegan hátt og án þess að kollvarpa þurfi með ofríki stjórnarháttum eðr konungs-stólum, ef alt er undir einni og sömu stjórn. Fyrir því er það mjög svo æskilegt fyrir Banda-ríkin, að ið nyrzta land þeirra byggist mentaðri þjóð. Þörfin á þessu er, ef til vill, eigi svo brýn, rétt **nú** sem stendr, meðan innflutnings-straumurinn heldr enn á fram frá Evrópu og þjóðin er enn svo ung og blönduð; en eftir fá hundruð ára verður þörfin komin; og ef norrœnn og mentaðr kynflokkur er gróðrsettr þar **nú**, þá eykst hann og margfaldast; en alt það, er um of verður af þeim kynflokki, mun smám saman streyma suðr og fœra **dáð, þrótt og kalt blóð** eðr **stillingu** til inna suðlægarí íbúa.

Í þessum skilningi virðast því inir norrœnu (þ.e. norðlægu) kynflokkar (að minsta kosti inir mentuðu) að vera **löggarfar** þessa heims. Þeir eru eigi svo mjög óðalsbœndr hans, eins og **erfingjar**; þeir ná umráðum arf síns eða verða handahafar hans, setjast á óðal sitt, þá er þeir flytja suðr; en þá eru þeir eigi lengr **norrœnir** úr því; og eftir nokkra mannsaldra þarf nýjan lífstraum norðan að aftr, og svo framvegis.

Ef Íslendingar næmu nú land í Alaska—segjum 10 þúsundir á 15 árum, og fjöldi þeirra tvöfaldaðist þar t.d. á hverjum 25 árum, sem vel mætti verða og ugglaustr yrði í svo hagfeldu landi, þá væru þeir eftir 3 til 4 aldir orðnir 100 miljónir, og mundu þá þekja alt meginlandið frá Hudson-flóa til Kyrra-Hafs. Þeir gætu geymt tungu sína, aukið hana og auðgað af hennar eigin óþrjótandi rótum, og, hver veit, ef til vill sem erfingjar ins mikla lands fyrir sunnan sig, smátt og smátt útbreitt hana með sér yfir þessa álfu, og endrfœtt ina afskræmdu ensku tungu.

Já, þetta sýnist ráðleysu rugl og viltir draumórar; og ég segi heldr eigi að svo verði; en ég segi svo **megi verða**. Það er **alsendis mögulegt!** Meira segi ég eigi. Íslenzka og enska eru af sömu rótum runnar; og þó enskan sé mannsterkari **nú**, þá höfum vér hvergi lesið það drottins lögmál, að hún skuli svo verða að eilífu. Og, ef svo mætti um tungur segja, þá hefir sú fagra íslenzka mærr meira siðferðislegt afl, en in enska portkona, er lagt hefir lag sitt við allar skrælingja- og skrípa-tungur þessa heims.—En svo að enginn bregði mér um ópraktiskar skálda-grillur í svo mikilsverðu máli, skal ég þess geta, að hugmyndin um þennan mögulegleika á sigri íslenzkunnar er ekki mín, heldr heyrir til amerískum vísindamanni, er stundað hefir bæði engil-saxnesku og norrœnu, þótt eigi sé málfreði aðal-iðn hans.

Ég þykist nú hafa réttlætt vestrifarinnar bæði frá sérstaklegu og almennu sjónarmiði. En sé svo, að vér hvorki höfum siðferðislegan rétt á að hindra né **getum** hindrað vestrifarinnar, hvað er þá annað til, en að reyna að beina straumnum í sem bezt horf, svo að sem bezt megi af leiða bæði fyrir þá, er út flytja, og fyrir ína íslenzku þjóð yfir höfuð og fyrir mannkynið alt?

-



## II.

### NAUÐSYN ÍSLENZKRAR NÝLENDU.

Þegar á alt er litið, má segja, að til sé **tvens konar vestrarar**. Það eru nl. fyrst og fremst einslyppir menn, karlar og konur, menn, sem fara úr landi til að leita sér betri atvinnu, eða til að leita sér frama og mentunar í framandi landi; menn, sem eigi eru öðrum böndum bundnir, en að dvelja þar, sem þeim vegnar bezt, þar sem atvinna er nægust og hentust fyrir þá, eða þar, sem þeir af einhverjum orsökum una bezt lífi sínu og högum; það eru "guðs og kóngsins lausamenn" í veröldinni, eins og ég og mínir líkar. Slíkir farfuglar eru eigi bundnir við stað né stund, en flögra hingað og þangað til að baða sig í sólskininu eða svala svala sér í forsælunni, rétt eftir því hvernig veðrið er og á þeim liggur. Það liggur í augum uppi, að það er næsta torvelt að gefa margar almennar reglur um slíka menn. Þó má þess geta, að fyrir karlmenn, er ætla að lifa sem daglaunamenn í annara þjónustu, annað hvort við útivinnu eða iðnað, er útlitið til atvinnu miklu lélegra nú, en verið hefir nokkru sinni áður í Ameríku yfir höfuð; og er því eigi ýkja-fýsilegt hingað í því tilliti; en þó er hér enn betra yfir höfuð, en víðast í Evrópu. Fyrir námsmenn, er eigi geta eða vilja unnið líkamlegu vinnu, að minsta kosti í byrjuninni, er alveg óálitlegt hingað að koma. Ameríka hefir nóg af slíkum mönnum sjálf, og þarf eigi að sækja þá til Norðrálfu; enda hafa innlendir námsmenn það fram yfir aðkomendr, að vera færir í málinu. Það er varla einn af hundraði, sem getr brotið sér hér braut á þennan hátt; þar með vil ég eigi segja, að þeir sem á einn eða annan hátt eru sérlegt afbragð að þekking eða gáfum geti ekki fundið hér rúm fyrir sig við sitt hæfi. Slíkir menn eru alstaðar velkomnir; en þeir eru svo—fáir! Hending, atvik og "hamingja," er vér köllum, geta líka gjört á þessu undantekningar; en á það er valt að stóla.

Hinn hlutr vestrarar verðr fjölmennastr; það eru kvæntir menn og barna-menn, menn með fjölskyldu. Það verðr ávalt valt líf og magrt til lengdar fyrir þá, að ætla að lifa sem annara þjónar. Tilgangr slíkra manna er yfir höfuð ugglaut sá, að verða sjálfum sér ráðandi, sjálfra sín menn í óháðum kjörum; en það verðr yfir höfuð að eins með því, að taka sér land og byrja búskap.

Það er eðlilegt, að menn frá sama landi, aldir upp í sama loftslagi, við sömu störf og lífs-kjör, með sama máli og þjóðerni og venjum, þurfi sömu skilyrði fyrir velliðan og velvegna á sál og líkama. Krafir nattúrunnar neyða þá alla til að velja sér bólfestu í plássum með líku ytra ásigkomulagi; en krafir andans vekja hjá þeim löngun og þörf til að búa fremr saman við þá, er sömu andlegum skilyrðum eru bundnir, sem hafa sömu endrminningar, sömu vini, kunningja og skyldmenni, sömu ættjörð kæra og sama innihald andlegs lífs, heldr en að búa fjarri öllum, er skilja minningar þeira, langanir og þrá, skilja sorg og gleði þeirra. Þetta veldr nauðsyninni til að halda saman fyrir Íslendinga í framanda landi, myndar nauðsynina á að finna stað, þar sem þeir geti búið nálægt hver öðrum, en eigi á dreif innan um útlendinga—veldr í einu orði nauðsyninni á íslenzkri nýlendu. Þetta á sér því fremr stað um Íslendinga, en aðra, sem fjall-landa-búar unna ávalt, meir en aðrir, frelsi og fóstrjörð.<sup>[21]</sup> Og ástin á fóstrjörðinni heimtar fullnægju, eins og hver önnur eðileg og réttmæt tilfinning í brjósti mannanna. En vestrarinn, er eigi getr fullnægt henni beinlínis, fullnægir henni bezt og eðlilegast með því að elska þeim mun heitara þær dýrustu leyfar fóstrjarðarinnar, er hann hefr með sér flutt, en það er þjóðernið. Þess vegna hangir fjallbúinn fastara en aðrir við þjóðerni sitt, af því in meðfædda ást á frelsi og óhá kemr honum til

hjálp. Hann finnr það, að ef hann gefr upp þjóðerni sitt fyrir inu útlenda þjóðerni, þá lætr hann það þjóðerni kúga sitt eigið. En þar rís hugr hans og hjarta öndvert á móti. En vér erum fámennir, Íslendingarnir, og verðum að halda saman **allir**, ef vér viljum geyma þjógernið í framanda landi. Þess vegna verðum vér að halda saman í **einni** nýlendu. En þjóðernið geymist bezt í landi, sem í útliti, atvinnuvegum og loftslagi, þ.e. í öllu eðlisfari er **líkt** voru forna fóstrlandi, þó **betra** sé. Ekkert huggar fjallbúann eins og fjöllin hans. Hann á ekki heima á sléttunum, frammar en fiskrinn uppi á reginheiðum. Í fjöllunum finnr hann þá hvíld augans, er andi hans þráir. Það er er ekki til neins að einsetja sér heima, að sakna eigi fóstrjarðarinnar; slíkum góðum ásetningi þyrlar í burtu eins og reyk fyrir vindi, þá er til þess kemr að reyna lífið á sléttunum. Það er ekki til neins að ætla að láta skynsemina fara að rekja föðrlandsástina í sundr, og sýna að hún sé á engu byggð. Sál vor er ekki gjörð af tómrí, kaldri skynsemi; í hjartanu býr önnur jafnborin systir hennar, sem heitir tilfinning; hún er skörungr mikill og lætr aldrei sinn rétt að fullu. Ég hefi reynt þetta; ég hefi eins mikið af skynsemi og fólk flest, og ég hefi orðið að margvenjast því í lífinu, að beygja tilfinningar mínar, kann ske stundum ofþjóða þeim. En alt á sín takmörk, þar sem á stendr: hingað, en ekki lengra. Og ég hefi fundið það rætast hér.—Það er enn satt, sem Óvíð gamli segir:

Eigi veit ég hverjum

alla dregr

ættjörð unaðs-böndum

og sínum sín vera

sonum leyfir

óminnugum aldrei.<sup>[22]</sup>

Ég veit **svo** mikið um þetta "Nescio quid," að það er sterkt afl og strangt, og líklega fæstra færi að brjóta á bak aftr.

En hví skyldu menn og reyna að pynda og plága sjálfa sig, ef þeir fá við því gjört?

Ef vér höfum fundið land, sem samsvarar kröfum vorum og þörfum, og þar sem vér getum fundið svo líka ímynd fóstrjarðarinnar, sem orðið getr—þá sýnist eigi hikunarmál fyrir þá, er út vilja fylltja, að velja það allir einhuga til nýlendustaðar.

Ég vil nú nefna hér þær kröfur, er nanðsynlegt sýnist að gjöra til íslenzks nýlendustaðar, og getr svo hver, sem vill, borið þær saman við lýsinguna á Alaska hér að framan, og dæmt svo um, að hverju leyti það land fullnægir þeim.



### III.

#### UM LANDVAL.

Ég skal þá hér fyrst stuttlega nefna þær kröfur, er gjöra verður til þess lands, er vera ætti hentugt nýlendu-stæði fyrir Íslendinga. Síðan skal ég fara fáum orðum um hverja fyrir sig.—Kröfur þær, sem reynsla vor hefir sýnt og skynsemin segir oss að sé ómissandi, eru þá þessar helztar:

1° Að landið hafi frjálsa stjórn og sem rýmst borgaralegt frelsi að verða má;

2° að það sé frjórri og bjargræðissamara en Ísland;

3° að þar sé gnægð lands, er nýkomendr geti numið ókeypis;

4° að þar sé atvinna svo næg, eða þá land svo agnsamt, að nýkomendr þurfi eigi að liða nauð í byrjuninni;

5° að skógr sé nægr til húsagjörða, smíða og eldsneytis; en þó eigi eintómt skóglendi, er torvelt sé að yrkja;

6° að loftslag sé eigi alt of ólíkt því, sem á sér stað á Íslandi; vor og haust blíðari, sumur lengri, en eigi miklum mun heitari, en þar er;

7° að landið liggji við sjó;

8° að það sé lagað til kvikfjárræktar, og að atvinnuvegir sé yfir höfuð eigi gjörsamlega allir aðrir og ólíkir því, er á sér stað á Íslandi.

Eigi nokkur von að vera í framtíð íslenzkrar nýlendu, þá er ómissandi:

9° að svo hagi til, að Íslendingar geti setið einir að landinu, án þess framandi þjóðir dreifi sér innan um þá.

Ég skal nú fara fáum orðum um hvert af þessum atriðum með tilliti til þeirra Bandaríkja og þeirra hluta af Canada, er enn hafa til tals eða reynslu komið sem framtíðarbústaðr Íslendinga.

1. Canada er að vísu allfrjálst land, en þó eigi lýðveldi, og eigi svo frjálst sem Banda ríkin. En það varðar mestu um Alaska, að ef Íslendingar næmu þar land nú, þá væru þeir in eina þjóð mentuð, er þar bygði, og gæti því gjört sér öll lög sjálfir og haft sjálfir alla stjórn sína í höndum sér að eins undir sambands-skránni.

2. Um þetta skilyrði er fátt að tala; það á sér víðast stað; þó hefir nýlega til tals komið um Nova Scotia í Canada; en á því er mér vafi, hvað það land hefir fram yfir Ísland.

3. Hvað snertir gnægð ónumins lands, þá á hún sér að vísu stað í Canada; en það land hefir þá annmarka, er sumpart gjöra það ófýsilegt fyrir efnalitla nýkomendr, hvaðan sem þeir eru, sumpart alveg óaðgengilegt fyrir Íslendinga. Sumarhitar eru þar geysi-miklir, vetrar harðir og grimmir, skógr víða ofmikill svo landið verður torvelt að yrkja, og jörðin sjálf víða ófrjó. Atvinna er þar og víða fremr stopul. Í Wisconsin er eigi annað eftir ónumið, en það úrkast úr landi, er enginn hefir viljað nýta. *Shawano-county* eða Ljósavatns-hreppur, sem það nú er kallað meðal landa hér, er lélegt land, og þar að auki svo lítið, að um það er ekki að tala. Atvinna er nú orðin svo ill og lítil og stopul í Wisconsin, að innlendir menn margir eiga fult í fangi með að hafa ofan af fyrir sér þar, og sjá þá allir, hvers nýkomendr eiga að vænta. (Þess bes að geta um atvinnu, að einslyppar stúlkur geta alstaðar fengið góð laun í öllum Banda-ríkjunum.)—Til Nebraska hefir helzt þótt vert að líta í þessu efni; en þar er heimbúðarland eigi orðið að fá nema í vestrhlutanum. Atvinna virðist þar eigi eins torfengin og í Wisconsin; en in síðustu ár hefir ríki þetta verið plágað af engisprettum, er öllum gróðri hafa eytt; sá ég ófögr merki þess í haust, er leið (1874), og er eigi ólíklegt, að þó sé verra eftir enn. Bændr, er nýlega höfðu reist þar bú, hafa flúið ríkið ekki hundruðum, heldr þúsundum saman.

4. Um atvinnu er það að segja, að hennar er oftast skortur þar, sem mest er gnægð óbygðs lands. Atvinna var góð og gnæg fram að síðustu árum í vestríkjunum; en er nú alstaðar í Ameríku (nema, ef til vill, í California) rýrari miklu en áður var. Sama er að mestu um Canada að segja. Á sumrin má víðast eitthvað fá að gjöra fyrir einhverja borgun, og sumstaðar góða atvinnu; en á vetrna eru þúsundir manna útlendra og innlendra verklausir og sumpart brauðlausir. Þó þetta sé nú mest að kenna verka-mönnum sjálfum, þá er það nú svona samt; og vér skulum eigi í þessu efni ætla Íslendingum meira en öðrum. Þeir hafa eigi sýnt sig sumir svo ófúsa að halla sér upp á hreppinn hér og leggjast á sveit; þó býðr sannleikrinn að segja, að þessir eru fáir. Í Nebraska er góð sumar-atvinna, en tregt verður þar líklega um vetrar-atvinnu nema maðr ráði sig til árs, og verður þá lítið úr fyrir nýbýlingnum að vinna á sjálfs síns landi. En sá, er heimbúðarland ("homestead") tekr, verður að búa á jörð sinni minst 6 mánuði á ári; ella missir hann rétt sinn til landsins.

5. Skóg skortir eigi í Canada; en þar er heldr mikið af honum, svo landið verður þungt að yrkja; svo er og í Michigan, enda er land þar ófrjótt. Aftr er skógarhögg og viðarsala þar atvinna. Í Nebraska er víða meinlegur skortur skógar, og verður allan við að kaupa. Nýbyggjendr græða þar skóg, og verður það bót með tímanum.

6. Loftslagið er fjarskalega áriðandi atriði. Íslendingar eru eigi afarhitum vanir og verður því illa vært við stritvinnu í afarhitum; enda er lífi og heilsu af slíku hættu búin; en í öllum þeim ríkjum, er nefnd hafa verið (nema Alaska), eru sumarhitar fjarskalegir. Sólstunga ("sun-stroke") er eigi neitt óvenjuleg enda í Wisconsin. Það eru langt frá ekki sælustu löndin þar sem alt "brennr og frýs" eins og í helvíti. Í Wisconsin (og Canada) og vestríkjunum öllum vestr að Steinafjöllum eru vetr grimmar og harðari miklu, en þá er verst er á Íslandi. Í Illinois, sem þó liggur suður af Wisconsin, hefir komið  $-58^{\circ}$  á Fahrenheit (þ.e.  $-40^{\circ}$  á Réaumur) og er það meiri grimd, en Íslendingar hafi hugmynd um. Mér virðist auðsætt, að oss verði affara-bezt sumur, er eigi sé miklum mun heitari, en heima, en töluvert lengri, og þetta er einmitt það, sem á sér stað í Alaska;

en vetrar eru þar styttri, staðviðrasamari og mildari, en á Íslandi.—Umskipti hita og kulda eru mjög snögg í Wisconsin og þeim ríkjum; á eftir afarheita daga koma frostkaldar nætur; því er þar kölduhætt, ef eigi er því varlegar farið. Á Nova Scotia koma vetrar verri miklu, en á Íslandi tíðkast.—Loftslagið er svo þýðingarmikið, að það er ekki ástæðulaust að efa, að nokkur talsverðir fjöldi Íslendinga geti lifað til lengdar í þessum landsplássum.

7. Þá er þess er gætt, að ekkert land, er liggur langt frá sjó, hefir eins temprað loftslag og hin, er við sjó liggja, og þess er enn framar gætt, að vestrstrendr allra meginlanda eru tiltölulega miklu heitari, en austrstrendr, þá liggur í augum uppi, eigi að eins, að óskilegt væri að hafa nýlenduna við sjávarsíðu, heldr og að Alaska er eina land í álfu þessari, sem um er að gjöra til þessa. Nova Scotia er verra land og harðara, en Alaska; en í Banda-ríkjunum er eigi um neitt land að gjöra við austrsíðu sjávar, nema Maine; og satt að segja væri Maine ugglaut langbezt fyrir Íslendinga næst eftir Alaska. En í Maine er engi von að vér höldum þjóðerni voru.—Íslendingar margir eru líka aldir upp við sjó og fiskiveiðar, svo að það má kalla að sjórinn sé önnur náttúra sumra þeirra.—Maine er ið eina af þeim ríkjum Banda-ríkjanna, er við sjó liggja, sem enn er eigi fullbyggt. Svíar margir flytja þangað árlega.—Vetrarríki er þar mikíð, en þó eigi svo sem í Canada.

8. Öll þau landspláss í Banda-ríkjunum eða Canada, sem enn hafa til mála komið (að Alaska undan skildu), eru svo löguð, að akryrkja er aðal-atvinnuvegrinn, og verða því fullorðnir menn að heiman að læra hér alt af nýju sem börn, er til verka heyrir. Alaska eitt veitir færi á að stunda sömu atvinnu sem heima. Í engu þessara landsplássu, nema Alaska, er veiðiskapr svo mikill, að nýkomandi geti við það lifað í fyrstu. Í Alaska er hverjum auðgefið að lifa, þó hann stígi fæti á land þar alslaus að öðru öllu, ef hann hefir skotfæri og færi og öngul, öxi og tálguhníf með sér. Það segir sig sjálf að það sé betra, að hafa meiri útbúnað. En sá, sem þetta hefir, **þarf** ekki að deyja úr harðrétti og hefir vísinn til komandi velmegunar í hendi sér.

9. Nálega allar, eða enda allar þær þjóðir, er til Ameríku flytja aðrar, en Íslendingar, eru að meiru eða minnu leyti akryrkju-þjóðir. Þannig enda Norðmenn og Svíar; þeir hafa nokkra akryrkju heima, og gefa sig alla við henni, er þeir koma hingað. Í Noregi og Svíþjóð eru og sumur heitari og vetrar kaldari, en á Íslandi, og það að miklum mun. Allar þessar aðrar þjóðir leita því akryrkju-landa hér, og þau finna þær miklu austar og munu enn finna um langan aldr; þær hafa enga ástæðu til, að leita svo langt vestr, sem til Alaska. Íslendingum er því anðgefið, að byggja einir landið nú um sinn. En nái þeir þar fótfestu, þá eru þeir sjálfráðir, hvort þeir vilja halda því einir eða ekki; þeim eru nefnilega ótal löglegir vegir opnir til að halda öðrum þjóðum frá sér; ef þeir byggja þar nú í fyrstu, þá fá þeir alt löggjafarvald landsins í hendr sér, því engir aðrir menn byggja þar nú, nema ómentaðir skrælingjar, er eigi hafa borgaraleg réttindi. Þá er þeir hafa löggjafarvaldið (og það fá þeir þegar), þá gjöra þeir íslenzku að þjóðtungan þess ríkis, og þeir hafa rétt til að gjöra þau lög, að enginn hafi atkvæðisrétt sem borgari í landinu, nema hann kunni íslenzku; þetta neyddi þá hvern útlending, sem inn kæmi, til að taka upp tungu og þarmeð þjóðerni þeirra, og verða Íslendingr. Þeir mundu líkt og önnur ríki gefa land af eign ríkisins til eflingar skólum og mentun; þeir geta gjört alla þessa skóla íslenzka. Þeir mundu styrkja til innflutnings fólks í landið; en þeir gætu á kveðið að styrkja að eins íslenzka menn til innflutnings, o.s.frv. Þeir hefðu alveg í höndum sínum að búa um sig eins og þeir vildu eins og frjálst ríki. **Ekkert annað land veitti þeim færi á þessu!** Og þetta er stórmikið atriði—já, í mínum augum verðr það eigi vegið upp með neinu!

## IV.

### NIDRLAG.

Það liggur í augum uppi, að það er nauðsynlegt, að finna einn nýlendu-stað fyrir íslenzka vestrifara. Það þykist ég hafa sýnt að framan. Það vaknaði fyrir mér þegar, er ég hafði skamma stund hér í landi verið. Það var auðséð, að Wisconsin var í engan máta til þess hæft; og Ólafur Ólafsson, inn gáfaði og mentaði landi vor, frá Espihóli, hafði ferðazt um Canada vítt og breitt, til að leita að hentum stað. Við séra Jón Bjarnason og ég skrifuðumst mikið á um þetta í fyrra vetr, og ráðfærðum okkr við ýmsa helztu landa um það, fremst af öllum við Ólaf. Varð niðrstaðan sú, að sent var til Nebraska. Fóru þeir þangað Sigfús Magnússon og Jón eldri Haldórsson, báðir greindarmenn og gætnir. Ég hélt altaf fram Nebraska fram yfir Iowa; því ég sá þetta, að því vestar sem vér nemum land, því minna þurfum vér að blanda oss innan um aðrar þjóðir. En það varð oss þó skjótt ljóst, að aldrei gæti íslenzkt þjóðerni geymzt í þessu ríki heldr. Svo fréttist nú síðar um landpláguna miklu, engisprettunna; og að öðru leyti fullnægði Nebraska eigi öllum kröfum. Um þetta leyti vakti minn einn og vinr Íslands héraendr athygli mína á Alaska; ég bar málið undir aðra, og leizt öllum vel á. Ég las bók Dalls um Alaska og leitaði allra upplýsinga, er ég gat, um landið; kvaddi síðan landa í Milwaukee á fund og skýrði fyrir þeim málið; stakk upp á, að velja menn þrjá til að fara og skoða landið, og skyldi þeir gjöra það á sjálfra sín kostnað. Banað ég lið mitt þeim, er kosnir yrðu, til að reyna fyrir aðstoð vinar míns Niles í New York, að útvega þeim að minsta kosti létti í förinna eða fría ferð að nokkru leyti. Var ég kosinn með öllum atkvæðum til fararinnar, og Ólafur Ólafsson og Árni Sigvaldason voru og kosnir. Árni gat síðar eigi fárið; en við Ólafur tókum Pál Björnsson í hans stað. Íslendingar í Wisconsin sendu þá bænaraskrá forseta Banda-ríkjanna og báðu hann styrkja og aðstoða skoðunarför vora. Svaraði hann því máli vel og léði oss herskip albúið í San Francisco til að sigla á til Alaska; var það seglskip, og hafði als 18 fallbyssur og yfir 200 manna. Segir skýrsla vor að framan frá árangri ferðarinnar. Þeir Ólafur og Páll urðu eftir á Kadiak og eru þar.—Að við, sem förum vestr, höfum kostað fé og tíma í förina, er varla þörf að geta. Vér hefðum eigi gjört það, ef vér hefðum eigi haft traust á því, að við gjörðum með því þarft verk löndum vorum. En um alt fram ber mér að geta þess, að það lítið, sem við höfum lagt í sölnar fyrir gott málefni, þá álítum við það ekki annað en uppfylling ljúfrar skyldu við landa vora og þjóðerni; en hitt er meira vert, að útlendingr, sem ekkert á að rækja við þjóð okkar, og sem eigi hefir aðrar hvatir haft, en göfuglyndi sitt og rækt, er hann hefir tekið við þjóðerni vort af því að stunda mál vort og sögu, hefir lagt miklu meira í sölnar, en vér, til að styðja mál vort. Það er Marston Niles (frb. Næls), lögfræðingr í New York og fyrrum foringi í sjóher Banda-ríkjanna, sem ég á við; það er sami maðr, sem samdi og sendi inn á banda-þingið í fyrra laga-frumvarpið um bóka-gjöf frá þinginu til Íslands, og peninga-veitingu til að borga flutning þeirra. Hvað gott og gagnsamlegt, sem af þessu má leiða, þá er það honum að þakka.

Það eru tveir agnhnúar á Alaska sem nýlendustað, er færa má til á móti því. Og því er ekki að leyna, að **annar** þeirra er mjög verulegr. Ég ætla nú að nefna hann fyrst; það er **vegalengdin** og þar af leiðandi **hæð ferðakostnaðarins**. Það er víst, að ætti að fara á járnbraut þvert yfir Ameríku, og svo á gufuskipi frá San Francisco til Alaska, þá yrði ferðin um 130<sup>rd</sup> til 140<sup>rd</sup> danska fyrir alla leið frá Íslandi til Alaska; þó mætti líklega fá hana, ef til vill, nokkru ódýrari. Þetta er óneitanlega mikill ókost, mesti ókosturinn og eini; því væri hann eigi, þá gæti ekki verið augnabliks áhorfsmál að velja Alaska. En ég ætla, að kostirnir sé þó svo miklir, að þeir ætti meira en að vega upp þennan eina ókost. Að geta haldið þjóðerni sínu og myndað sjálfstætt íslenskt ríki, er svo mikils vert, svo stór hugmynd og fögr, að 20-30 danskir dalir ættu að vega létt móti því. Auk þessa er athugandi að þeir, sem fara til Canada eða Wisconsin eða annarstaðar í ríkin hér, verða alltaf að búast við að fá eigi atvinnu þegar í stað og verða því að vera út búnir með peninga til að lifa við, ef til vill nokkrar vikur fyrst eftir að þeir koma. En á Kadíak þufa þeir eigi að gjalda húsaleigu; húsin standa og bíða þeirra, og það, sem mest er um vert, þeir geta unnið fyrir sér fyrsta daginn sem þeir koma í land, og það ekki með því að gjörast daglaunamenn annara, heldr með því, að taka björgina á sjó eða landi.

Alt um það hefi ég gjört mér alt far um, að reyna að byggja brú yfir þessa torfæru: ferðakostnaðinn. Ég fór því hingað til Washington (höfuðborgar sambandsins) til að reyna að fá aðstoð löggjafarvaldsins til að létta ferðakostnað landa minna til Alaska eða enda flytja þá frítt. Forseti Banda-ríkjanna og ráðherrarnir eru því hlyntir mjög; en þingið hefir verið mjög í önnum með fjölda fyrir liggjandi eldri mála, svo að óvíst er, að þetta mál nái að komast að á þessu þingi; en ef það kemst eigi að í vetr, þá kemr það ásamt fleiri laga-frumvörpum að Alaska lútandi, er ég hefi fram að leggja, fyrir á næsta þingi; og ef mér auðnast að verða hér þá aftr og fylgja málunum (sem nauðsynlegt er hér í landi að gjöra), eða einhver betr hæfr í minn stað, þá er eigi stór efi á, að nokkuð má vinna til léttis í þessu efni.—En vér ættum að byrja þegar í stað, ef unt er, að flytja vestr til Alaska, allir, sem það geta, og sem á annað borð ætla að flytja úr landi. Því ekkert styrkir eins málið á þinginu, eins og það, að geta sýnt þó ekki sé nema lítinn vísi til nýlendu—nokkra menn!

Hinn annmarkinn, sem talinn hefir verið á Alaska, er samgönguleysi við hin ríkin. Þessi viðbára þýðir lítið. Fyrst og fremst er, að verzlunar-skip kaupmanna (er verzla við ina innlendu menn) ganga nú svo oft milli Kadíak og San Francisco, að Kadíak hefir nú eins miklar samgöngur við heiminn, og Reykjavík hefir. Í öðru lagi gengr gufuskíp frá San Francieco til Sitka í Alaska 30. hvern dag árið í kring, og mundi það verða látið ganga til Kadíak þegar, er þar kemr bygd hvíttra manna. Auk þess ber oss að minnst þess, að í Alaska er efniviðr nógr í skipin og nægr eldiviðr, svo efnið kostar ekkert; það er ekki nema verkið að byggja þau; og mundum vér þar skjótt hafa vorn eigin skipa-stól og reka sjálfir verzlun vora.

Um verzlun á Kadíak nú er það eitt að segja, að þar eru þrjár sölubúðir; má fá þar allar nauðsynjar víð líku verði og í San Francisco. Ég hefi lagt svo undir við eigendr einnar af þeim verzlunum, að þeir flytji salt til Kadíak eftir þörfum og taki fisk í verzlun sína.

Ég þykist nú hér með hafa getið kosta og ókosta allra, svo sem mér er ljósast unt. Menn geta nú metið þá og vegið.

En vér ættum að minnast þess ávalt, að vér vinnum eigi oss að eins, heldr framtíðinni og niðjum vorum:

"Nos numerus sumus, et fruges consumere nati."

Mér virðist það samboðið ódauðlegri veru og konungi skepnunnar, sem manneskjan er, að skygnast svo langt fram í framtíðina, sem eðli vort og skynsemi leyfir.—Það er kunnugt, að Kyrra-Hafs verzlunin við Japan og Síland er einhver in ábatamesta í heimi. Það er og víst, að sá andi sem lifði í Íslendingum, þegar Noregs-konungr sagði um ofrhugana, er sigldu svo djarflega í ófæru veðri: að þar sigldu annað hvort vitlausir menn eða Íslendingar,—sá sami hugrekki og garps andi lifir enn.<sup>[23]</sup> Og þá er slík sjómensku-þjóð sem Íslendingar festu fót í landi, þar sem timbr kostar ekki annað, en að smíða úr því, þá mundu þeir skjótt gerast siglinga-menn og farmenn eins og frændr þeirra í Noregi. Noregr á nú þriðja stærstan skipastól í heimi. Og Íslendingar, svo vel lagaðir til sjómensku, í landi þar sem alt, er til skipasmíða heyrir, liggja við fœtr mans, í landi, sem liggja betr, en nokkurt annað við inni arðsömustu verzlun í heimi, í landi, sem einmitt mundi eiga ágætasta markað fyrir alla vöru sína í Japan og Sílandi—þeir mundu, segi ég, þar sem svo á stendr, skjótt verða ein in frægasta siglingaþjóð heimsins, og að líkindum með tímanum ná undir sig allri Kyrra-Hafs verzluninni; þetta væri næg atvinna hundruðum þúsunda, nei, miljónum manna;—og íslenzkt þjóðerni á það, ef til vill, ólifað enn, að bera ægishjálms yfir meginþjóðir þessa heims. Það er djarfr og fallegr draumur, þetta! En **það er komið undir vestrforum Íslands sjálfum, hvort þessi draumur á að rætast eða eigi!**

Það hlæja ugglaut mörg fífl að þessu; en heilagir spádómar, vísindi, trú, kristindómur, já, alt, sem fagrt og satt var í veröldinni, hefir sætt þeim forlögum, og lifir þó enn! Ég held það hafi aldrei neinn stór sannleikr í heimi þessum verið hleginn í hel!

---

[1] Eigi má blanda þessum flóa við Chugāchik-fjörð (Ch. Bay). Sjá síðar.

[2] *Fur-seal* heitir sú tegund á ensku, en "sæ-kettir" eftir rússnesku máli; þeir hafa hár mjúkt sem þel, og er skinnið dýrmætt.

[3] Þá er ég kom til San Francisco frá Alaska í nóvember, voru fundnir gullnámar all-álitlegir skamt frá Sitka (fundust í október).—J. Ól.

[4] "*Carbonate*" er samsetningr er myndast, er "*carbonic acid*" sameinast einhverju öðru grundvallar-efni (*base*).

[5] Müller's Voyages from Asia to America, p. 45; cfr. Speech of Hon. Chas. Sumner on cession of R. Amer. to U.S., page 4.

[6] Sjálfr reit hann nafn sitt "Voit Bering" (sjá ritlíki af nafni hans í Æfisögum rússneskra aðmírála). Beering og Behring eru afbakanir. Bæringr er in upprunalega norrœna mynd nafnsins.



[7] "Narrative of the voyage of H.M.S. Herald, 1845-51." By Dr. Berthold Seemann, London, 1853.

[8] Report of Dr. Kellogg, Botanist to the U.S. Coast Survey Exploring Party. Ho. Ex. Doc. 177, XL. Congress, II. Session, p. 218.

[9] Cfr. Report of Prof. Lorin Blodgett in the Report of House Committee on Foreign Affairs, XL. Congress, II. Session, p. 36 & seqq.

[10] Lisiansky: Voyage round the World in the ship Neva. By Urey Lisiansky, Captain, Russian Navy. London, 1814.

[11] Ugglaustr einna menta-rikast allra ríkja í Vestrheimi, og ættríki fjölda af inum mestu ágætismönnum Vestrálfunnar.—J. Ól.

[12] "Og ágætismenn" mætti við bæta. Þetta er bókstaflega svo.—J. Ól.

[13] Sbr. bók Hartwigs um heimskauta-löndin, á 14. bls. í inni ensku útgáfu. Bókin er og gefin út á dönsku.

[14] Garmarnir eru frá gull-landinu.

[15] Skýrslu um þessa ferð á ensku og íslenzku til forseta Banda-ríkjanna samdi ég í New York 15. desbr. 1874 og færði hana sjálf forseta Banda-ríkjanna Hans Tign U.S. Grant, 19. desbr. s.á.í. Washington. Íð enska frumrit hennar lét innanríkis-ráðherrann prenta að boði forsetans: "Report of the **Icelandic** Committee from Wisconsin on the Character and Resources of **Alaska**. Washington. Government Printing Office. 1875." (Einnig prentað í "N.Y. Herald," 21. des. 1874.)—J.Ól.

[16] Íð annað félag, sem hefir verzlun á eyjunni, er "Sherpser & Co."; þeim er illa við alla nýlendustofnun, óttast þeir að innlendir menn verði þá mentir og eigi eins auð-rúnir gemlingar.—"Alaska Commercial Co." hefir sýnt sig vingjarnlegt og velviljað og eins ís-félagið. J.Ól.

[17] Grjót á Kadiak er mestmegnis metamorfískt, trachýtskt og chlorítskt töflugrjót með æðum af kvarzi. *Tertiary* sandsteinn eðr móberg með steingjörvingum í fínst og. J.Ól.

[18] Uppruni orðsins bendir á þetta; af "heima" kemr "heimskr" og "heima-alingr," þ.e.: sá, er fátt hefir séð.

[19] Sbr. "Om Friheden. Med Hensyn til danske Forhold" í "Nyt dansk Maanedsskrift" 2. árg. (fyrirsögnin eftir minni).

[20] Gefr honum "**mentem sanam in corpore sano.**"

[21] "Montani semper liberi" = Jafnar eru fjallbúar frjálsir. Orðtak. (Haft í skjaldmerki Vestr-Virginíu).

[22]

"Nescio qua natale solum

dulcedine cunctos

trahit et immemores

non sinit esse sui."

[23] Það var á þessari öld að Svarti-Pétr (próf. við hásk. í Höfn) sagði, er hann sá ofrhuga leika sér á skautum á Eyrarsundi utar, en alla aðra, þar sem ísinn var svo veikr, að díjaði undan: "Det er enten én fra gale-anstalten, eller en islandsk regentsianer" (þ.e.: "það er annað hvort einhver af vitlausra-spítalanum, eða íslenzkr stúdent!")



# VIÐAUKI

Nokkrar myndir  
og fáein brot úr ævi  
Jóns Ólafssonar ritstjóra

# Jón Ólafsson

F. á Kolfreyjustað 20. mars 1850, d. 11. júlí 1916. For.: Ólafur Indriðason (f. 15. ágúst 1796, d. 4. mars 1861) prestur þar og 2. k. h. Þorbjörg Jónsdóttir (f. 8. jan. 1830, d. 3. febr. 1910) húsmóðir. Hálfbróðir Páls Ólafssonar alþm. og Ólavíu Ólafsdóttur konu Björns Péturssonar alþm. K. (20. ágúst 1878) Helga Eiríksdóttir (f. 21. jan. 1860, d. 17. febr. 1925) húsmóðir. For.: Eiríkur Björnsson og k. h. Sigríður Pálsdóttir. Börn: Ólafur (1882), Sigríður (1883), Gísli (1888), Páll (1893). Sonur Jóns og Halldóru Guðmundsdóttur: Guðjón (1876). Sonur Jóns og Þóru Þorvarðardóttur: Kristján Austmann (1890).

Sat í Lærða skólanum 1863—1868, tók þar fyrri hluta burtfararprófs 1868.

Blaðamaður og síðar ritstjóri Baldurs í Reykjavík 1868—1870. Dvaldist í Björgvin 1870—1871 og fékkst þar við blaðamennsku. Ritstjóri Göngu-Hrólfis í Reykjavík 1872—1873. Var prentun blaðsins bönnuð og fór hann þá til Vesturheims. Dvaldist þar til 1875 og tók m. a. þátt í landkönnunarför til Alaska. Kom til Íslands aftur 1875 og vann um hríð við skrifstofustörf í Reykjavík. Dvaldist í Kaupmannahöfn 1876—1877. Ritstjóri á Eskifirði 1877—1880, í Kaupmannahöfn 1880—1881. Ritstjóri í Reykjavík 1882—1885. Dvaldist áfram í Reykjavík næstu ár og fékkst við kennslu og ýmis önnur störf. Fór aftur til Vesturheims 1890. Ritstjóri í Winnipeg 1890—1894. Fór þá suður í Bandaríki til Chicago og vann þar fyrst nokkur missiri við blaðamennsku, lengst af við „Norden“, en síðar um stund við bókasafn þar í borg. Kom til Íslands aftur vorið 1897 og dvaldist í Reykjavík til æviloka. Vann áfram að blaðamennsku til ársloka 1913, en rak jafnframt bóka- og pappírsverslun um skeið. Stundakennari við Stýrimannaskólann 1899—1901, við Verslunarskólann 1907—1912. Hafði á hendi spjaldskráningu prentaðra bóka í Landsbókasafni 1900—1913. Vann síðustu árin að samningu íslenskrar orðabókar með styrk úr landssjóði.

Yfirskoðunarmaður landsreikninganna 1885—1887. Í bæjarstjórn Reykjavíkur 1885—1889.

Alþm. S.-Múl. 1880—1885, 1886—1890 og 1908—1913, kgk. alþm. 1905, en sagði svo af sér (Heimastjfl., Sambfl.).

1. varaforseti Nd. 1913. Millipingaforseti Nd. 1912—1913.

Fékkst mikið við ritstörf auk blaðamennskunnar, samdi kennslubækur, orti ljóð og fékkst við þýðingar.

Ritstjóri: Baldur (1870). Smávegis (1872). Göngu—Hrólfir (1872—1873). Skuld (1877—1883). Þjóðólfur (1883—1885 og 1911). Iðunn (1884—1889). Íslenski Good-Templar (1886—1889). Íslenskt vikublað (1887). Lögberg (1891—1892). Öldin (1891—1892). Heimskringla (1892—1894). Öldin (1893). Skírnir (1896—1902). Nýja öldin (1897—1900). Sunnanfari (1898). Reykjavík (1903—1907 og 1909). Dagblaðið (1906—1907). Iðunn (1915—1916).

Af Íslandssöguvefnum:



## The Icelandic Emigration

### Personalities from the history of Western Icelanders



Jón Ólafsson editor and poet (1850-1916)

Jón Ólafsson, editor and poet, was the half brother of the poet Páll Ólafsson. He was one of Iceland's most colourful journalists. He began his career as a journalist in 1868. Because of his disobedience to the authorities in Iceland, he fled the country by immigrating to North America in 1872. The flow of immigrants to North America had begun and Ólafsson showed great interest in immigration. He thought that Icelanders should settle in Alaska. He tried to gain support for his idea within the United States government, and even met with President Grant. The U.S. government was interested in the subject since it had just made a highly criticised purchase of Alaska. The government was eager to find a use for the new territory. However, nothing came of Jón's efforts and he returned to Iceland in 1875. He later returned to North America and became the editor of "*Lögberg*" and later "*Heimskringla*." Without a doubt, Jón was partly responsible for the fierce rivalry between the two papers. The editors were at their lowest when they accused each other of causing the death of the poet Gestur Pálsson, who had been the editor of "*Heimskringla*" in 1890-91. Gestur certainly disliked the feuding and didn't prosper in Winnipeg. He was about to return to Iceland when he fell ill and died. In 1893, Jón first published his monthly journal, "*Öldin*". It was a fine cultural journal which published selected fiction, educational material and cultural discussions. Stephan G. published many poems in "*Öldin*". Jón returned to Iceland and, among other things, sat in parliament for a time. Jón was a fine poet and would have liked to have devoted more time cultivating this talent. However, he was a man of action and had little time to spend on poetry. He took part in literary debates and was a merciless critic, to say the least.

getum því virt menn, hverri skoðun, sem menn fylgja, þegar þeir gjöra það af sannfæringu, en fyrirlið hina, hverri skoðun, sem þeir fylgja, sem gjöra það augljóslega af óhreinum hvötum; þá skulum vjer einu nafni kalla «danska Íslendinga», því vjer höfum ástæðu til að hata þá, eins og þeir væru danskir; en Dani höfum vjer ástæðu til að hata fyrir það, að þeir gjöra oss allt til mótgangs, og svifast eigi, til að koma því fram, að óvirða enda konunginn. Vjer höfum sjeð það, þegar konungurinn vildi vel við oss gjöra, hversu Danir tóku fram fyrir hendur honum og ómerktu orð hans.

Um kvæðið, sem á eptir fer, skal jeg fátt tala. Það ber með sjer, við hvert tækifæri það sje kvæðið, og mun því flestum auðskilið. Vjer höfum sett lagið við það á nótur, þar eð það er bæði fagurt og frægt, svo að menn gætu numið það. — Um leið notum vjer tækifærið til, að benda mönnum á, að prentsmiðjan hjer hefir í sumar, er leið, fengið nýjar og góðar nótur og sjá allir, hve vel hún getur gjört úr gærði það, er með þeim er prentað, eins og allt annað. Vjer vonum því, að þær verði ekki láttnar rið-festa af nýtingarleysi, fyrst þær eru komnar, og það svo fullkomnar og vel um vandaðar, sem þær eru.


### ÍSLENDINGA-BRAGUR,

orktur sumarið 1869, þá er stjórnbótarmáls-frumvörpin lágu fyrir alþingi.


Maestoso (háttíðlega).

Lag sem við Massillu-brag [La Marsellaise].


Joseph Rouget de l'Isle.



1. Vak-ið, vak-ið! Verk-a til kveð - ur Vá-leg yð-ur nú skelf-ing-a - tíð! Vakn-ið ó-deig-um ým-is-hug



með-ur: Á-nauð bú-in er frjáls-born-um lýð, *ff* Á-nauð bú-in er frjáls-born-um lýð! *mf* Þjóðin hin




arm-a, hin ham-ingj-u - horn-a Heillum og frels-i vill stel-a oss frá *P*Og nið-ing-s-vald-i hyggst oss



hrjá, Hyggur okk-ur til þrælk-un-ar born-a. *f* Án vopn-a við-nám enn Þó veit - um, frjálsir



menn! Og rist-um Dön-um napr-ast nið, Sem nokk-ur þekki-i tíð! *ff* Og rist-um Dön-um napr-ast



nið, Sem nokk-ur þekki-i tíð!

2. En þeir sólar, sem frelsi vort svíktja  
og flýja' í líð með niðinga-fans,  
sem af útlendum upphesð sjer snúktja,  
:|: eru svívirða' og pest fódurlands! :|:  
Bölf þeim ottjörð á deyjanda degi,  
daprasta formæling gli þeim strá,  
en brimrót, fossar, fjöllin há  
veitti frið stundar-langan þeim eigi;  
frjáls því að Íslands þjóð  
hún þekkir heims um slóð  
:|: ei djöfuflegra, dáðlaust þing<sup>1</sup>,  
en danskan Íslending! :|:

3. Líta hljótum vjer lægra í haldi,  
lýtur gott mál, því ofbeldi' er rammt! .  
En þótt lítum vjer lýðanna valdi,  
:|: lítum að eins nauðugir samt! :|:  
Frelsisins sjálfir ei flettum oss klæðum,  
frjálsir vjer samþykkjum aldregi rangi!  
því víst oss hefnt þess verður strangt!  
von um uppreisn<sup>2</sup> oss heitt brenni' í æðum!  
Það þussa-þjóð er geymt,  
sem þeygi oss er gleymt!  
:|: Því ristum Dönnum naprast nið,  
sem nokkur þekki tíð! :|:

Jón Ólafsson.

1) \*þing, = hlutur. Höf.

2) "uppreisn", = víðreisn (o: mála verra). Höf.





**Jón Ólafsson annar frá vinstri í fremstu röð.**

**1867-68 í Lærða skólanum.**









Jón í einkennisbúningi bandaríska flotans.



Höfundur Íslendingabragi.





**Fjölskyldumynd.**

**Fremri röð: Hatty kona Ólafs tannlæknis. Helga Eiríksdóttir kona Jóns. Jón Ólafsson með Hákon (síðar skógræktarstjóra) dótturson sinn í fanginu. Sigríður dóttir Jóns, kona Ágústar.**

**Aftari röð: Páll (tannlæknir), Ólafur (tannlæknir) og Gísli (landsímastjóri) synir Jóns, og Ágúst H. Bjarnason prófessor, tengdasonur Jóns..**






Ferðalagið þvert yfir Bandaríkin.





Siglingin norður til Alaska



Takið eftir íslensku nöfnunum.





**Bandaríska herskipið Portsmouth sem flutti Jón Ólafsson og félagar til Alaska haustið 1874.**

# The Evening Post.

New York, Tuesday, December 22, 1874.

## NOTICE TO SUBSCRIBERS.

Postage will be paid by the publishers on all Editions of the EVENING POST sent to Subscribers, under the new law to take effect on the 1st of January, 1875.

## ALASKA AND THE ICELANDERS.

Whatever may be thought of the project—alluded to in the report of the Secretary of the Navy—of colonizing Alaska with Icelanders, the composition of the committee of investigation sent to the Pacific coast by the Icelandic settlers in Wisconsin may be considered a matter of no little interest. Its members were Mr. Jón Olafsson, Mr. Olaf Olafsson and Mr. Björnson. The first-named is a young Icelandic publicist, who, although only twenty-three years of age, conducted for two or three years, in his native country, two radical political journals entitled *Baldur* and *Göngu-Hrolfr*. He enjoys also a certain reputation as a writer of verse. On his way to San Francisco he sent back to his eastern friends an Icelandic poem styled "On the Sierra Nevada," in which the epithets and figures used by the ancient Skalds in their allusions to the ice-covered mountains of Iceland are, probably for the first time, applied to an American range. The second member of the committee is a simple mechanic who has managed to acquire, in the midst of his daily toil, an intimate acquaintance with a large number of languages, and whose attainments are of a more than those of the veteran Elhib years ago earned the learned blacksmith." a specimen of a countryman, by no means a remote glaciologist, who in their humble learning which is travellers. Mr. Björnson, is a farmer; one, Bændur which has strag generations with the rugged born soil of Iceland, and the colonization of the independent spirit which used to animate the frontier.

The reason for selecting other extreme northern the seat of the Icelandic simply in the fact of the summer season. In the

to the superior explained by in the report

"We will cure fish better And I, Jon Olaf Olafsson, who has and Norwegian the Norwegian Icelandic fish in Iceland all packing salmon"

The report mentions of for Icelanders is as follows:

"We therefore those of our emigrate that we do this after liberation, in their advantage, respect well and completely all our

The committee in their opinion adapted, or settle and expect hope that that lies in it of their territory. Iceland will and we shall hear, before the establishment in the allowed, in committee is of the first crease of nu The Icelandic

The Army and Navy Journal  
5. september 1874

WHEN we bought Alaska, few people supposed we could ever use it for any purpose but to supply us with ice and furs. Cold, though, is relative, relative rather than absolute; and now it seems the Icelanders are proposing to themselves a settlement there. They find the summers of even the northwestern States too hot for them; and say that their choice lies between our Russian purchase and Canada. Emigration from Iceland began last year; and it is understood that the Icelanders generally desire to quit their island. Some four or five hundred have already reached Canada and the United States. Forty or fifty in Wisconsin have just addressed a petition to the President, asking the Government's co-operation in exploring a portion of the coast of Alaska, with a view to colonization. They suggest as advantages to arise from the establishment of an Icelandic colony there: 1. That Alaska is too far north and too cold to attract any but their country-

NEW YORK HERALD,  
MONDAY, DECEMBER 21,  
1874.—WITH SUPPLEMENT.

## ALASKAN IMMIGRATION.

Our New Territory the Future Home  
of Icelandic Settlers.

Favorable Report of the Commission of  
Their Countrymen Sent to Ex-  
amine the Country.

The Commissioners who were deputed by the Icelandic settlers in Wisconsin to visit Alaska and report on its qualifications as a home for such of their countrymen who may choose to migrate thither, have completed their examination of the Territory, and have sent the following communication to the President of the United States. They are delighted with Alaska in every respect, and strongly recommend it as the land intended by Providence for the Icelanders who desire to leave their native island and seek for fortune under the folds of the American flag:—

### REPORT OF THE COMMISSIONERS.


To His Excellency ULYSSES S. GRANT, President of the United States:—

Sir—The committee of Icelanders who were deputed by the Icelanders of Wisconsin to examine Alaska, with a view to a settlement therein, beg to submit to Your Excellency the following report:—

We first of all would thank Your Excellency with all our hearts for the kindness you have shown the Icelanders in granting their request that they might be afforded facilities by your government for making this examination. We offer you thanks in behalf of all the country-

men to go. Icelanders will not find it difficult to find a spot where the snowed its banks, and there is formed in the low places, had dried up, and heaps of mud, so that it was half up to the ship's stern. Several of the ship's crew were boxing in the middle of the middle of March. A Russian some twenty years told us that once he had in Alaska some garden vegetables had been sown here; but he had not sown anything else. He said south there was a settlement (where rye was raised, and on shore the thermometer





**Jón Ólafsson,  
ritstjóri og Alaskafari  
HANN VAR ÆVINTÝRAMAÐUR!**

Gils Guðmundsson

Óhætt er að segja að lífsferill Jóns Ólafssonar ritstjóra hafi verið lítrikur og að hann beri nafngiftina „ævintýramaður“ með sanni. Aðeins átján ára er hann orðinn ritstjóri dægurábláðsins Baldurs og lendir í hatrómmum ritdeilum við ýmsa meistararni í Reykjavík á seinni hluta nítjándu aldar.

Jón Ólafsson olli miklu uppnámi þegar hann orti hið magnaða kvæði sitt, Íslendingabrag, sem vakti jafnt ofboð og hneykslun sem aðaun og virðingu. Útkoma Baldurs var stóðvuoð og Jón sakaður um drottinsvik og neyddist um tíma til að fylla land til Noregs.

Af lípurð og smekkvísi rekur Gils Guðmundsson síðan hinn ótrúlega feril þessa lífsglæða athafnamanns og segir frá dvöl Jóns í bandaríska sjóhernum þar sem hann stjórnaðar kunnunarleiðangri til Alaska, aðeins 24ja ára, og baráttu hans fyrir því að þar yrði sett á fót nýlenda Íslendinga. Gils fylgir síðan Jóni sem þingmanni inn á löggjafarsamkunduna en þar sat hann ekki frekar en annars staðar á friðarstóli og sagði þrisvar af sér þingmennsku. Margir telja þó að Jón hafi lagt þung lóð á vogarskálarnar í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga bæði sem þingmaður og ritstjóri.

Þetta er athyglisverð frásögn frá lítrikum tíma í sögu landsins og vönduð frásögn af lífi þess manns sem gæstaði af í íslensku þjóðlífi og kallaður hefur verið einn snjallasti blaðamaður Íslenskur, fyrr og síðar.

**Vaka Helgafell**

**SR**  
Sagnfræðirannsóknir

**Hjörtur Pálsson**  
**ALASKAFÖR**  
**JÓNS ÓLAFSSONAR**  
**1874**

USS Portsmouth

**Sagnfræðirannsóknir — Studia historica**  
er ritróð, sem kleypt af stökunum árið 1972. Að ritróðinni stendur Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, en Bókafélag Menningarssjóðs annast útgáfu og dreifingu. Í ritróð þessari birtast prófrítgerðir frá Háskóla Íslands, sagnfræðirannsóknir, sem unnið hefur verið að á vegum Sagnfræðistofnunar, svo og aðrar sagnfræðiritgerðir, sem sérstök ástæða þykir til að birta.

Þegar Jón Ólafsson ritstjóri (1850–1916) leit um öxl á efri árum, kallaði hann láeina þetti um æskuár sín „Úr endurminningum ævintýramanns“.

Sumarið 1873 flýði hann land í annað sinn vegna blaðaskrifa um stjórnmálaástandið og dönsku umboðsstjórnina.

Leiðin lá til Ameríku, enda voru Vesturheimsferðirnar að hefjast um þær mundir.

Í þessu riti lýsir Hjörtur Pálsson cand. mag. Ameríkuðvöl og helztu viðfangsefnum Jóns Ólafssonar 1873–75 og leitar fanga í óbirtum bréfum og fleiri samtímaheimildum.

Tuttugu og fjögurra ára gamall gerðist þessi landflóta fullhugi einn af leiðtogum Íslendinga í Vesturheimi og vildi, að þeir stofnuðu nýtt og völdugt ríki í Alaska, og taldi maklegt á stjórn Dana, að Ísland yrði lagt í eyði. Hver átti hugmyndina?

Hvernig leizt Íslendingum á fyrirtælanir Jóns?

Hvert var álit þeirra á landnámi vestra á öndverðu tímabili vesturferðanna?

Hvernig stóð á flokkadráttum meðal fyrstu vesturfaranna?

Hvernig var aðdraganda og undirbúningi Alaskafararinnar háttað?

Hverjir studdu Jón? Átti hann andstaðinga?

Hvers vegna var hann skræður í bandaríska sjóherinn og sendur á herskipi til Alaska ásamt félögum sínum haustið 1874?

Hvernig komst hann í kynni við Grant Bandaríkjaforseta, og hvernig fór á með þeim?

Hvað vildi Jón, að Bandaríkjaþing gerði fyrir Íslendinga?

Hvers vegna brást honum stuðningur þingsins?

Hvernig kummi hann við sig í völundarhúsi stjórnmálaáráttunnar í Washington?

Hvað olli skyndilegum endalokum Alaskamálsins?

Þessum spurningum og mörgum öðrum er reynt að svara í ritinu, sem bregður í senn upp lífandi mynd af Jóni Ólafssyni og fyrstu árum Ameríkuferðanna.

Það sem hér er á blaði afritaði barnabarnabarn Jóns Ólafssonar í þetta skjal í tilefni þess að 20. mars 2010 eru 160 ár liðin frá fæðingu Jóns.

Blaðsíðunúmer í efnisyfirliti eiga við um blaðsíður í gömlu bókinni.

Þegar tölvuforrit (OCR - Optical Character Recognition) er notað til að lesa prentaðan texta er ávallt hætt á að forritið mislesi staf. Þannig gætu verið villur í þessum texta sem ekki voru í frumtextanum. Sjá project Gutenberg hér: <http://www.gutenberg.org/etext/15178>.

Tilgangurinn með þessari samantekt er sá einn að halda þessu til haga fyrir afkomendur Jóns og aðra sem kunna að hafa áhuga á.

Myndir voru fengnar að láni úr bókunum tveim sem myndir eru af hér fyrir framan.

Útgáfa 1, 20. Mars 2010).

Ágúst H. Bjarnason, verkfræðingur.